


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




**Geðgóðir kiðlingar**
*Rokkhljómsveit skipuð fólki sem hefur átt við geðsjúkdóma að stríða.*
allt 5




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Þriðjudagur
29. mars 2011
73. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000




**Konur vaktar af blundi**
*Erla H. Halldórsdóttir fjallar um menntun kvenna á 19. öld.*
tímamót 18

**Hrikalegur á skjánum**
*Baldur Borgþórsson einkaþjálfari vekur eftirtekt fyrir hlutverk sitt í Pressunni.*
fólk 30



**1-0 fyrir KR**
*KR vann fyrsta bardagann gegn Keflavík í undanúrslitum Iceland Express deildar karla.*
sport 26

**veðrið í dag**




**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag ríkja fremur hægar SA- og A-áttir. Búast má við úrkomu allra austast. Einnig eru horfur á súld SV-til í morgunsárið en úrkomulítið er líður á daginn. Hlýjast allra syðst.
VEÐUR 4

# Sækja milljarða í sjóði OR og hækka verðskrá um 8%

**Gripið verður til margvíslegra aðgerða til að bregðast við slæmri stöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Milljarða þarf til að bæta lánshæfismat fyrirtækisins. Gjaldskrárhækkun í farvatninu. Ársreikningur kynntur í dag.**

**ORKUVEITAN** Átta til tólf milljarðar verða lagðir inn í rekstur Orkuveitu Reykjavíkur úr sjóðum fyrirtækisins, gjaldskrár verða hækkaðar um átta prósent, farið verður í hagræðingaraðgerðir og eignir verða seldar til að reyna að bjarga fjárhag fyrirtækisins. Þetta er meðal aðgerða sem hafa verið ræddar í stjórn OR, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þetta er gert til að bæta lánshæfismat fyrirtækisins og tryggja endurfjármögnun.

Borgarráð kom saman til aukafundar í gær til að ræða stöðu OR. Fundinum var frestað þar til í dag en þá á að reyna að ná sátt um aðgerðapakka. Skuldir OR nema um 240 milljörðum króna.

Samkvæmt minnisblaði forstjóra OR kom það stjórn fyrirtækisins í opna skjöldu í upphafi árs þegar Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) sagði OR ekki koma til álita sem lántaki. Bankinn bauð síðan lán á mun verri kjörum en áður. Það hefur sett endurfjármögnun OR í uppnám.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið rætt um að færa átta til tólf milljarða úr sjóði OR inn í reksturinn í áföngum. Fyrirtækið á um 17 milljarða í sjóði sem er tilkominn eftir að OR seldi hlut sinn í Landsvirkjun.

**Aðgerðir Orkuveitunnar**
- 8-12 milljarðar sóttir úr sjóðum
- 7% hækkun gjaldskrár
- Sala eigna
- Hagræðing jafnvel uppsagnir

Þá verður gjaldskrá hækkuð um rúm átta prósent. Það jafngildir rúmlega 10 þúsund króna hækkun á ári á orkuverði fyrir 100 fermetra íbúð. Ef hækkunin gengur eftir mun gjaldskrá hafa hækkað um 40 prósent síðan í október árið 2010.

Gjaldskráin var hækkuð um 30 prósent í nóvember síðastliðnum.

Líklega verður farið í einhvers konar hagræðingaraðgerðir og ekki ólíklegt að gripið verði til uppsagna.

Auk þess hefur verið rætt um að selja eignir fyrirtækisins, svo sem Gagnaveituna og jafnvel sjálfar höfuðstöðvarnar við Bæjarháls.

Ársreikningur OR verður væntanlega kynntur á stjórnarfundi í dag, sem og aðgerðapakki.

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið innti hann svara. - kh, þj



**VERÐANDI FORELDRAR** Ásdís Jenna Ástráðsdóttir og Kevin Buggle eiga von á sínu fyrsta barni í ágúst. Meðganga Ásdísar hefur gengið eftir atvikum vel og hjónin hlakka mikið til að takast á við foreldrahlutverkið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjónin Ásdís Jenna Ástráðsdóttir og Kevin Buggle eiga von á barni:

# Kom öllum virkilega á óvart

**FÓLK** „Við áttuðum okkur á þessu á afmælinu mínu. Við erum mjög spennt,“ segir hin ófríska Ásdís Jenna Ástráðsdóttir, sem er 41 árs. Hún hefur verið lömuð og spastísk frá fæðingu og bundin við hjólastól allt sitt líf.

Ásdís kynntist eiginmanni sínum, Kevin Buggle, fyrir fjórum árum og þau giftu sig á síðasta ári. Læknar höfðu sagt þeim að ólíklegt væri að Ásdís gæti orðið þunguð og því ætluðu þau að leita til staðgöngumóður í Bandaríkjunum til þess að eignast barn. Samkvæmt lögum geta hjónin ekki ættleitt barn, vegna fötlunar Ásdísar.

Læknar höfðu bent hjónunum á hættuna sem því fylgdi ef Ásdís yrði þunguð, en Kevin sprautar hana daglega í magann með blóðþynningarlyfi til þess að koma í veg fyrir að hún fái blóðtappa.

Hjónin hafa nú leitað til Kópavogsbæjar um frekari framfærslu eftir að barnið kemur í heiminn, en alls aðstoða fjórir starfsmenn bæjarins Ásdísi í daglegu lífi hennar. - sv / sjá síðu 4

U-21 árs liðið á siglingu:

# Englendingar lagðir í Preston

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 árs liðið undirstrikaði í gær að það er til alls líklegt á EM í Danmörku næsta sumar.

Þá lögðu strákarnir England, 1-2, í Preston. Ísland lenti undir en kom til baka og vann sanngjarnan sigur.

Arnór Smárason og Hólmar Örn Eyjólfsson skoruðu mörk íslenska liðsins í gær. Nathan Delfouneso, leikmaður Burnley, skoraði mark enska liðsins.

„Það var frábær stemning hjá okkur eftir leikinn enda ekki á hverjum degi sem við vinnum England,“ sagði Alfreð Finnbogason eftir leikinn.

Alfreð var besti maður vallarins í gær: lagði upp fyrra mark Íslands með frábærri sendingu og var óþreytandi við að mata félaga sína á mögnuðum sendingum allan leikinn.

„Þessi sigur hlýtur að fara í sögubækurnar en við erum í raun að endurskrifa söguna í hverjum leik.“ - hbg / nánar á síðu 26










## SPURNING DAGSINS



*Björn Brynjúlfur, er fólk áfram um átakið?*

„Mjög svo. Já er leiðin áfram.“

Björn Brynjúlfur Björnsson er talsmaður Áfram-hópsins, baráttuhóps fólks sem vill samþykkja ný Icesave-lög í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl næstkomandi.

Skjólstæðingur áfangaheimilisins Ekron sakar forstöðumanninn um að hafa brotið á sér:

# Forstöðumaður kærður fyrir kynferðisbrot

**LÖGREGLUMÁL** Forstöðumaður Ekron, samtaka sem annast meðal annars starfsþjálfum og endurhæfingu óvirkra vímuefnaneytenda og öryrkja, hefur verið kærður til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir kynferðisbrot.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst barst kæran fyrr í þessum mánuði. Kona sem var skjólstæðingur samtakanna kærði forstöðumanninn fyrir að hafa haft samfarir við sig. Kvittun um atvikið mun hafa komið upp meðal fólks hjá Ekron sem hvatti konuna til að kæra, sem hún og gerði.

Forstöðumaðurinn vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið þegar eftir því var leitað að öðru leyti en því að hann væri í fríi og málið hjá lögreglu. „Ég er upptekinn,“ sagði hann.

Ekron aðstoðar óvirka alkóhólista, fíkniefnaneytendur, öryrkja og alla þá sem ekki eru á vinnumarkaði, samkvæmt heimasíðu samtakanna. Ekron rekur endurhæfingu og starfsþjálfun að Grensásvegi 16, sem og áfangaheimili að Hólabergi 80 í Breiðholti, þar sem konan var skjólstæðingur. Áfangaheimilið er eingöngu fyrir þá sem eru í starfsþjálfun og endurhæfingu í Ekron.

Ríki og tiltekin sveitarfélög hafa styrkt samtökin undanfarin ár með þjónustusamningum. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu var samningur ráðuneytisins við samtökin síðast framlengdur frá 1. mars síðastliðnum til 31. maí. Þá hafa samtökin verið styrkt af stofnunum og fyrirtækjum. - jss



**ÁFANGAHEIMILI EKRON** Skjólstæðingurinn sem kærði forstöðumanninn dvaldi á áfangaheimili Ekron í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KEYPT Í MATINN** Neytendur létu hækkun á matvöruverði ekki stöðva neysluna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hagkerfið vestra tekur við sér:

## Efnahagslífið enn viðkvæmt

**EFNAHAGSMÁL** Meira líf reyndist í bandarísku efnahagslífi en búist var við í fyrra. Hagvöxtur mældist 3,1 prósent á fjórða ársfjórðungi, sem er 0,3 prósentustigum meira en vænst var, og hagvöxtur á árinu öllu nam 2,9 prósentum.

Aukinn útflutningur, verðhækkanir á matvælum og eldsneyti, að viðbættum meiri vexti í einkaneyslu en reiknað var með, skiluðu þessari niðurstöðu. Bandaríska stórblaðið Washington Post segir erfitt að halda í horfinu á þessu ári þar sem efnahagslífið eigi mikið undir því að heimshagkerfið takið við sér. - jab

SA um kjarasamninga:

## Segja enn langt í saminga

**KJARASAMNINGAR Samtök atvinnulífsins segja að enn sé nokkuð í land með að viðræðum um kjarasamninga ljúki. Ástæðan sé óvissa varðandi aðkomu ríkisstjórnarinnar að málum.**

**Þetta segir Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins í samtali við Fréttablaðið.**

**„Við ætluðum að reyna að hefja lokakafla samningaviðræðna á miðvikudag, en höfum nú frestað því um óákveðinn tíma vegna þess að það eru svo mörg mál sem standa út af borðinu gagnvart ríkisstjórninni.“**

**Vilmundur tiltekur mál líkt og lífeyrismál og málefni sjávarútvegsins. En boltinn sé nú hjá stjórnvöldum.** - þj

# Aðkoma NATO er í samræmi við stefnu

**Utanríkisráðherra segir aðkomu Íslands að yfirtöku NATO á aðgerðum í Líbíu í samræmi við ályktun öryggisráðs SÞ, sem ríkisstjórnin samþykkti. VG setti spurningar við yfirfærslu til NATO, en sjálfstæðismenn segja það tvískinnung.**

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að aðkoma Íslands að ákvörðun NATO um að taka við samræmingu aðgerða í Líbíu sé í fullu samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem ríkisstjórnin hafi veitt formlegt samþykki á sínum tíma.

Forystumenn Vinstri grænna, þar á meðal Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, furðuðu sig á framvindu mála þar sem afstaða Íslands hefði ekki verið rædd í ríkisstjórn eða utanríkismálanefnd.

Steingrímur sagði aðspurður á þingi í gær að Vinstri græn styddu ekki ákvörðun NATO um að taka við stjórn aðgerða.

„Nei, við gerum það ekki enda vorum við ekki spurð.“

Hann bætti við að það eina sem rætt hefði verið í ríkisstjórn væri fyrrnefnd ályktun öryggisráðsins.

„Við töldum hana það skásta sem væri hægt að gera, enda haldi menn sig strangt innan þeirra heimilda sem þar er talað um, flugbann og aðgerðir til að reyna að verja líf óbreyttra borgara.“

Össur segir hins vegar að ákvörðunin í Norður-Atlantshafsráðinu á sunnudag hafi, eins og allar sem þar fari í gegn, verið tekin með þeim hætti að einungis sé kallað eftir mótatkvæðum.

„Við höfum aldrei barist fyrir því að NATO tæki yfir samræmingu á þessum aðgerðum,“ segir Össur. „En við gáfum til kynna í aðdragandanum að ef samstaða myndi nást myndum við ekki standa í vegi fyrir henni.“

Hann bætir því við að í raun geti aðkoma NATO tryggt að ályktun öryggisráðs sé fylgt í þaula.

„Einstök lönd sem höfðu þegar hafið aðgerðir höfðu, að mínu mati, farið út fyrir umboðið sem ályktun öryggisráðsins veitti og þess vegna tel ég að yfirtaka NATO á samræmingu aðgerða tryggi að þær verði algjörlega innan marka öryggisráðsins.“

Í samtali við Fréttablaðið átelur Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi í utanríkismálanefnd, málflutning Vinstri grænna í málinu.

„Það er tvískinnungsháttur að segjast vera á móti hernaðaraðgerðum þegar augljóst er að framfylgni ályktunar öryggisráðsins kallaði meðal annars á árásir á hernaðarskotmörk í Líbíu. Vinstri græn bera ábyrgð á stuðningi Íslands við ákvörðun NATO hvort sem þeim líkar betur eða verr.“

thorgils@frettabladid.is



**NATO TEKUR VIÐ** Utanríkisráðherra segir afstöðu Íslands í yfirtöku NATO á aðgerðum í Líbíu vera í samræmi við fyrri yfirlýsingar. Sjálfstæðismenn segja Vinstri græn sýna tvískinnung í málinu. NORDICPHOTOS/AFP

> Við höfum aldrei barist fyrir því að NATO tæki yfir samræmingu á þessum aðgerðum.
>
> **ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** UTANRÍKISRÁÐHERRA



**ÁSKORUN** Tveir nemendur í Austurbæjarskóla afhentu Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra undirskriftirnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um 8.000 skora á stjórnvöld:

## Vilja stuðning vegna ofbeldis

**SAMFÉLAGSMÁL Um 8.000 manns skora á stjórnvöld að veita börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi tilhlýðilegan stuðning. Undirskriftalistar með áskoruninni voru afhentir Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra í gær.**

**Samtökin Barnaheill – Save the children stóðu fyrir undirskriftasöfnuninni. Í nýlegri könnun samtakanna kom fram að félagslega kerfið í Reykjavík virtist ekki bjóða börnum í þessari stöðu upp á nægileg úrræði.**

**Barnaheill telja að um 2.000 börn verði vitni að heimilisofbeldi á hverju ári.** - bj

### MOSFELLSBÆR

**Karlmaður slasaðist í sundi**

Maður slasaðist á höfði í Lágafellslaug í Mosfellsbæ í gærkvöld. Maðurinn hafði stungið sér til sunds en lent með höfuðið á botni laugarinnar. Sjúkrabíll flutti manninn á slysadeild og að sögn vakthafandi læknis voru áverkar mannsins ekki taldir mjög alvarlegir.

### REYKJAVÍKURBORG

**Vodafone bauð lægst**

Innkaupadeild Reykjavíkur opnaði í gær tilboð sem bárust frá Símanum og Vodafone í farskiptaþjónustu fyrir borgina. Tilboð Vodafone, sem er með núverandi þjónustusamning við borgina, hljóðar upp á 6,3 milljónir króna en lægsta tilboðið af þremur frá Símanum er 6,9 milljónir.






Sjálfstæðisflokkur telur mögulegt að lækka bensínið án þess að skaða ríkissjóð:

# Bensínverð lækki um 28 krónur

**ALÞINGI** Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram frumvarp í gær þar sem lagt er til að verð á eldsneyti lækki um 28 krónur á lítrann. Telur flokkurinn verðlækkunina munu lækka vísitölu neysluverðs um allt að eitt prósent og hafa óveruleg áhrif á ríkissjóð, er kemur fram í tilkynningu frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins.

Í frumvarpi Sjálfstæðisflokks kemur fram að aðgerðin yrði einungis tímabundin, frá 1. apríl til 31. desember.

„Samkvæmt útreikningum FÍB í febrúar 2010 nam eldsneytisreikningur heimilanna vegna fjölskyldubílsins um 275 þúsund krónum á síðasta ári. Þar af voru skattar 136 þúsund krónur,“ segir í tilkynningu frá þingflokknum.

Þingmenn Sjálfstæðisflokks telja bestu leiðina til að meta skammtímaáhrif vera að lækka skatta tímabundið og því er lagt til að sú leið sé farin. Þeir telja að aðgerðin muni hafa óveruleg áhrif á ríkissjóð í ljósi þess að núverandi verðlag hafi valdið samdrætti í sölu að undanförnu.

„[L]ækkun eldsneytisverðs [mun] hafa jákvæð áhrif víða í efnahagslífinu sem vinnur einnig á móti tekjutapi ríkissjóðs,“ segir flokkurinn.

Bensínlítrinn kostar nú um 231 krónu og þar af tekur ríkissjóður 112 krónur. - sv




**BENSÍNVERÐ Í HÆSTU HÆÐUM** Verð á eldsneyti hefur aldrei verið jafn hátt og nú og telur þingflokkur Sjálfstæðisflokks að mögulegt sé að lækka það töluvert. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

# iPad 2

iPad 2 3G+WiFi er kominn í verslanir Nova!



**6.990 kr./18 mán.**

**iPad 2 3G+WiFi 16 GB**

**1 GB fylgir!**

**Staðgreitt: 114.990 kr.**

**7.990 kr./18 mán.**

**iPad 2 3G+WiFi 32 GB**

**1 GB fylgir!**

**Staðgreitt: 129.990 kr.**

DAGUR & STEINI

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

1 GB netnotkun gildir í 30 daga. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.
Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## GENGIÐ 28.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,82 | 115,36 |
| Sterlingspund | 183,37 | 184,27 |
| Evra | 161,24 | 162,14 |
| Dönsk króna | 21,619 | 21,745 |
| Norsk króna | 20,437 | 20,557 |
| Sænsk króna | 17,969 | 18,075 |
| Japanskt jen | 1,4036 | 1,4118 |
| SDR | 181,25 | 182,33 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,0046

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

1.700 fyrirtæki uppfylla skilyrði Beinu brautarinnar, ekki fimm til sjö þúsund eins og talið var:

# Árangurslaust fjárnám algengara

**ALÞINGI** Alls hafa 363 fyrirtæki fengið tilboð frá viðskiptabanka sínum á grundvelli Beinu brautarinnar; samkomulagi stjórnvalda, atvinnulífsins og fjármálafyrirtækja um leiðir til úrvinnslu skuldamála smárra og meðalstórra fyrirtækja. Til meðferðar í bönkunum eru mál 949 fyrirtækja.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, upplýsti þetta á Alþingi í gær og jafnframt að árangurslaust fjárnám í fyrirtækjum hefði aukist síðustu mánuði.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON



EINAR K. GUÐFINNSSON

Einar K. Guðfinnsson Sjálfstæðisflokki spurðist fyrir um málið. Gat hann þess að þegar lagt var upp með Beinu brautina í desember síðastliðnum hafi verið talið að á bilinu fimm til sjö þúsund fyrirtæki gætu nýtt sér úrræðið. Nú bærust fregnir af því að reyndin væri önnur.

Árni Páll sagði þær fregnir réttar. Upplýsingar bentu til að 1.700 fyrirtæki gætu nýtt sér Beinu brautina. Upphaflegu tölurnar hafi verið ágiskun auk þess sem komið hefði í ljós að viðmið Beinu brautarinnar hafi ekki hentað smæstu fyrirtækjunum.

Einar lýsti þungum áhyggjum af stöðu mála og velti fyrir sér hvort horfur væru á að fjöldi fyrirtækja sem ekki fengi úrlausn færi á hausinn með tilheyrandi kostnaði og röskun fyrir atvinnu- og efnahagslífið. Mikilvægt væri að hraða málum og skoða stöðu þeirra fyrirtækja sem útlit væri fyrir að féllu milli skips og bryggju í Beinu brautinni. Smá og meðalstór fyrirtæki væru samfélaginu gríðarlega mikilvæg. Undir það tók Árni Páll. **- bþs**



**VETRARUMFERÐ** Ferðakostnaðarnefnd hefur nú ákveðið svonefnt akstursgjald til ríkisstarfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hálfs árs akstursgjaldi breytt:

## Hækka gjaldið um 5 prósent

**KJARAMÁL** Akstursgjald í aksturssamningum ríkisstarfsmanna hækkar 1. apríl um rúm fimm prósent samkvæmt nýrri ákvörðun ferðakostnaðarnefndar. Gjaldinu var síðast breytt í október síðastliðnum.

Fyrir fyrstu tíu þúsund ekna kílómetra greiðast 104 krónur á hvern kílómetra, 94 krónur fyrir hvern kílómetra milli tíu og tuttugu þúsund kílómetra og 83,5 krónur fyrir akstur umfram 20 þúsund kílómetra.

„Við útreikning á sérstöku gjaldi skal bæta 15 prósenta álagi á almenna gjaldið og við útreikning á torfærugjaldi skal bæta 45 prósenta álagi á almenna gjaldið,“ segir í tilkynningu fjármálaráðuneytisins. **- óká**

**Almennt akstursgjald**

| Vegalengd | okt.10* | mar.11* | Hækkun |
|---|---|---|---|
| >10 þús. km. | 99 | 104 | 5,05% |
| 10-20 þús. km. | 89,1 | 94 | 5,50% |
| < 20 þús. km. | 79,2 | 83,5 | 5,43% |

* Krónur á hvern ekinn kílómetra.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Veggjakrot kært til lögreglu

Orðið „Glæpamenn“ var skrifað stórum stöfum á húsnæði útibús Landsbankans við Hamraborg í Kópavogi um helgina. Málið hefur verið kært til lögreglu.

# Óskabarnið komið undir

**Ásdís Jenna Ástráðsdóttir og eiginmaður hennar, Kevin Buggle, eiga von á barni. Ásdís Jenna er mikið fötluð og er bundin við hjólastól. Þungunin kom hjónunum á óvart en þau eru mjög bjartsýn á framhaldið.**

**FÓLK** Hjónin Ásdís Jenna Ástráðsdóttir og Kevin Buggle eiga von á sínu fyrsta barni í ágúst. Ásdís Jenna er mikið fötluð og hefur verið bundin við hjólastól alla sína ævi. Hún þarf umönnun allan sólarhringinn og skipta fjórir einstaklingar því starfi með sér. Kevin aðstoðar Ásdísi á nóttunni, en þau sjá fram á að þurfa meiri hjálp frá Kópavogsbæ þegar barnið kemur. Kevin mun þá taka sex mánuði í fæðingarorlof.

Parið kynntist á internetinu fyrir nokkrum árum og gifti sig í fyrra. Þau áttu þá ósk heitasta að eignast barn og sögðu í fjölmiðlum á síðasta ári að þau hefðu hugsað sér að leita til staðgöngumóður í Bandaríkjunum. Fötlun Ásdísar gerir það að verkum að þau mega ekki ættleiða börn, samkvæmt íslenskum lögum. Þá höfðu læknar sagt þeim að meðganga yrði erfið vegna hættu á blóðtappa.

Á síðasta afmælisdegi Ásdísar, hinn 10. janúar, komust hjónin þó að því að Ásdís var þunguð. Hún er nú komin 17 vikur á leið.

„Þetta kom öllum mikið á óvart,“ segir Kevin. „Við höfðum ekki útilokað neitt, en við hættum að reyna í einhvern tíma. Svo gerðist þetta bara.“ Ásdís fékk í byrjun meðgöngunar mikla morgunógleði, sem varð svo heiftarleg að hún brákaði í sér rifbein við það að kasta upp. Hún segir að sér líði þó betur eftir því sem lengra líður á meðgönguna.

Kevin þarf að sprauta Ásdísi í magann með blóðþynningarlyfi á hverjum degi til þess að koma í veg fyrir blóðtappa. Þau segja fólk hafa tekið því misvel þegar hjónin opinberuðu fréttirnar.

„Sumir urðu mjög undrandi og brugðust við á neikvæðan hátt,“ segir Kevin. „En fjölskylda okkar og vinir hafa verið mjög jákvæð og styðjandi. Pabbi Ásdísar er sérstaklega spenntur yfir því að verða afi í fjórða sinn.“



**FJÖLSKYLDAN** Ásdís Jenna og Kevin ásamt hundinum Happy. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Barnið á að koma í heiminn í ágúst og verður tekið með keisaraskurði. Samkvæmt öllum niðurstöðum amar ekkert að og hefur meðgangan sem slík gengið vel. Ásdís vildi ekki láta gera litningapróf á barninu, en hún er komin yfir fertugt og þá aukast líkurnar á litningagöllum.

> Sumir urðu mjög undrandi og brugðust við á neikvæðan hátt.
>
> **KEVIN BUGGLE**
> EIGINMAÐUR ÁSDÍSAR JENNU

„Mér fannst það stríða á móti viðhorfum mínum gagnvart fötlun að fara í þetta próf. Svo ég gerði það ekki,“ segir Ásdís.

Hjónin segja lækna vera bjartsýna á framhaldið og eru þau bæði afar spennt yfir foreldrahlutverkinu. Þau eru nú í viðræðum við Kópavogsbæ um aukna aðstoð þegar barnið fæðist.

**sunna@frettabladid.is**


TASKI vélar á kynningarverði



Nýr sölu- og þjónustuaðili á Íslandi

Öflug viðgerða- og varahlutaþjónusta

Sími 510 1200
www.tandur.is

TANDUR - Þegar hreinlæti skiptir máli


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**DUMBUNGUR** Heldur er að hlýna í veðri, einkum sunnantil, en sólin heldur áfram að fela sig. Í dag og næstu daga verður fremur þungbúið víðast hvar en léttir þó heldur til norðan og austanlands á morgun og fimmtudaginn. Vindur verður að mestu skaplegur.



Á MORGUN 5-13 m/s hægast N-til.

FIMMTUDAGUR 8-13 m/s V-til, annars hægviðri.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 15° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 8° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 2° |
| París | 16° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is





**Framtíðarreikningur Íslandsbanka er frábær fermingargjöf**

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur eða frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Hann ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 11-0507

## KJÖRKASSINN



*Er vorið komið?*

| | |
|---|---|
| Já | 64,9% |
| Nei | 35,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætti að lækka opinber gjöld á eldsneyti?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Ekki stendur til að framlengja frest til að sækja um úttekt á séreignarsparnaði sem rennur út á fimmtudag:

# Fjórði hver hefur tekið út lífeyrissparnað

**EFNAHAGSMÁL** Landsmenn hafa nýtt tímabundna heimild til að taka út séreignarsparnað til að taka 54,8 milljarða króna út úr lífeyriskerfinu, samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra. Alls hafa rúmlega 54 þúsund manns nýtt sér þetta úrræði, um fjórðungur fólks á aldrinum 18 til 67 ára.

Stjórnvöld opnuðu tímabundið fyrir þann möguleika að taka út séreignarsparnað til að bregðast við erfiðu efnahagsástandi í kreppunni. Frestur til að sækja um heimild til að taka út lífeyri rennur út um næstu mánaðamót. Þeir sem ætla að nýta sér úrræðið verða að sækja um fyrir föstudag.

Frá því heimilað var að taka út sparnaðinn snemma árs 2009 hefur hver af hinum 54 þúsund landsmönnum sem hafa nýtt sér heimildina tekið út að meðaltali ríflega eina milljón króna hver.

Þegar úrræðið var kynnt árið 2009 var heimilt að taka út allt að milljón. Sú upphæð hækkaði síðar í 2,5 milljónir, og svo aftur í 5 milljónir króna. Sumir hafa því sótt um oftar en einu sinni, alls hafa rúmlega 93 þúsund umsóknir verið samþykktar. **- bj**

**Úttektir á séreignarsparnaði**

Tölur eru í milljörðum króna.




Heimild: Ríkisskattstjóri

Matvælastofnun:

## Fræðslufundur um díoxín

**UMHVERFISMÁL** Matvælastofnun stendur fyrir fræðslufundi um díoxín milli klukkan þrjú og fjögur á morgun.

Á fundinum verður fjallað um það hvernig díoxín myndast og hvernig það berst út í umhverfið, matvæli og fólk. Fundurinn verður haldinn á Stórhöfða 23 í Reykjavík.

Á heimasíðu Matvælastofnunar kemur fram að nýleg greining díoxíns yfir viðmiðunarmörkum í nágrenni Ísafjarðar sýni að slík efni geti myndast og borist í umhverfið og dýraafurðir hér á landi, rétt eins og í nágrannalöndum okkar.

Hægt verður að fylgjast með fræðslufundinum í beinni útsendingu á vef Matvælastofnunar.

Thjodaratkvaedi.is opnaður:

## Fræðsluvefur um Icesave-lög

**ICESAVE Nýr fræðsluvefur, www.thjodaratkvaedi.is, um þjóðaratkvæðagreiðslu Icesave-samninganna var opnaður í gær.**

**Lagastofnun Háskóla Íslands sér um uppsetningu og viðhald síðunnar.**

**Unnið er að því að þýða efni vefsins á ensku og einnig verður sett upp forrit til að túlka textann á táknmáli. Þessum verkefnum verður lokið í síðasta lagi á morgun. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Lagastofnun.**

**Kynningarbæklingi verður dreift inn á hvert heimili dagana 4. og 5. apríl, en kosningin sjálf verður hinn níunda sama mánaðar.** **- sv**

# Plúton hefur fundist í jarðvegi utan ofna

**Ástandið í kjarnorkuverinu í Fukushima verður æ hættulegra. Í gær fundust í fyrsta sinn merki um plúton í jarðvegi utan kjarnaofnanna. Deilur um nýtingu kjarnorku magnast, en víðast hvar er þó haldið áfram uppbyggingu kjarnorku.**

**ORKUMÁL** Ástandið í kjarnorkuverinu í Fukushima verður æ hættulegra. Í gær fundust í fyrsta sinn merki um plúton í jarðvegi utan kjarnaofnanna, sem bendir til þess að alvarleg bráðnun hafi orðið í kjarna eins eða fleiri þeirra.

Magnið er reyndar sagt lítið og enn er vonast til að brátt muni takast að kæla niður ofnkjarnana svo þeir verði viðráðanlegir. Hættuleg geislun hefur enn ekki dreifst að ráði út fyrir nánasta nágrenni ofnanna.

Kjarnorkuslysið í Fukushima í Japan hefur hins vegar blásið nýju lífi í alla andstöðu við nýtingu kjarnorku víða um heim. Á Vesturlöndum og víðar hafa kjarnorkuandstæðingar haldið í mótmælagöngur og krafist þess að stjórnvöld leggi niður öll kjarnorkuver og hætti við áform um frekari uppbyggingu kjarnorkunýtingar.

Stjórnvöld víða um heim hafa einnig brugðist við með ýmsum hætti, jafnvel frestað áformum um frekari uppbyggingu eða hraðað áformum um að leggja niður kjarnorkuver.

Andstaðan hefur verið einna hörðust í Þýskalandi og nú um helgina kostaði það Kristilega demókrata, stjórnarflokk Angelu Merkel kanslara, þingmeirihluta í sambandslandinu Baden-Württemberg, þar sem flokkurinn hefur verið samfleytt við völd í nærri sextíu ár.

Sitt sýnist þó hverjum og margir hafa bent á að kjarnorkan er, þrátt fyrir þau skelfilegu áhrif sem kjarnorkuslys getur haft, samt sá orkugjafi sem einna umhverfisvænstur hlýtur að teljast.

Margir fara einnig ekki ofan af því að kjarnorkuvinnsla geti sömuleiðis verið nánast hættulaus ef rétt er að staðið.

Þannig halda Finnar ótrauðir áfram að reisa nýtt kjarnorkuver í Olkiluoto við strönd Eystrasalts. Reyndar eru það Frakkar sem tóku að sér að reisa kjarnorkuverið, sem sagt er verða það fullkomnasta og öruggasta sem risið hefur.



**KJARNORKUVER Í SMÍÐUM** Í Finnlandi er verið að reisa eitt öruggasta kjarnorkuver heims í bænum Olkiluoto við strönd Eystrasalts. NORDICPHOTOS/AFP




**MÓTMÆLI Í ÞÝSKALANDI** Fyrir utan kanslarahöllina í Berlín hafa hópar mætt til að mótmæla kjarnorku. NORDICPHOTOS/AFP

Veggirnir eru sagðir nógu þykkir til að þola flughrap, tækjabúnaðurinn á að þola finnska vetrarkuldann og eru öryggisráðstafanir byggðar á áratuga reynslu og tækniþróun.

„Við erum með svo mikið af varakerfum að slys á borð við það sem varð í Japan gæti ekki gerst," segir Juoni Silvennoinen, yfirmaður byggingarframkvæmdanna.

gudsteinn@frettabladid.is

## Þakkar Íslendingum samhug og aðstoð

Sendifulltrúi Japans á Íslandi, Katsuhiro Natsume, boðaði í gær íslenska blaðamenn á sinn fund til að þakka fyrir bæði þann samhug sem Íslendingar hefðu sýnt og þá aðstoð sem veitt hefði verið.

Hann sagðist vonast til þess að brátt tækist að ná tökum á ástandinu í kjarnorkuverinu í Fukushima. Til þessa hefur alvarleg geislamengun eingöngu mælst innan veggja kjarnaofnanna. Aukin geislavirkni hefur einnig mælst utan versins, en ekki í því mæli að fólki stafi hætta af.

Natsume sagði 65 Íslendinga búa í Japan, þar af 30 námsmenn. Allir eru þeir óhultir, líka ung kona sem var í Sendai-sýslu þegar hamfarirnar riðu yfir. Hún er nú komin heilu og höldnu heim til Íslands.

Sjálfur sagðist hann þeirrar skoðunar að Japanar ættu að losa sig við kjarnorkuna og taka Íslendinga sér til fyrirmyndar í framtíðinni með því að nýta jarðvarma til orkuvinnslu frekar en að nota kjarnorku.



**KATSUHIRO NATSUME** Vonar að Japanar losi sig við kjarnorkuna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Ofþyngd / Offita**

**Heilsulausn 3** - Hentar einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki

**Hefst 4. apríl**
Tólf vikur, árs eftirlit
**Verð kr. 13.900** m.v. árs skuldbindingu

***Að námskeiðinu standa læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfari, næringarfræðingur íþróttafræðingar og sálfræðingar!***

Skráðu þig núna í síma 560 1010
eða á heilsuborg@heilsuborg.is



HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*

**Viðbótartaska í flugi til USA og 10 kg umfram í Evrópuflugi**

*Premium Icelandair American Express® er betri ferðafélagi. Kynntu þér kostina á **americanexpress.is***




*Kortið sem kemur þér út*

AMERICAN EXPRESS

Fíton/SÍA

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi



HYUNDAI
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.
ix35
NÝR HYUNDAI SPORTJEPPI:
ix35
ix35
Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og ix35 frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma og reynsluaka ix35 og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.
Verð 5.490.000 kr.
Eyðsla í blönduðum akstri 8,2 l/100 km
Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is
Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!
SANTA FE
Þessi vinsæli jeppi er nú fáanlegur í nýrri og endurbættri útgáfu.
Verð 6.690.000 kr.
Eyðsla í blönduðum akstri 7,2 l/100 km
INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hversu mikið mælist atvinnuleysi nú meðal Pólverja hérlendis?
2. Fyrir hversu háa upphæð hyggst íslenska fyrirtækið Northern Lights Energy selja rafjeppa á Norðurlöndunum?
3. Hver stóð í marki íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu gegn Kýpur um liðna helgi?

**SVÖR**

1. Tuttugu prósent. 2. Fyrir 4,5 milljarða króna. 3. Stefán Logi Magnússon.

Stundum er eigið hyggjuvit eina vörnin gegn vá sem leynist á internetinu:

# Almenn skynsemi besta vörnin á Fésbókinni

**UPPLÝSINGATÆKNI** Vírusvarnir mega sín lítils þegar notendur velja sjálfir að virkja forrit með því að smella á hlekki á netinu. Björn Davíðsson, þróunarstjóri hjá vefþjónustunni Snerpu á Ísafirð, segir „almenna skynsemi“ seint verða ofmetna sem forvörn á internetinu.

Fólk sem notar samskiptavefinn Facebook kann að hafa orðið vart við nokkra aukningu á því að jafnvel grandvörustu menn sendi frá sér það sem virðist vera tenglar í vafasamt efni á vefnum. Full ástæða er til að sýna aðgát í þessum efnum, jafnvel þótt einungis virðist vísað á saklaust grín.

Björn segir algengt að fólk þurfi að setja upp kerfisviðbætur til að skoða efni á netinu, svo sem Microsoft Silverlight, Flash eða Shockwave. Mikilvægt sé hins vegar að sýna aðgát þegar fólk er beðið að samþykkja forrit sem það ekki þekkir. „Við köllum þetta trójuhesta, en það eru forrit og forritsbútar sem virðast vera annað en þeir eru,“ segir hann.

Fjölmargar útgáfur eru af slíkum svikabrögðum á netinu, en flestar eiga þær sammerkt að fiskað er eftir upplýsingum úr tölvu notandans, oftar en ekki til þess að senda fleirum óværuna. „Og stundum kemur fyrir að notandinn samþykkir notkunina, jafnvel án þess að kynna sér skilmála sem upp koma. Þar gæti eins staðið að forritið ætli að nýta sér upplýsingar úr tölvu notandans,“ segir Björn, þessi leikur hefur verið leikinn á Facebook, þar sem fólk lætur plata sig gegn loforðinu um að fá að sjá myndir, myndskeið eða brandara. **- óká**



**VÁHLEKKIR** Loforð á Facebook um myndir af óförum stúlkna í vefmyndavél, sætum hvolpum eða hrekkjum geta verið gildrur óprúttinna netþrjóta.








**SIGURÐUR EINARSSON** Tekist er á um milljarðalán Kaupþings til fyrrverandi stjórnarformanns bankans í Héraðsdómi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Milljarðar undir hjá Sigurði Einarssyni

**Tekist er á um lán Kaupþings til fyrrverandi stjórnarformanns og annarra æðstu starfsmanna bankans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Helstu starfsmenn bankans fengu á sjötta tug milljarða króna að láni hjá bankanum.**

**DÓMSMÁL** Tvö mál eru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sem bæði tengjast Sigurði Einarssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Kaupþings og lánveitingum bankans til hans. Í október 2008 hafði Sigurður Einarsson fengið 7,8 milljarða króna að láni hjá Kaupþingi.

Annað málið snýr að lánum sem starfsfólk Kaupþings, þar á meðal Sigurður, fékk til kaupa á hlutabréfum í bankanum. Stjórn Kaupþings aflétti persónulegri ábyrgð starfsmanna á lánunum 25. september 2008, fjórtán dögum áður en bankinn fór í þrot. Á þeim tíma námu heildarlánveitingar til æðstu stjórnenda bankans 64 milljörðum króna. Slitastjórn bankans rifti síðar ákvörðuninni en bauð þeim sem höfðu fengið lánin að endurgreiða stóran hluta þeirra eða semja um uppgjör.

Nokkrir fyrrverandi stjórnendur bankans sem hæst lán fengu neituðu að semja við slitastjórn um endurgreiðslu og fóru mál þeirra fyrir dómstóla. Slitastjórn Kaupþings krefst þess að Sigurður endurgreiði 579 milljónir króna af lánum sínum.

Stjórnarformaðurinn fyrrverandi krafðist frávísunar á málinu á þeirri forsendu að hann sé með lögheimili í Bretlandi. Úrskurðar um hvort hægt verði að flytja málið hér verður felldur 7. apríl næstkomandi. Fjögur sambærileg mál eru á dagskrá Héraðsdóms Reykjavíkur og Héraðsdóms Reykjaness á næstu tveimur mánuðum, þar á meðal gegn Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi bankastjóra í Lúxemborg.

Þá verður fyrirtaka í lánamáli Arion banka gegn Sigurði í dag. Það fjallar um lán til hans til kaupa á hlut í fjárfestingarsjóðnum Kaupþing Capital Partners II Fund, sem hélt utan um fjárfestingar bankans í óskráðum bréfum.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að The S Invest Trust, félag Sigurðar, hafi fengið tíu milljónir punda að láni til kaupa í sjóðnum. Það jafngildir rúmum 1,8 milljörðum króna á núvirði og er jafn há upphæð og Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri bankans, fékk að láni.

**jonab@frettabladid.is**


**Verðtryggð skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150224**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LSS), kt. 580407-1100, hefur birt útgefandalýsingu og grunnlýsingu dagsettar 28. mars 2011 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Útgefandalýsinguna og grunnlýsinguna ásamt þeim gögnum sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 30. mars 2011 er 445.000.000 kr., heildarnafnverð flokksins eftir þá stækkun er þá 24.787.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. febrúar 2009 og í síðasta sinn 15. febrúar 2024. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150224 og ISIN númer IS0000018869.

Reykjavík, 29. mars 2010.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.


Fjórir stóðust ekki hæfnismat Fjármálaeftirlitsins til að sitja í stjórnum fyrirtækja:

# Urðu að standa úr stólum sínum

**VIÐSKIPTI** Einn féll í tvígang í mati Fjármálaeftirlitsins (FME) á hæfi til að sitja í stjórn fjármálafyrirtækja, eignarhaldsfélaga og vátryggingafélaga. Þar á meðal eru stjórnir bankanna. Tólf þurftu að endurtaka matið og ákváðu þrír að endurtaka það ekki.

Þetta kemur fram í umfjöllun FME á niðurstöðum hæfnismatsins. Matið náði til 47 stjórnarmanna og stóðust 35 þeirra fyrstu atrennu. Níu stjórnarmenn sögðu starfi sínu lausu og mættu þeir ekki í matið. Líklegt er talið að þeir þrír sem ekki mættu í endurtekið mat og sá sem féll í tvígang hafi þurft að segja sig úr þeim stjórnum sem þeir áttu sæti í.



**FORSTJÓRI FME** 47 stjórnarmenn fóru í hæfnismat hjá Fjármálaeftirlitinu. Einn fór tvisvar en féll í bæði skiptin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FME stofnaði sérstaka ráðgjafanefnd í janúar í fyrra sem sér um hæfnismatið. Það byggir á ítarlegu viðtali við stjórnarmenn þar sem farið er yfir þekkingu þeirra, skilning á ábyrgð þeirra og hlutverki sem stjórnarmenn, og viðhorf almennt.

Nefndin veitir umsögn um hæfi stjórnarmanna og er hún höfð til hliðsjónar við ákvörðun FME um hæfið. Ekki er um tilmæli að ræða, samkvæmt upplýsingum frá FME.

Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, er formaður nefndarinnar. Hann vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær og vísaði hann á Gunnar Andersen, forstjóra FME: Ekki náðist í Gunnar þegar eftir því var leitað í gær. **- jab**

# Fermingartilboð




# Fyrir ungt fólk á uppleið



## Crown heilsurúm

**30% afsláttur**

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 141.900 | 99.330 |
| 120x200 cm | 164.900 | 114.900 |
| 140x200 cm | 195.900 | 137.130 |



## Chiro Standard

**30% afsláttur**

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 162.900 | 113.900 |
| 120x200 cm | 186.900 | 129.900 |
| 140x200 cm | 220.900 | 154.630 |



## Chiro Deluxe

**30% afsláttur**

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 171.900 | 119.900 |
| 120x200 cm | 199.900 | 139.900 |
| 140x200 cm | 235.900 | 165.130 |




**Ný hönnun**

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma.
Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr fm.
Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi eða 7cm Latex yfirdýnu. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa u.þ.b 25% meira svefnsvæði.
5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

**Þú þarft aldrei að snúa henni** The NeverTurn Mattress

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.



Val um 100% náttúruleg gæðaefni



ConformaFoam eða Latex hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar



Tvíhert háþróað gormakerfi

**30 daga skiptiréttur**

**Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu**

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



**FRAKKINN FLJÚGANDI Í VARSJÁ** Hann kallar sig „Frakkann fljúgandi“, þessi fjöllistamaður sem skemmti áhorfendum á hestadögum í Varsjá í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Tignarlegur og spakur fálki spókaði sig í Leirvogstungu:

# Ungur fálki sást í Mosfellsbæ

**NÁTTÚRA** „Mér fannst þetta mjög sérstakt. Hann var svo tignarlegur og flottur og svo spakur líka að ég varð eiginlega meira en hissa,“ segir Gunnlaugur Örn Valsson, sem rakst á þennan fallega fálka á göngutúr um Leirvogstungu í Mosfellsbæ í fyrradag. Gunnlaugur var úti að ganga með hundinn sinn þegar hann sá fuglinn og segir að hann hafi verið svo gæfur að hann hafi hafi ekki verið nema um tvo til þrjá metra frá Gunnlaugi.

Ævar Petersen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir að þarna sé um ungan fálka að ræða. Algengt sé að þeir komi nálægt byggð.

„Þeir koma jafnvel inn í bæ og eru að elta dúfur og svona,“ segir Ævar. Hann segir að eldri fuglar ferðist hins vegar ekki jafn mikið um og hinir yngri. Þá verpi fuglinn ekki í nágrenni við Reykjavík. **- jhh**



**FÁLKINN** Gunnlaugur Örn Valsson var úti að ganga með hundinn sinn þegar hann kom auga á fálkann. Hann náði þessari myndi af honum. MYND/GUNNLAUGUR ÖRN VALSSON

Fjöldi gistinátta stendur í stað:

# Eyjafjallajökull fældi fólkið frá

**EFNAHAGSMÁL** Hótel, tjaldstæði og aðrir gististaðir seldu svipaðan fjölda af gistinóttum á síðasta ári og árið áður samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands. Alls voru seldar tæplega þrjár milljónir gistinátta á árinu.

Gistinóttum fjölgaði víðast hvar á landinu, en fækkaði lítillega á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Fækkunin var mest á Suðurlandi, og má skýra um tólf prósenta samdrátt með eldgosinu í Eyjafjallajökli. **- bj**

Kvenréttindafélag Íslands:

# Helga Guðrún nýr formaður

**JAFNRÉTTISMÁL Helga Guðrún Jónsdóttir var kosin nýr formaður Kvenréttindafélags Íslands á aðalfundi félagsins í gær. Helga Guðrún sat sem varaformaður og bauð sig einn fram til formanns.**

**Einnig var kosið í framkvæmdastjórn á fundinum en hana skipa átta konur. Varaformaður var kjörin Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, sem áður var ritari félagsins. Úr stjórn vék Margrét K. Sverrisdóttir, sem gegnt hefur embætti formanns félagsins undanfarin þrjú ár, ásamt Margréti Steinarsdóttur og Sólborgu A. Pétursdóttur. Fríða Rós Valdimarsdóttir, Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Margrét Björnsdóttir voru kosnar nýjar í stjórn.**

**Kvenréttindafélagið hefur starfað síðan árið 1907. - sv**

Rússar segja árásirnar á Líbíu ganga lengra en ályktun öryggisráðsins leyfir:

# NATO segist aðeins vernda fólk

**LÍBÍA, AP** „Markmið okkar er að vernda og aðstoða almenna borgara og byggðakjarna sem eiga árásir á hættu,“ sagði kanadíski herforinginn Charles Bouchard, sem þessa dagana er að taka við yfirstjórn hernaðaraðgerða NATO í Líbíu af Bandaríkjamönnum.

Hann sagði það alrangt að markmið árásanna væri að aðstoða uppreisnarmenn í baráttu þeirra gegn hermönnum á vegum stjórnar Múammars Gaddafí.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, hélt því fram að loftárásir NATO væru ekkert annað en alþjóðleg íhlutun í borgarastríðið í Líbíu. Þessar loftárásir gangi miklu lengra en ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna heimilar.

Eftir að loftárásirnar hófust hafa uppreisnarmenn náð á sitt vald aftur öllum þeim borgum í vesturhluta landsins.



**Í UMBOÐI NATO** Charles Bouchard, yfirmaður árásanna, á blaðamannafundi á Ítalíu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Í gær börðust þeir í næsta nágrenni fæðingarstaðar Gaddafís, sem ýmist er nefnd Sirte eða Surt, og stefna í vesturátt. **- gb**

Olíulekinn úr Goðafossi:

# Skaðar fuglalíf við strandstað

**SIGLINGAMÁL Olíulekinn úr Goðafossi ógnar fuglalífi á náttúruverndarsvæðinu Grønningen við Lillesand í Óslóarfirði. Um 50 kílómetrar eru á mili strandstaðar skipsins og Lillesand.**

**Í samtali við Aftenposten, segir Halvard Olsen, starfsmaður í Lillesand, menn vera að ná tökum á lekanum að mestu, en ógnun við fuglalíf á svæðinu sé hins vegar mikið áhyggjuefni. Svæðið sé algengt og stórt varpsvæði sjófugla og talið er að það hafi orðið fyrir einna mestum skaða af lekanum. Ekki verður farið af stað með hreinsun við strendurnar eins og er, en nú stendur varptímabil fuglanna sem hæst.**

**Búið er að hreinsa meira en 100 tonn af olíu úr sjónum eftir strand Goðafoss. - sv**



Ríkissaksóknari ákærir karl á fimmtugsaldri og konu á þrítugsaldri fyrir stórfelld fíkniefnabrot:

# Smyglaði ítrekað eiturlyfjum og sterum

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri og kona á þrítugsaldri hafa verið ákærð fyrir stórfellt fíkniefnabrot, auk fleiri brota.

Manninum er gefið að sök að hafa 19. nóvember 2009 fjármagnað og staðið að innflutningi á 318 grömmum af kókaíni frá Bandaríkjunum til Íslands um Keflavíkurflugvöll. Efnið var ætlað til söludreifingar í ágóðaskyni. Þegar efnið var komið til landsins drýgði maðurinn hluta þess með íblöndunarefni og hafði í vörslu sinni rúm 482 grömm af kókaíni, að hluta til í sölu- og dreifingarskyni, auk 341 gramms af amfetamíni og 0,5 gramma af tóbaksblönduðu kannabisefni.

Konan er ákærð fyrir að hafa verið í vitorði með manninum hvað varðaði vörslu efnanna í sölu- og dreifingarskyni.

Þá er maðurinn ákærður fyrir að hafa árið 2008 staðið að innflutningi á 145 grömmum af kókaíni og miklu magni af sterum. Hann faldi kókaínið og steralyfin í ferðatöskum og sendi með fraktflugi frá Amsterdam til Íslands þar sem tollverðir fundu fíkniefnin og steralyfin við leit.



**KANNABIS** Maðurinn var einnig ákærður fyrir kannabisræktun á Seltjarnarnesi.

Í annað skipti var hann tekinn með stera við komuna frá Hollandi. Þá er hann ákærður um kannabisræktun, ítrekaðan vímuefnaakstur og vörslu fíkniefna. - jss

Slys á bóndabæ í Aðaldal:

# Kindur drápust er gólf brast

**SLYS** Fjórar kindur drápust þegar gólf féll niður í heilu lagi undan níutíu kindum í fjárhúsi á bænum Fagraneskoti í Aðaldal í fyrradag. Þegar gólfið gaf sig féllu ærnar tvo metra niður í taðhús undir fjárhúsinu. Björgunarsveitarmenn hjálpuðu til við að koma fénu upp úr taðhúsinu og inn í tóma hlöðu.

Að sögn Guðmundar Jónssonar bónda er ekki vitað hvers vegna gólfið gaf sig. Timbrið hafi verið orðið þrjátíu ára gamalt og líklegast hafi verið komin fúi í það.

Vetnisbúnaður sem draga á úr eldsneytisnotkun stenst ekki nánari skoðun:

# HBT hætti við eftir mælingar

**BÍLAR** Vetnisbúnaður sem draga átti úr eldsneytisnotkun bifreiða stendur ekki undir væntingum, að því er fram kemur í umfjöllun Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB).

Í frétt á vef Mbl.is um Thor Energy Zolutions var því haldið fram að búnaðurinn gæti dregið úr eldsneytisnotkun bíla og bifhjóla um allt að 30 prósent, auk þess að auka afl og draga úr mengun. Búnaðurinn kostar frá tæpum 70 þúsund krónum og upp í um 130 þúsund.

„Ef þú ætlar að framleiða vetnið um borð í bílnum ertu farinn að brenna eldsneyti sem nemur því vetni sem framleitt er í bílnum þannig að í raun á enginn orkuávinningur sér stað. Eldsneytissparnaður upp á jafnvel 30 prósent er einfaldlega óhugsandi,“ hefur fréttavefur FÍB eftir, Ágústu Loftsdóttur eðlisfræðingi og sérfræðingi hjá Orkustofnun, um hvers konar eldsneyti sem nýta má á bíla.

Íslenska tæknifyrirtækið HB tækniþjónusta (HBT) ætlaði að framleiða vetnisbúnað fyrir stórar dísilrafstöðvar, búnað sem byggir á sömu hugmyndafræði og hjá Thor Energy Zolutions. Jóhann Benediktsson, stjórnarformaður fyrirtækisins, segir þær áætlanir hafa verið slegnar af eftir mælingar. Hann segir þó ekki hafa verið stefnt að meiri árangri en 2 til 5 prósenta minni eldsneytiseyðslu. „En ég vil ekki gera lítið úr því að vel geti verið að búnaðurinn þeirra auki afl vélanna. En þessar sparnaðartölur standast ekki,“ segir hann. - óká



**VÉLARHÚS** Með rafgreiningu þar sem rafgeymir bíls er notaður til að kljúfa vetni úr vatni telja sumir að draga megi úr eyðslu bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/SJÓ


**Hefur þú prófað ZUMBA?**

**Dansaðu þig í form með einföldum sporum og skemmtilegri tónlist!**



**Nýtt námskeið hefst 4. apríl**
Mán og mið kl. 17.30
**Þjálfari:** Sigríður Fanndal
**Verð kr. 13.900,-**

Bjóðum einnig upp á Fjölskyldu-Zumba!
Föstudagar kl. 17.30 – Fjórar vikur
**Þjálfari:** Eva
**Verð kr. 6.950,-** (afsl. ef fleiri en einn úr sömu fjölskyldu)

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is







**FRÉTTAVIÐTAL:** Carl Hamilton formaður Evrópunefndar sænska þingsins

# Hvar viljið þið vera eftir hálfa öld?

**Svíar ákváðu að sækja um Evrópusambandsaðild 1990 á meðan þeir voru að gera EES-samninginn. Carl B. Hamilton var í samninganefnd Svía á sínum tíma og hvetur íslenska þjóð til að líta fram á veginn og ganga í ESB á undan Norðmönnum.**

Carl B. Hamilton er formaður Evrópunefndar sænska þingsins og fullyrðir að staða Íslands yrði mun betri innan en utan ESB. Hann segir EES-samninginn afar vafasaman, hafi fólk áhyggjur af fullveldi þjóða. Innan ESB hafi Svíar, ólíkt Norðmönnum og Íslendingum, getað haft áhrif á gang mála síðan þeir gengu inn 1995.

„Evrópusambandsaðildin er ekki lengur rædd á fullveldisnótum. Það er vel skilgreint hvað eru innanríkisákvarðanir og hvað heyrir til ESB, sérstaklega eftir að Lissabonsáttmálinn var samþykktur. Í prinsippinu þarf þjóð að gefa eftir hluta fullveldisins en getur í staðinn haft áhrif á aðrar þjóðir á öðrum sviðum. Það þýðir fyrir litlar þjóðir eins og Svíþjóð og Ísland að þær geta varið sig.

Þetta er spurning um að standa einn eða með öðrum. Nú eru spennandi tímar því ríkin eru farin að taka ábyrgð hvert á öðru. Grikkir og Írar fá lán til að komast úr sínum vandræðum. Þjóðverjar vilja koma í veg fyrir nýja krísu og það eru svona mál sem færa löndin saman. Fyrir nokkrum árum voru það hryðjuverk, nú þetta."



**CARL B. HAMILTON** Segir allt verða gert til að koma til móts við Íslendinga í samningaviðræðum en segir Svía ekki greina aðild sína í krónum og aurum. Þetta snúist um að vera þátttakandi í samfélagi þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Íslandi verður auðvelduð leiðin

Hamilton segir Ísland afar velkomið í sambandið og að ekki verði gengið gegn hagsmunum landsins, eins og stjórnmálamenn skilgreina þá.

„Margir á Íslandi halda að það séu einhvers konar átök milli ESB og umsóknarríkisins. En við bjóðum Ísland velkomið og viljum að það gangi í ESB. Þar eru 27 ríki núna, sem hafa öll haft sínar áherslur og samið um þær og það hafa alltaf verið lausnir. Eins verður fyrir Íslendinga.

Fyrst Ísland hefur skilgreint fisk sem grundvallarhagsmuni verða auðvitað gerðar breytingar til að gera Íslandi kleift að ganga í sambandið. Þeir sem koma að borðinu ESB-megin eru reyndir stjórnmálamenn og vilja auðvitað ná samningi.

Af hverju vill ESB fá Ísland í sínar raðir? Vegna þess að það er Evrópuland með evrópsk gildi. Lýðræðisríki sem getur lagt eitthvað af mörkum. Til dæmis betri fiskveiðistefnu og sjálfbærari. Þjóð sem lítur til norðurslóða.

Þetta eru því ekki átakaviðræður. Við gerum eins mikið og við getum til að auðvelda Íslandi að slást í hópinn. Sumir virðast halda að það sé verið að reyna að kreista eitthvað út úr Íslandi en svo er alls ekki."

### Ekki bara spurning um peninga

Hamilton vill líta til fleiri áhrifaþátta í samstarfi Evrópuþjóða en beinharðra peningahagsmuna. Ástæða þess að Svíar borga næstum tvöfalt meira til Brussel en þeir þiggja úr sjóðum sambandsins sé einföld. Svíar séu með lítinn og skilvirkan landbúnaðargeira sem þarf þar af leiðandi ekki á greiðslum til landbúnaðar að halda né til að bæta upp misvægi milli landsvæða.

„En þetta er ekki spurning um peningalega debet-kredit greiningu. Ef þú lítur til framtíðar og spyrð þig, hvar viltu að þjóðin verði eftir tíu til fimmtíu ár. Viltu að hún verði á meðal vina eða ein úti í Atlantshafi milli Bandaríkja og Evrópu en tilheyra hvorugu? Það er betra bæði fyrir Ísland og ESB að Ísland sé í ESB-fjölskyldunni frekar en að vera svona eitt og yfirgefið af Bandaríkjunum.

Á meðan á samningum stendur er auðvitað einblínt á hagsmuni eins og landbúnað en til langs tíma er þetta spurning um hvort Ísland eigi heima meðal Norðurlandanna eða ekki.

Ég held að það hafi ekki komið fram að nú er hægt að fá miklu betri samning heldur en eftir að Noregur gengur inn. Þið þurfið ekki að taka við norskri lausn í sjávarútvegi því þið eruð þið.

Við getum klæðskerasaumað lausn fyrir Ísland sem myndi ekki endilega henta Noregi. Það er betra að koma á undan og svo þurfa Norðmenn, vilji þeir ganga inn, að ganga inn á forsendum sem Ísland hefur mótað. Þá verður Ísland inni, með neitunarvald á samningaviðræður við Noreg. Þetta er því tækifæri og þegar þið eruð búin að ákveða að það sé gott að Ísland verði aðili eftir hálfa öld, þá skulið þið ganga inn strax og hafa áhrif á gang mála þangað til."

### Ísland og Noregur misstu fullveldi

Þegar Svíar stóðu í samningaviðræðum vegna Evrópska efnahagssvæðisins sóttu þeir um fulla aðild að ESB. Hamilton segir ástæðu þessa þá að Svíar hafi ekki sætt sig við annað en að vera að öllu leyti aðilar að ákvörðunum um viðskipti og önnur málefni.

„EES veitir aðgang að markaðnum og Schengen veitir frjálsa för en þú hefur ekkert að segja í samstarfinu. Ísland og Noregur hafa í raun misst fullveldi sitt. Ef fólk hefur áhyggjur af fullveldi er EES-samningurinn mjög vafasamur. Það er ekki einfalt fyrir land að skrifa undir svona samning. En við erum sáttir bæði Svíar og Finnar. Þegar við gengum inn var stuðningurinn 53% með og 47% á móti en núna eru um 70% sem styðja veru Svía í ESB. Sænska þjóðin vill ekki hætta í ESB."




Klemens Ólafur Þrastarson
klemens@frettabladid.is


## Svíar hlýða ekki Merkel og Sarkozy

Hamilton var á sínum tíma hagfræðiprófessor og verður tíðrætt um framtíð efnahagsmála og áformum ESB um aukna samvinnu á því sviði. Hann virðist þó ekki par hrifinn af nýkynntum hugmyndum Merkel og Sarkozy um þessi efni.

„Þær eru nú óskýrar enn. En við Svíar munum ekki gefa eftir grundvallarákvörðunarvald um efnahagsmál. Slíkar ákvarðanir verða alltaf teknar í sænska þinginu. Það kom okkur mjög á óvart að þessar hugmyndir væru settar fram svo illa undirbúnar. Við höfum enga ástæðu til að breyta hjá okkur eftirlaunakerfi eða tekjuskatti eða neinu. Við viljum hvorki að stjórnmálamenn né útlendingar skipti sér af vinnumarkaðnum," segir hann.

Að baki þessum flumbrugangi standi að vel reknar þjóðir vilji ekki borga fyrir illa reknar þjóðir, en ekki síður sú staðreynd að Angela Merkel þurfi að komast í gegnum næstu kosningar.



**LEIÐTOGAR** Sarkozy og Merkel stinga saman nefjum.

Hamilton tekur ekki undir að vandræðin kunni að skemma evrópusamstarfið: „Nei, saga ESB snýst öll um að bögglast í gegnum hindranir. Við höfum fengið nóg af átökum í Evrópu og það er ennþá sjálfsvörn þessa samstarfs sem oft er klunnalegt og þreytt. Valkosturinn er verri."

## Allt í beinni sjónvarpsútsendingu

Hamilton þingmaður segir að ESB-aðild Svía hafi aukið áhrif skrifstofu forsætisráðherra, að vissu leyti á kostnað þingsins. Þingið fylgist hins vegar grannt með stjórninni og nefnd Hamiltons, Evrópunefndin, vilji stjórna því sem gert er á ESB-vettvangi.

„Allar ákvarðanir um ESB fara í gegnum þingið. Við þingmenn getum stöðvað ákvörðun stjórnarinnar hverju sinni. Hún getur ekki bundið Svíþjóð án samþykkis meirihlutans. Sem þýðir að hún byrjar á því að leita til þingsins eftir umboði. Á föstudögum erum við með tvo ráðherra í þinginu sem segja okkur hvað stendur til að gera í því máli sem fyrir liggur. Þetta hefur verið gert í beinni sjónvarpsútsendingu síðan 2002 og mikið áhorf þegar forsætisráðherra situr fyrir svörum."



**SÆNSKA ÞINGIÐ** Hér sést sænskur þingheimur hlýða á ræðu Reinfeldts forsætisráðherra í fyrra. AFP/NORDICPHOTOS




Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# 20% AFSLÁTTUR FYRIR ALLA MEÐ MOTTUR – OG HINA LÍKA

## 19"

Salora LCD 1941DVXC1 HD-Ready 1366 x 768 sjónvarp með innbyggðum digital tuner (DVB-T), CI-kortarauf og DVD-spilara. HDMI-tengi og 12V.

tilboð 55.996
verð áður 69.995 20%

SALORA
1941DVXC1

## 32"

Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn. XD Engine myndvinnslubúnaður, 2 x HDMI, USB 2.0. og SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi.

LG
32LD420N

tilboð 103.996
20% verð áður 129.995

## 42"

Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp. 100 Hz. 1920 x 1080 punkta upplausn, 3 x HDMI, LAN, 2 x USB 2.0, WiFi, DLNA og DivX HD stuðningur.

tilboð 167.996
verð áður 209.995 20%

LG
42LD650N

## 50"

Glæsilegt 50 tommu HD Ready 600 riða Plasma sjónvarp með tveimur HDMI tengjum, USB tengi og mörgu fleira

tilboð 191.996
verð áður 239.995 20%

LG
50PJ650N

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 110746

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Innleiðing ESB-tilskipana í íslenzkan rétt hefur ekkert með aðildarumsóknina að gera.

## Aðlögunargrýlan

Andstæðingar umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu hafa búið sér til ógurlega Grýlu, sem heitir aðlögun. Þeir halda því fram að aðildarviðræðurnar hafi snúizt upp í aðlögunarviðræður, þar sem Íslendingar verði áður en til aðildar kemur þvingaðir til að gera alls konar breytingar, sem þýði að Ísland verði „að miklu leyti orðið aðili að ESB með margháttuðum aðlögunum íslenskra samfélagshátta“, svo notuð séu orð Jóns Bjarnasonar ráðherra.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Atli Gíslason þingmaður sagði eina Grýlusögu í viðtali við Fréttablaðið um síðustu helgi: „Síðan er aðlögun í fullum gangi og til marks um það er að aldrei hafa verið lagðar fyrir þingið fleiri tilskipanir ESB en í vetur á öllum sviðum. Þær streyma inn.“

Atli Gíslason á sem ágætur lögfræðingur að vita betur en að halda þessu fram. Tilskipanir Evrópusambandsins, sem lagðar eru fyrir Alþingi til staðfestingar, hafa nákvæmlega ekkert með aðildarumsóknina að gera. Sem aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins ber Íslandi skylda til að taka upp í íslenzka löggjöf margvíslegar tilskipanir og reglugerðir ESB, sem verða hluti af EES-samningnum. ESB-tilskipanir munu því halda áfram að streyma til Alþingis á meðan Ísland á aðild að EES.

Ástæður þess að mikið hefur verið að gera hjá þingmönnum undanfarið að fara yfir ESB-reglur eru tvær; annars vegar hefur halinn í þýðingum á nýrri löggjöf verið unninn upp og hins vegar fær Alþingi nú fleiri ESB-reglur til umsagnar en áður og fyrr í löggjafarferlinu. Það er vegna nýrra verklagsreglna, sem samþykktar voru í forsætisnefnd þingsins í fyrra og miðuðu að því að gera Alþingi virkara í eftirliti með framkvæmd EES-samningsins, í stað þess að láta fulltrúm framkvæmdarvaldsins það nánast alfarið eftir. Varla getur Atli Gíslason verið á móti því, þegar hann gagnrýnir í hinu orðinu að framkvæmdarvaldið beri ekki næga virðingu fyrir þinginu og noti það bara sem gúmmístimpil.

Staðreyndin er síðan sú að hin raunverulega, „margháttaða aðlögun íslenzkra samfélagshátta“ að regluverki Evrópusambandsins hefur átt sér stað undanfarin sautján ár, eftir að Ísland gerðist aðili að EES. Á þeim tíma hefur Ísland tekið upp í íslenzkan rétt yfir 8.300 tilskipanir og reglugerðir ESB, að meðtöldum þeim 1.875 sem voru teknar upp við gildistökuna sjálfa árið 1994. ESB-reglurnar hafa gjörbylt íslenzkri löggjöf á mörgum sviðum og sumar breytingarnar, til dæmis á sviði jafnréttis- og umhverfismála, ættu að vera Atla Gíslasyni mjög að skapi.

Sú „aðlögun“ sem andstæðingar aðildarumsóknarinnar fara nú hamförum yfir felst í undirbúningi stjórnsýslunnar fyrir hugsanlega aðild. Margt af honum er nauðsynlegt burtséð frá ESB-aðild, til dæmis vegna athugasemda rannsóknarnefndar Alþingis um veikburða og ófaglega stjórnsýslu, vegna athugasemda Ríkisendurskoðunar um ónógt aðhald og eftirlit með stjórnsýslu landbúnaðarmála og vegna skyldna Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Þessi undirbúningur er, hvernig sem á málið er litið, algjörir smámunir miðað við 8.300 laga- og reglugerðarbálka sem streymt hafa frá Brussel undanfarin ár – án þess að Ísland hafi haft mikið um þá að segja. Breytingin við ESB-aðild yrði hins vegar sú að Ísland hefði raunveruleg áhrif á eigin „aðlögun“.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Röng frétt

Fjármálaráðherra sendi Fréttablaðinu kaldar kveðjur úr ræðustóli Alþingis í gær þegar hann sagði hálfs mánaðar gamla frétt blaðsins ranga. Fréttin snerist um kynningu á Icesave-málinu og að óvíst væri hvort eða hvernig stjórnvöld myndu kynna það í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar 9. apríl. Upplýst var að fjármálaráðherra og innanríkisráðherra væru ekki sammála um hvað bæri að gera. Fjármálaráðherra vildi senda kjósendum bækling með kynningarefni en innanríkisráðherrann lagði áherslu á að þeim yrði kynnt hvar upplýsingar frá mismunandi sjónarhornum væri að finna.




### Fréttin

Svo stóð: „Horft er til þess að kynningarefnið verði unnið í fjármálaráðuneytinu og auglýsingastofu falin framsetning“ og var þar vísað til upplýsinga úr ráðuneytinu. Þessi orð urðu Gunnari Braga Sveinssyni tilefni fyrirspurnarinnar til fjármálaráðherrans í gær.



### Raunin

Í svari sínu lét ráðherrann eins og þetta væri fásinna. En er það svo? Að sönnu hefur verið ákveðið að Lagastofnun HÍ útbúi kynningarbæklinginn og er það vel. Sú ákvörðun var ekki þrautalaus. Ráðherrum tókst ekki að leysa málið, þingið þurfti að hlutast til um það og sérstakt þingmál þurfti til að koma málinu í þann farveg sem það er nú í. Og þótt fjármálaráðherrann láti það nú hljóma galið sem var til skoðunar fyrir hálfum mánuði getur fólk velt fyrir sér hvar Lagastofnun fær upplýsingar um Icesave-samningana til að miðla til kjósenda. Ætli hún leiti ekki meðal annars þangað sem þær er helst að finna, í fjármálaráðuneytinu?

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Ég hef áhyggjur

Icesave



Björn Dagbjartsson
fv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Fyrir langa löngu lærði ég hrafl úr kvæðinu „Vikivaki“ eftir Guðmund Kamban. Í því er meðal annars þetta vísubrot:

*„Gegn svo mörgu sem*
*Guð þeim sendir*
*menn gera kvíðann að hlíf*
*kvíða oft því sem aldrei hendir*
*og enda í kvíða sitt líf.“*

Ég hef oft haft þetta yfir með sjálfum mér þegar ég hef verið áhyggjufullur út af einhverju. En stundum er eins og maður geti ekki varist því að hafa áhyggjur og ég hef áhyggjur út af ýmsu núna.

- Ég hef áhyggjur af því að Icesave-frumvarpið kunni að vera fellt í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl vegna lítillar kosningaþátttöku.

- Ég hef áhyggjur af þeim lögfræðingasjónleik sem þá fer í gang með tilheyrandi töfrabrögðum.

- Ég hef áhyggjur af því að þá munum við Íslendingar halda áfram að vera úti í kuldanum á fjármálamörkuðum heimsins þar sem enginn trúir því að við stöndum við skuldbindingar okkar.

- Ég hef áhyggjur af því að þá muni fjölskyldur og vinahópar halda áfram að vera klofnir út af illvígum deilum um þetta ömurlega mál.

- Ég hef áhyggjur af því að ritstjórinn sem skrifaði í Morgunblaðið þegar svokölluðum fjölmiðlalögum var vísað í þjóðaratkvæðagreiðslu er nú einn ötulasti talsmaður þjóðaratkvæðagreiðslna.

- Ég hef áhyggjur af því þegar harðvítugustu andstæðingar forystu Sjálfstæðisflokksins eru þeir sem skrifa Morgunblaðið.

- Ég hef áhyggjur af því þegar menn sem ég hef talið sæmilega skynsama kalla það að „standa í lappirnar“ að kasta sér út í margra ára dómstólaþras með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Innst inni veit ég að enginn getur aukið alin við hæð sína með áhyggjum. Ég á að trúa því að fólk mæti á kjörstað hinn 9. apríl. Þó að ekki séu allir hrifnir af því að losa okkur við þetta nöturlega mál á þennan hátt er ég sannfærður um að mikill meirihluti manna vill vera laus við þá skelfilega innihaldslausu og oft á tíðum illskeyttu „Já–Nei“ umræðu um þetta mál sem hér hefur riðið húsum undanfarin ár.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lífið og listin

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
Blaðamaður



Ég veit ekki hvernig er með aðra, en ég verð að segja að ég er orðin frekar leið á æsingi og handapati alþingismanna í ræðustól Alþingis og víðar. Annaðhvort er þetta leikaraskapur, kækur frá menntaskólaárum eða skortur á sjálfstjórn. Einhvern veginn finnst manni viðkunnanlegra að þeir sem bjóða sig fram til Alþingis og koma þar með að stjórn landsins, geti haft stjórn á sjálfum sér. Prúðasta fólk breytist í kenjótta krakka og upphrópunarpostula í þessum ræðustól. Þess utan er nútímatækni á því stigi að það er óþarfi að brýna röddina. Menn eru ekki staddir úti á víðavangi án hljóðnema.

### Gott hjá RÚV

Ekki fer hjá því að framúrskarandi framtak Ríkisútvarpsins í landsmálum, þættirnir Hvert stefnir Ísland, opni augu manns enn frekar fyrir framangreindu. Hvorki stjórnendur, þátttakendur í panel né gestir í sal, tjáðu sig með þessum hætti. Þarna fór fram faglegog gagnleg umræða, og maður hugsaði með sér: Þetta er hægt! Hér á Íslandi! Mál skoðuð frá mörgum hliðum, fólk ófeimið að tjá sig, ekki reynt að upphefja sig á kostnað annarra. Það er kannski óraunsæi, en óneitanlega vekja þessir þættir vonir um að ný umræðuhefð gæti skotið rótum hér á landi á næstu árum ef að henni er hlúð.

### Happ þjóðarinnar

Nú þegar Harpa, tónlistarhús í austurhluta Reykjavíkurhafnar, er að hefja starfsemi, verður manni óneitanlega hugsað til þess hvað við Íslendingar stöndum í mikilli þakkarskuld við erlenda tónlistarmenn fyrr og síðar og hvað þeir hafa auðgað íslenskt menningarlíf. Vladimir Ashkenazy er auðvitað eitt af óskabörnum þjóðarinnar, þó að hann hafi fæðst í öðru landi. Þessi magnaði listamaður varð á sínum tíma hrifinn af hugmynd fyrsta forstjóra Norræna hússins, Ivars Eskeland, sem vildi koma á norrænni listahátíð hér á landi. Geir Hallgrímsson, borgarstjóri tók vel í þá hugmynd og fylgdi henni eftir. Ashkenazy vildi taka þátt í slíkri hátíð og hafði samband við vini sína, sem voru til í að koma. Þannig varð þetta alþjóðleg hátíð. Listahátíð í Reykjavík. Og nú er Ashkenazy að fara stjórna opnunartónleikum í Hörpu, enda á hann stóran þátt í að þetta ævintýri er að verða að veruleika.

Á stríðsárunum komu hingað framúrskarandi listamenn eins og Franz Mixa, Karl Heller, Hans Stepanek og dr. Victor Urbancic. Það munaði meira en lítið um þessa menn. Tónlistarskóli í Reykjavík var stofnaður fyrir forgöngu Páls Ísólfssonar og Franz Mixa. Sjálf man ég vel eftir dr. Urbancic í þykkum frakka með skjalatösku í hendi á leið í strætó á Langholtsveginum dag hvern, þegar ég var krakki. Og þótti skrýtið að sjá hann uppáklæddan með tónsprotann í hendinni í Þjóðleikhúsinu þegar ég fór þangað.

Í dag eru aðstæður allt aðrar á Íslandi, tónlistarlíf öflugt og fjölbreytt, og sem betur fer flytja ennþá útlendingar til landsins. Þar á meðal hæfileikaríkir listamenn.

Og mikið er maður þakklátur fyrir það. Síðastliðið sunnudagskvöld sat ég í góðum félagsskap í troðfullum sal Iðnó og naut þess að hlusta og horfa á Charlotte Böving sem er dásamlegur listamaður, með fallega og sérstaka söngrödd. Dagskráin heitir: Þetta er lífið … og om lidt er kaffen klar, hending úr þekktu lagi eftir Benny Andersen. Ég held að allir hafi farið glaðir og upptendraðir út.

Þetta er lífið, stóð undir nafni.

# Skriplað á skötu

Bændasamtökin
Haraldur Benediktsson
formaður Bændasamtakanna



Í leiðara Fréttablaðsins í gær er skýrsla Ríkisendurskoðunar um vistun á verkefnum vegna landbúnaðarmála gerð að umtalsefni. Þar tekst ritstjóranum að blanda saman ólíkum málum og dregur þar af leiðandi kolrangar ályktanir.

Ríkisendurskoðun ber að veita aðhald og eftirlit. Í haust sendi stofnunin frá sér úttektarskýrslu um framkvæmd nefndra verkefna. Í þeirri skýrslu, og þeirri sem nú er til umræðu, er ekkert annað sett fram en að Bændasamtökin ræki verkefni sín af ábyrgð og athugasemdalaust. Það er beinlínis rangt að halda því fram að BÍ fari með eftirlit með sjálfum sér.

Yfirvöld hafa falið Bændasamtökunum hlutverk. Ef það þykir ástæða til að endurskoða það, þá er það gert. Það er misskilningur að halda að verkefnin skipti félagsskapinn höfuðmáli, þau eru vel skilgreind en ekki félagslegt starf bænda sem er fjármagnað með öðrum hætti. Bændasamtökin hafa sagt að ef það er vilji til að endurskoða núverandi fyrirkomulag þá séu þau reiðubúin til þess. Það hefði verið mun alvarlega ef Ríkisendurskoðun hefði komist að því að Bændasamtökin hefðu ekki rækt skyldur sínar. Við vinnslu skýrslunnar fengu samtökin hana til umsagnar en sjónarmiða bænda er ekki getið. Þar voru tíunduð viðhorf og athugasemdir BÍ til málsins en umsagnir má nálgast á vef samtakanna, bondi.is.

Megintilgangur ritstjórans tengist þessu málefni varla nema lauslega. Það skal reynt að sverta Bændasamtökin og málið sett í samhengi við ESB-umsókn stjórnvalda og afstöðu bænda í þeim efnum. Áður hefur verið snúið út úr varnarlínum BÍ vegna aðildarviðræðnanna, sérstaklega þeirri línu sem ber yfirskriftina „Félagsleg staða og afkoma bænda verði tryggð.“ Þar er eitt meginatriðið að „samtökum bænda verði jafnframt tryggð sambærileg staða og nú“ eins og segir orðrétt í ályktun Búnaðarþings. Þarna kýs leiðarahöfundur að draga þá ályktun að varnarlínan eigi við um rekstur og ríkisstyrki til Bændasamtakanna, sem er alrangt.

Í varnarlínunni er ekki átt við að BÍ séu tryggð stjórnsýsluverkefni og þ.a.l. fjármunir. Farið er fram á að stjórnvöld tryggi félagslega stöðu bænda, þ.e. að aðild að ESB raski ekki rekstrarforsendum þeirra sem hafa fjárfest í framleiðslutækjum og greiðslumarki – byggt upp bú sín upp í góðri trú og í samræmi við gildandi stefnu stjórnvalda í landbúnaðarmálum. Verði samningur gerður þarf að útfæra afkomutrygginguna sem taki mið af afskriftartíma fjárfestinganna. Með samtökum bænda er ekki einungis átt við Bændasamtökin því einnig er átt við framleiðendafélög, s.s. afurðastöðvar, sem hafa ákveðnu hlutverki að gegna innan ESB. Samtökin verða að hafa sömu möguleika á því að gæta hagsmuna sinna og áður, m.a. með því að tækifæri til tekjuöflunar verði ekki skert frá því sem nú er.

Meginatriðið er að Bændasamtök Íslands eru mótfallin aðild að ESB. Þau hafa hins vegar kosið að móta lágmarkskröfugerð fyrir íslenskan landbúnað. Þær kröfur tengjast á engan hátt niðurstöðum í skýrslu Ríkisendurskoðunar og verður að gera skýran greinarmun þar á.






# VR og húsnæðismál

VR
Bjarni Sigurðsson
verkefnastjóri hjá visir.is



Íbúðarhúsnæði er ein af grunnþörfum fólks. Hvar á að búa? Er rétt að kaupa eða leigja húsnæði fyrir fjölskylduna. Hér á landi hafa valskostirnir verið fáir. Til að skapa fjölskyldunni öruggt skjól hefur helsti valkosturinn verið að kaupa íbúð enda húsaleigumarkaðurinn á Íslandi frumstæður ef við berum okkur saman við mörg Evrópulönd eins og Þýskaland, Frakkland og Norðurlöndin.

Nú hillir undir að breyting verði á þessu .VR hefur verið leiðandi stéttarfélag í 120 ár og ég tel að svo eigi að vera áfram. Með hugmyndaauðgi og áræðni þeirra sem veljast í forustusveit VR getum við haldið áfram á þeirri braut. Með sögu félagsins að leiðarljósi lagði ég fram tillögu um stofnun húsnæðisfélags VR á stjórnarfundi í janúar. Tillagan var samþykkt einróma í stjórn VR og þykir það nokkrum tíðindum sæta þar á bæ þessi síðustu misseri.

Markmið húsnæðisfélagsins á að vera að kaupa eða byggja íbúðarhúsnæði til leigu eða með búseturétti fyrir félagsmenn VR án tillits til aldurs eða tekna. Ekki er um félagslegt húsnæði að ræða í hefðbundnum skilningi þess orðs, heldur áhugaverðan kost til hliðar við séreignarkerfið fyrir þá VR-félaga sem ekki geta eða vilja binda fjármagn í eigin húsnæði.

VR á umtalsvert fé í sjóðum sem nú eru ávaxtaðir í verðbréfum ýmiss konar. Er ekki tilvalið að nýta fjármuni VR til jákvæðrar uppbyggingar í félagsstarfinu og til hagsbóta fyrir félagsmenn VR? Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu og á fasteignamarkaði tel ég að þetta sé einstakt tækifæri fyrir öflugt félag eins og VR. Með fjárfestingu á þessum tímapunkti í fasteignum, sem einnig nýtast félagsmönnum, eru slegnar tvær flugur í einu höggi.

Þetta er eitt það jákvæðasta sem frá VR hefur komið undanfarin misseri. Þakka ber öllum stjórnarmönnum VR sem samþykktu þessa tillögu. Það sýnir að þrátt fyrir þrálátar deilur innan stjórnar geta menn lyft sér yfir ágreining og þras og sameinast um jákvæða stefnu og markmið til framtíðar.

Mikil kjaraskerðing í formi kaupmáttarrýrnunar hefur átt sér stað allt frá hruni bankanna. Það á að vera hlutverk forustu VR að endurheimta þennan kaupmátt með öllum tiltækum ráðum. Það er ljóst að VR félagar leggja mikla áherslu á kaupmáttaraukningu samkvæmt kjaraþingi sem haldið var síðastliðið haust og var fylgt eftir með skoðanakönnun meðal félagsmanna.

Þessa kaupmáttaraukningu þurfum við að sækja í kjarasamningum með réttmætum kröfum á samtök atvinnurekanda. Öll viljum við ná hinum glataða kaupmætti til baka sem allra fyrst en verðum að huga að því að kollvarpa ekki almennum stöðugleika með hættu á auknu atvinnuleysi og verðbólgu. En það þýðir ekki að við eigum að beygja okkur í duftið heldur sækja okkar rétt af festu.

Ég hef setið sem varamaður í stjórn VR frá síðustu kosningum og er formaður þeirrar nefndar sem á að annast undirbúning að stofnun íbúðarhúsnæðisfélags VR. Ég óska eftir stuðningi ykkar til að leiða það verkefni til lykta. Jákvæðar og uppbyggilegar fréttir af VR er það sem við þurfum.




# Trúðaskólar sameinaðir og skólastjórnendur taka við borginni

Leikskólar
Sigurborg Sveinbjörnsdóttir
leikskólastjóri á Hraunborg



Í „góðærinu“ fóru ýmsar stofnanir/fyrirtæki borgarinnar vel fram úr sér hvað laun og fjárfestingar varðar. Á sama tíma voru leikskólar borgarinnar reknir fyrir lítið fé, og starfsfólk þeirra hélt starfinu gangandi á lúsarlaunum á meðan laun viðskipta- og lögfræðimenntaðra meðreiðarsveina útrásarvíkinganna hækkuðu í Range Rover á mánuði – þrátt fyrir að þeir hefðu fáir setið lengur á skólabekk en fagmenntaður leik- eða grunnskólakennari. Góðærið heimsótti aldrei leikskólana, frekar en önnur skólastig, og ekki skilaði ráðgjöf meðreiðarsveinanna þeirri ávöxtun sem menn vonuðust til.

Nú hafa foreldrar og fjölmargir sérfræðingar ályktað gegn tillögum starfshóps um sameiningu leik- og grunnskóla. Fyrir utan starfshópinn sjálfan telja fáir, ef einhverjir, þessi þunnu sameiningarrök vera vel ígrunduð. Ennþá er ósvarað spurningum er snúa að því hvers vegna sameining leggst með svo miklum þunga á sum hverfi umfram önnur. Þá þarf að útskýra hver séu megin rök þess að sumar af upprunalegum tillögum hugnuðust starfshópnum ekki og voru slegnar út af borðinu. Getur það verið að félagslegur styrkur foreldra í nærsamfélagi geti haft þar áhrif? Á hverfafundi nýverið var fulltrúi starfshópsins til svara þegar rætt var um hvernig standa ætti undir kostnaði við fjölgun barna í Vesturbænum; en þar átti að reisa skúra sem nú er búið að fjarlægja. Spurt var, hvers vegna? Svarið var að „foreldrar í Vesturbænum eru svo kröfuharðir og þeir mótmæltu“. Það verður að hrósa foreldrum í Vesturbænum fyrir að mótmæla illa ígrunduðum ákvörðunum, en hvað vinnubrögð meirihlutans varðar þarf auðvitað að spyrja; hverslags pólitík er þetta eiginlega?

Ef við skoðum Breiðholtið betur má sjá að sameiningartillögur ná til 86% leikskóla en til 20% í Vesturbænum. Rúm 34% leikskóla sem á að sameina er í Breiðholtinu og þar á að ná fram tæpum 35% hagræðingarinnar í rekstri leikskólanna. Ef starfshópurinn hefði kynnt sér nærsamfélag leikskólanna betur hefðu þeir komist að því að hvergi er eins hátt hlutfall tilvísana til félagsþjónustu er varða börn á leikskólaaldri og þar. Í hverfinu er mjög hátt hlutfall einstæðra foreldra og nýbúa, en sá hópur hefur ekki mjög sterka rödd á hinum pólitíska vettvangi, þar sem þessar ákvarðanir eru teknar. En á hverfafundum síðustu daga hefur meirihlutinn fengið að heyra álit nærsamfélagsins á þessum tillögum. Undirskriftum gegn tillögunum fjölgar einnig mjög hratt á netinu.

> Ég mótmæli þeirri aðför sem gerð er að leik- og grunnskólum í Breiðholtinu.

Starfshópurinn hefði einnig auðveldlega geta komist að því með vönduðum vinnubrögðum að mjög erfitt hefur verið að uppfylla reglugerð leikskóla um að 2/3 hlutar starfsfólks sé fagfólk. Og það er þannig með suma af þeim leikskólum sem lagt er til að séu sameinaðir, að litlu fleiri en leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru fagmenntaðir. Hvert verður þá hlutfall fagfólks eftir þær sameiningar sem fyrir liggja? Foreldrar og börn eiga að geta gengið að því vísu að sú þjónusta sem þau sækja uppfylli reglugerð leikskóla – það er í raun þjónustusamningur borgarinnar við borgarana. Ætlar meirihlutinn að gefa einhvern „afslátt“ af því lögbundna verkefni en innheimta samt fullt gjald fyrir þjónustuna?

Með vandaðri vinnu hefði hópurinn einnig komist að því að vegalengd á milli leikskólanna Hraunborgar og Aspar, sem eru í sitthvoru skólahverfi og á að sameina, er ekki 300 metrar eins og fram kemur í skýrslunni, heldur 460 metrar í beinni línu og 600 metrar eftir göngustíg. Það tekur fimmtán mínútur að ganga hvora leið. Ef við gefum okkur að leikskólastjóri þurfi að fara tvær ferðir á dag milli leikskóla gerir það klukkustund á dag í göngu, fyrir utan þann tíma sem fer í að loka og byrja verkefni á hvorum stað fyrir sig. Þetta gæti því talið tíu klukkustundir á viku; tíma sem auðvitað væri betur varið með börnunum. Þá er ótalinn kostnaður við keyrslu á milli skóla með mat þegar eldhús eru sameinuð.

Ég mótmæli þeirri aðför sem gerð er að leik- og grunnskólum í Breiðholtinu. Þar eru fjórtán leikskólar og tveir af þeim voru sameinaðir síðastliðið sumar og nú á að sameina tíu til viðbótar. Tillögur að sameiningu grunnskólanna Hólabrekku- og Fellaskóla eru einnig gegn hverfaskipan og skólamenningu hverfanna. Undir það taka örugglega allir íbúar þeirra hverfa er sækja þjónustu í þessa skóla.

Leikskólastjórnendum hefur tekist að veita borgarbúum framúrskarandi þjónustu síðustu áratugi við þröngan fjárhag. Stjórnendur og starfsfólk hafa náð miklum árangri í starfi og hlotið fyrir mikið lof og þakklæti, bæði frá börnum og foreldrum sem notið hafa þjónustunnar. En slíkt hið sama gildir ekki um marga stjórnendur innan borgarkerfisins og ráðgjafa þeirra síðustu misserin.

Ef meirihlutanum er alvara í að ganga metnaðarfullt fram í hagræðingu, og hafa alla uppbyggingu og stjórnun til framtíðar ábyrga, þá hlýtur næsta skref að vera að sameina meirihlutann við Trúðaskólann og fá svo reynda og menntaða leik- og grunnskólastjórnendur til þess að taka við stjórn borgarinnar.

# Atvinnustefnu til framtíðar

VR
Kristinn Örn Jóhannesson
formaður VR



Á árunum fyrir hrun var atvinnuvinnuleysi lítið – sem betur fer. Þótt orsakir atvinnuleysisins nú megi rekja til kreppunnar má líka færa rök fyrir því að atvinnuleysi hafi verið hér dulbúið um árabil. Sveiflum í atvinnustigi höfum við mætt með gengisfellingum og launalækkunum. Því miður er atvinnulíf hér í reynd tiltölulega fábreytt. Við höfum reitt okkur um of á fáar en stórar gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar. Sjávarútvegurinn skilar um 40-50% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar en nýtir aðeins um 5% mannaflans. Aflabrögð og verð á sjávarafurðum hefur því gríðarleg áhrif á efnahagslífi.

### Heróínhagkerfið

Stjórnvöld hafa mætt þessu á markvissan en óheppilegan hátt með uppbyggingu orkufreks iðnaðar sem hefur kallað á mannaflsfrekar framkvæmdir í stuttan tíma með tilheyrandi efnahagssveiflum, örum en óstöðugum hagvexti. Lokum slíkra stórframkvæmda fylgir efnahagssamdráttur. Einatt hefur honum verið mætt með frekari stórframkvæmdum, oft á kostnað náttúrunnar. Þetta kalla ég „Heróínhagkerfi“ því þegar fráhvarfseinkennin koma fram í hægari hagvexti þarf nýjan skammt framkvæmda. Hagrænum „vellíðunarskammti“ er sprautað í æðar hagkerfisins. Hér er skammtímahugsunin ráðandi, ekki hugsað um efnahagslega heilsu til langs tíma.

Þessu þarf að breyta. Líklega er aldrei betra tækifæri en nú – og vissulega aldrei meiri þörf. Nú þarf að skilgreina og ákveða atvinnustefnu til framtíðar með fjölbreyttum störfum í fjölþjóðlegu umhverfi. Ísland er eyland í eiginlegum skilningi en í efnahagslegum skilning er landið hluti af alþjóðlegu efnahagskerfi. Í því felast í senn ógnanir og tækifæri. Því fjölbreyttari sem störfin verða því minni verður áhætta þjóðarinnar. Þannig er hægt að draga úr vægi einstakra atvinnugreina og þar með þeim landlægu efnahagssveiflum sem við höfum búið við.

> Gerum núverandi kerfi atvinnuleysisbóta og Lánasjóðs námsmanna sveigjanlegri.

### Menntun er fjárfesting ekki kostnaður

En atvinnustefna til framtíðar ein og sér er ekki nóg. Lærum af vinum okkar Finnum. Í kjölfar gríðarlegs efnahagshruns á níunda áratug síðustu aldar skilgreindu þeir og og bjuggu sér til skarpa framtíðarsýn í atvinnumálum byggða á „upplýsingatækni“. Atvinnulíf Finna varð betra og stöðugra. Hins vegar ráku menn sig á að ekki var til „rétt menntaða“ fólkið í nýju störfin. Ekki hafði verið hugsað til þess að menntastefnan fylgdi framtíðarsýninni í atvinnumálum. Þetta þurfum við að hafa í huga. Stefna í atvinnumálum og stefna í menntamálum verða að fylgjast að. Við þurfum að horfa á menntun sem langtímafjárfestingu í atvinnulífinu en ekki rekstrarkostnað hins opinbera.

Fjárfestum í menntun fyrir atvinnulíf framtíðar. Gerum núverandi kerfi atvinnuleysisbóta og Lánasjóðs námsmanna sveigjanlegri, samhæfðari, búum okkur til vænlega framtíð. En núna strax í dag þurfum við að bæta í frekar en að skera niður í fullorðinsfræðslu, kvöldskólum og atvinnutengdu námi og námskeiðum. Við þurfum að virkja þá óvirku, hvetja og skapa þeim og okkur öllum framtíðarsýn. Framtíðarsýn byggða á menntun við hæfi einstaklinga fyrir atvinnulífið – fyrir heildina. Stéttarfélög eins og VR geta þarna lagt hönd á plóg. Allt þarf að skoða með opnum hug.

Atvinnustefna framtíðarinnar er byggð á menntastefnu samtímans. Vinnum saman – þá vinna allir.



**Vinun, ráðgjafar- og þjónustumiðstöð** stendur fyrir stuttum hádegisfundi í dag um þjónusturræði í boði. Fundurinn er ætlaður starfsfólki á fagsviði einhverfu og aðstandendum einstaklinga með greiningu á einhverfurófi. Fundurinn verður haldinn á Laugavegi 59, fjórðu hæð.




**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447













**Þrír af fjórum starfsmönnum ylstrandarinnar í Nauthólsvík hjóla í vinnuna.**

# Bíllinn ekinn 4 km á viku

Við hjólum alltaf, sama hvernig viðrar. Þó kemur einstaka sinnum fyrir að við þurfum að koma á bíl en þá komum við bakdyramegin og látum lítið fyrir okkur fara," segir Ísleifur Friðriksson, sem hjólar alltaf í vinnuna á ylströndina í Nauthólsvík eins og vinnufélagar hans tveir. „Ég kem sjö kílómetra leið af Seltjarnarnesi, Árni Jónsson kemur úr Norðlingaholtinu og Óttar Hrafnkelsson úr Kópavoginum," segir Ísleifur glaðlega. Hann kveður þá félaga alla eiga bíl en þeir séu lítið notaðir. „Minn er til dæmis keyrður fjóra kílómetra á viku, aðallega á föstudögum til að flytja heim innkaupin."


;FRAMHALD | 4




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**Neglur á fingrum** vaxa fjórum sinnum hraðar en táneglur en ástæðan er sú að þær eru í mun meiri notkun og verða fyrir meiri umhverfisáhrifum.

# Aukið framboð af sterum

**Framboð af sterum, vaxtarhormónum og öðrum efnum af svipaðri gerð er umtalsvert hér á landi. Efnin eru bæði notuð samhliða líkams- og vaxtarrækt og ein og sér. Aukaverkanirnar eru varhugaverðar.**

„Framboð af sterum, vaxtarhormónum og öðrum efnum er umtalsvert og fer að mínu viti vaxandi," segir Sölvi Fannar Viðarsson, einkaþjálfari hjá World Class. Hann segir efnin notuð samhliða líkamsræktarþjálfun og vaxtarrækt en líka ein og sér í þeim tilgangi að auka vöðvamassa og minnka fitu. Sölvi Fannar hefur grun um að þeir sem selja ólögleg fíkniefni bjóði upp á fjölbreyttari flóru og þar á meðal þessi efni. „Ég held að það sé oft sama fólkið sem er að dreifa þessu og fíkniefnum og er þessu töluvert haldið að fólki."

Undir þetta tekur Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Í þeim húsleitum sem við höfum farið í finnast gjarnan sterar og önnur efni innan um fíkniefni og er magnið umtalsvert." Hann segir lögregluna þó ekki hafa orðið vara við ólöglega umferð vaxtarhormóna. Hins vegar hefur Sölvi Fannar í starfi sínu sem einkaþjálfari, fyrirlesari og ráðgjafi orðið þess áskynja að talsvert sé um notkun þeirra og segir ýmsar ranghugmyndir á kreiki.

„Því er til dæmis haldið fram að með vaxtarhormónum megi ná sams konar árangri og Hollywood-stjörnurnar hafa náð og eru sumir, og þá sérstaklega yngra fólk, ginnkeypt fyrir því. Það fylgir hins vegar ekki sögunni að stjörnurnar eru oftast nær með einkakokk, einkaþjálfara og næringarfræðing sér við hlið ásamt því að vera í stífri þjálfun sem skýrir árangurinn miklu frekar. Sama árangri má ná með góðri þjálfun, réttu mataræði og hæfilegri hvíld. Fólk sækir hins vegar í þessa ímynd og góð söluræða virðist kveikja í sumum," segir Sölvi. Hann segir aukaverkanirnar hins vegar varhugaverðar.



„Í þeim húsleitum sem við höfum farið í finnast gjarnan sterar og önnur efni innan um fíkniefni," segir Karl Steinar Valsson, hjá fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en ýmislegt virðist benda til að aukið framboð sé af sterum á Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY

„Notkunin getur valdið svokölluðum æsivexti með tilheyrandi vansköpun í andliti auk þess sem hætta er á líffærastækkun, sykursýki og krónískri sinaskeiðabólgu svo dæmi séu nefnd. Þá er kostnaðurinn gríðarlegur en mánaðarskammtur er í kringum hundrað þúsund krónur sem mér finnst blóðugt í ljósi áhættunnar og þess að hugsanlegum árangri má ná með hefðbundnum hætti. Eins finnst mér ótrúlegt að fólk sé tilbúið að ganga svo langt að sprauta sig."

Rafn Benediktsson, innkirtla- og efnaskiptalæknir á Landspítalanum, segir vel þekkt að fólk komi á bráðamóttöku vegna steramisnotkunar. „Þeir sjúklingar þurfa svo stundum sjúkrahúsvist á til dæmis nýrna- eða hjartadeild vegna alvarlegra aukaverkana. Ég hef þó ekki staðfest tilfelli um að menn hafi komið inn vegna misnotkunar á vaxtarhormónum eingöngu en algengt er talið að mismunandi lyf og efni séu notuð saman. Annars tel ég að notkun vaxtarhormóns sé á misskilningi byggð og það hefur sýnt sig í rannsóknum að það breytir ekki miklu um frammistöðu fólks sem er heilbrigt. Hins vegar geta þessi efni skipt sköpum fyrir þá sem líða skort vegna sjúkdóma. Rafn segir misnotkun vaxtarhormóns geta valdið æsivexti (acromegaly), með of háum blóðþrýstingi, sykursýki, ofvexti á hjarta og hugsanlega hjartabilun.


nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

ÍSLENSKT HUNDANAMMI
gott í þjálfun og í leik
VINSÆL VARA






Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir

Úrval af barnaskóm




St. 28-35 Verð kr. 4.995,-



St. 24-35 Verð kr. 4.595,-



St. 24-35 Verð kr. 4.795,-




St. 19-24 Verð kr. 4.295,-
xena
Grensásvegi 8 & Nýbýlavegi 12
Opið mán–föst 11.00–18.00
og lau 11.00–16.00

Frábær þrenna!
VICTORIA SALON & SPA
Andlitsnudd og maski verð: 5.500 kr.
Handsnyrting með lökkun verð: 5.500 kr.
Vax alla leið og í nára verð: 5.500 kr.
VICTORIA SALON & SPA LAUGAVEGI 178 SÍMI: 611 - 5500

BYLGJAN 989
ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
BÍTIÐ
MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50







Við tökum þér opnum örmum
Sjúkraþjálfun miðast að því að viðhalda og bæta heilsu og starfsgetu fólks
• Þarftu sjúkraþjálfun vegna langvarandi sjúkdóma?
• Hefurðu verki í vöðvum eða liðum?
• Þarftu að styrkjast eða auka þol?
• Hefurðu álagseinkenni?
• Ertu að byggja þig upp eftir slys?
Hafðu samband í síma 564 5442 eða tap.is
TÁP SJÚKRAÞJÁLFUN
Betri aðkoma á nýjum stað • Táp sjúkraþjálfun, Hlíðasmára 15, Kópavogi

Kynning



Heilsuhótel Íslands á Reykjanesi.


Mæðgurnar Gerður og Inga upplifðu góðar stundir á Heilsuhótelinu. MYND/VILHELM

# Ótrúleg upplifun á Heilsuhótelinu

**Þegar Gerður Sigurðardóttir greindist með brjóstakrabbamein fyrir rúmum mánuði ákváðu hún og dóttir hennar, Inga Kristinsdóttir, að fara saman á Heilsuhótelið á Reykjanesi eftir aðgerð sem Gerður þurfti að gangast undir. Upplifun þeirra beggja var einkar ánægjuleg.**

Inga Kristinsdóttir býr í Washington DC í Bandaríkjunum. Þar líkt og víðar hefur verið mikil umræða um hreinsun líkamans og eiturefni í mat og hefur Inga kynnt sér þau málefni vel. „Þegar móðir mín greindist með brjóstakrabbamein fyrir rúmum mánuði stakk ég upp á því að við færum saman í detox,“ segir Inga. Gerður, móðir hennar, sagði henni þá frá Heilsuhóteli Íslands á Reykjanesi og þær ákváðu að athuga hvort þær fengju að koma eftir aðgerðina. „Ég hringdi á staðinn og mér var vel tekið. Við slógum því til og ég pantaði flug til Íslands rétt fyrir aðgerð mömmu,“ segir Inga. Við vissum líka að það er starfandi læknir við hótelið.

„Ég hef alltaf verið hundrað prósent viss um að matur og það sem maður lætur ofan í sig skipti máli,“ segir Gerður. Ég er hálfpartinn á móti lyfjameðferð en mun fara í hana ef þörf krefur en það á eftir að koma í ljós.“ Gerður hefur fylgst vel með starfi Heilsuhótelsins í gegnum tíðina. „Mig langaði mikið að fara í detox þegar boðið var upp á slíkt í Póllandi en gerði ekkert í því fyrr en núna,“ útskýrir hún.

Inga og Gerður dvöldu á Heilsuhótelinu í tvær vikur. „Það var tekið ofboðslega vel á móti okkur. Starfsfólkið passaði mjög vel upp á mömmu og fylgdist vel með henni. Hér er prógramm allan daginn, mikið um að vera og maður ræður hverju maður tekur þátt í,“ segir Inga. Hún telur upp morgungöngu, jóga, nudd, slökun og innrautt sánabað að ógleymdri ristilskolun. „Hún er alger snilld enda flýtir hún fyrir því að hreinsa eiturefnin út,“ segir hún.

Þær mæðgur voru sérstaklega ánægðar með félagsskapinn. „Hópurinn var mjög samrýmdur segir Inga og bætir við að á kvöldin gátu gestir hótelsins farið í Bláa lónið auk þess sem boðið var upp á fyrirlestra og skemmtikrafta á hótelinu á kvöldin.

„Hvað getur maður haft áhyggjur af því að borða ávexti og grænmeti, sem fólk hefur lifað á í margar aldir?“

Margir hafa orðið til að gagnrýna meðferðir Heilsuhótelsins. Höfðu þær ekki áhyggjur af því? „Hvað getur maður haft áhyggjur af því að borða ávexti og grænmeti, sem fólk hefur lifað á í margar aldir?“ spyr Inga áhyggjulaus.

En urðu þær aldrei svangar? „Nei, við fengum að borða eins mikið og við mögulega gátum í okkur látið,“ segir Gerður sem hafði upphaflega nokkrar áhyggjur af því að verða svöng. „Það kom mér því ánægjulega á óvart að svo var ekki, meira að segja á „föstu“ dögunum varð ég ekki svöng.“

Inga segir það hafa verið ótrúlega upplifun að fara í gegnum föstu. „Þá er mikil hreinsun í gangi, gamlir verkir koma upp og hverfa síðan,“ segir hún og Gerður bætir við að þær hafi séð mikinn mun bæði á sjálfum sér og öðrum, sérstaklega í andliti. „Ég léttist til dæmis um fimm kíló,“ segir Gerður ánægð.

Þær ætla báðar að reyna að halda í þá reynslu sem þær hafa aflað sér í þessar tvær vikur með auknu grænmetisfæði og sérstökum föstum.

„Þetta er búin að vera ótrúleg upplifun og líkt og að fara í annan heim.“ Skemmtilegt fólk og ótrúlega hagstæð dvöl segir Inga ánægð og Gerður er sammála.




## Citrosept Bioflavinoid, loksins á Íslandi

Efnið Bioflavinoid skortir í nútímafæði mannsins en er nauðsynlegt mannslíkamanum meðal annars til þess að vinna á og útrýma candida-sveppnum og sýkingum í líkamanum. Bioflavinoid er unnið úr hvítu himnunni sem umlykur greipaldinávöxinn.
Citroceptið dregur úr sykurlöngun. Gott fyrir alla sem sækja í sætindi.
Citrosept er ríkt af andoxunarefnum og forvörn gegn krabbameini. Citrocept er frábært eftir sýklalyfjanotkun.
Pöntunarsími: 5128040
www.heilsuhotel.is




## Hálft tonn horfið !

Árið 2011 hefur farið vel af stað hjá Heilsuhóteli Íslands. Góð aðsókn hefur verið í heilsumeðferðir á hótelinu og að meðaltali missa þátttakendur um 180 kg samanlagt á tveimur vikum. Með ánægju og vellíðan auk árangurs sem helsta markmið Heilsuótelsins hafa allir haft sigur. Heilsumeðferðin byggir á að ná tökum á lífsstíl til frambúðar. Fjölmargir koma til hvíldar, auka einbeitingu og skerpa á þekkingu og vitneskju um mataræði og hreyfingu. Á næsta námskeiði, 15.-29. apríl, nýta fjölmargir páskahelgina til að huga að heilsu til uppbyggingar sem nýtist allt lífið.





**Heilsuhótel Íslands Næstu heilsunámskeið 2011.**

15.-29. apríl
13.-27. maí
Við höfum opið í sumar!
17. júní-1. júlí
15.-29. júlí
11.-25. ágúst

**Pantið tímanlega.**

**www.heilsuhotel.is**

## Á tímamótum

11. - 14. apríl 2011

heilsuhótel íslands

**Heilsu – og þekkingarnámskeið um fráfalla maka, fyrir ekkjur og ekkla.**

Sorgin skoðuð út frá tilfinningalegum viðbrögðum, hugrænum viðbrögðum, líkamlegum viðbrögðum, félagslegum viðbrögðum, skoðaðir möguleikar varðandi aðlögun að lífinu eftir missinn, kveðjustundir og ennfremur bent á sorgarárið.

Vinnustundir, hvernig er ég í stakk búin til að vinna úr missi en horfa jafnframt á jákvæða þætti daglegs lífs. Það sem var, það sem er, það sem verður. Uppbyggilegt fyrir orku og tilfinningar.

Skemmtilegar kvöldvökur

**Tilboðsverð**

**38.500 kr. einn í herbergi / 28.500 per/mann tveir saman**
Mæting milli kl. 15 – 17, mánudag 11. apríl.
Heimferð um hádegið fimmtudaginn 14. apríl

**Innifalið**

Gisting í lúxus herbergi á okkar yndislega Heilsuhóteli, Ásbrú, Reykjanesbæ Fjölbreyttur matseðill, fiskur, innlent ævintýri, ávextir og salat. Ferskir ávaxtasafar, heilsute og kaffi Heitur pottur, gufubað, infra-rauður klefi sem þykir við bólgum Gönguferðir með leiðsögn Létt hreyfing og liðleikaæfingar í leikfimissal með Chad Keilen Slökun með Steinunni Aðalsteinsdóttir. Kvöldvökur.

Vinnustundir og viðtöl í umsjón Sr. Braga Skúlasonar sjúkrahúsprests og fleiri aðila.
Bókanir í síma 512-8040 kl. 9.00-17.00 virka daga og á netfangið heilsa@heilsuhotel.is



# Viltu breyta mataræðinu
**til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?**

**INGA KRISTJÁNSDÓTTIR** næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

**Þriðjudaginn 5. apríl kl. 19:30**



**ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ!** Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.

**FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:**
- *Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn*
- *Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu*
- *Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst*

**Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 19:30 - 22:00**

Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.400 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á eig@heima.is

www.heilsuhusid.is

heilsuhúsið



## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…




Ísleifur, Óttar og Árni láta hvorki snjó né slæmt veður aftra sér frá því að hjóla í vinnuna. Þeir eru þó sammála um að mun þægilegra er að hjóla nú þegar veðrið er orðið skaplegra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framhald af forsíðu

Það er ekkert nýmæli meðal starfsmanna ylstrandarinnar að hjóla. „Hann Óttar hefur til dæmis hjólað allra sinna ferða í hátt í þrjátíu ár,“ segir Ísleifur, sem byrjaði að hjóla þegar hann hóf störf á ylströndinni fyrir átta árum. „Þá var lagt hart að mér að hjóla, ég keypti hjól og hjólaði þar til ég drap mig næstum því á því,“ upplýsir hann, en fyrir þremur árum lenti hann í slæmu slysi. „Búið var að strengja snæri við íþróttahúsið á Seltjarnarnesi til að hindra ökumenn frá að leggja við anddyri íþróttahússins. Ég sá ekki snærið og hjólaði á það af fullum krafti. Ég flaug í stórum boga og lenti á grjóti, braut hjólið í tvennt og brotnaði sjálfur illa,“ lýsir Ísleifur sem braut bein í andliti og hálsi og lamaðist að hluta. „Ég var með hjálm, en án hans væri ég líklega ekki hér í dag.“

Sjúkraþjálfunin tók langan tíma en ekki leið á löngu þar til hann var kominn í hnakkinn á ný. „Bæði vinnufélagarnir og sjúkraþjálfarinn lögðu hart að mér að byrja aftur. Ég var svolítið hræddur til að byrja með en nú get ég farið um allan bæ,“ segir Ísleifur, sem þó mun aldrei ná sér að fullu eftir slysið. Hann ætlar þó ekki að láta örorkuna stöðva sig í því að gera allt sem hann langar til.

En er tekið nægilegt tillit til hjólreiðamanna í umferðinni? „Það er bæði og,“ segir Ísleifur. „Þegar mikið snjóaði hér á dögunum stóðu gatnamálayfirvöld sig ekki sérlega vel í að halda opnum samgönguleiðum fyrir okkur sem förum áfram á eigin afli. Við þurftum því oft að hjóla úti á götu, sem fór stundum í taugarnar á ökumönnum sem telja sig eiga einkarétt á vegunum,“ upplýsir Ísleifur og vildi óska að ökumenn færu varlega í kringum hjólandi fólk.

Fjórði starfsmaður ylstrandarinnar hefur ekki enn fallið fyrir hjólinu. „Hún á reyndar ekki hjól en hún er hins vegar farin að ganga í vinnuna nánast á hverjum degi, svo við erum mjög ánægðir með hana,“ segir Ísleifur glaður í bragði. *solveig@frettabladid.is*

**Kynning**

# Maxim er algjör bylting fyrir þá sem svitna mikið

**Maxim-svitastopparinn er bylting fyrir þá sem svitna mikið að sögn Söndru Lárusdóttur sem flytur stopparann inn. Læknar og húðsjúkdómalæknar mæla með notkun stopparans.**

Læknar og húðsjúkdómalæknar í Bandaríkjunum mæla með Maxim-svitastopparanum og er hann einn vinsælasti svitastopparinn þar og um allan heim, að sögn Söndru Lárusdóttur sem hefur flutt Maxim inn síðan 2004. „Fólk sem svitnar mikið skammast sín oft og þorir ekki að heilsa með handabandi, þjónar vilja vera í svörtum skyrtum svo enginn sjái svitabletti og svona get ég talið upp endalaust, en það er hægt að vera þurr og lausnin er að nota Maxim og þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessu meir. Maxim er sérstaklega hannað fyrir þá sem svitna mjög mikið undir höndum, í andliti og á fótum og missa mikinn vökva.“

**Sandra segir þó að fólk þurfi að nota Maxim rétt og fylgja settum reglum:**

*1. Notið Maxim aðeins fyrir háttinn, það þvæst ekki af daginn eftir, hvorki í sturtu né baði.*

*2. Notið sparlega. Það þarf aðeins lítið magn af Maxim til að ná árangri en þó má nota meira ef þurfa þykir. Best er að nota Maxim á hverju kvöldi í byrjun þangað til svitamyndun stoppar og eftir það er nóg að nota Maxim annanhvern dag.*

*3. Berið ekki á ef handarkrikar eru sárir eða nýrakaðir.*

*4. Gleypið ekki og varist að efnið berist í augu. Geymið þar sem börn ná ekki til.*

„Þegar byrjað er að nota Maxim-svitastopparann þá á maður aldrei að vera nýrakaður, því það getur valdið sviða, og ekki heldur ef húðin er þurr og mjög viðkvæm, þá tekur maður pásu kannski í tvær vikur og byrjar svo aftur með því að setja örlítið í handarkrikann jafnvel efst uppi á smá blett til að sjá hvað gerist, yfirleitt með mjög góðum árangri.“

Sandra segir Maxim vera eina mest seldu vöruna á femin.is, en aðrir útsölustaðir eru Laugarnesapótek, Urðarapótek, Lyfja, Lyfjaval, Árbæjarapótek og Reykjavik Verslun á Facebook. Umboðsaðili: AT Hús ehf.



Sigurlaug Gissurardóttir og Íris Gunnarsdóttir á femin.is og Sandra Lárusdóttir, innflytjandi Maxim-svitastopparans.

## Laus við blettina

AÐALHEIÐUR ÝR ÓLAFSDÓTTIR ER ÁNÆGÐ MEÐ MAXIM-SVITASTOPPARANN

Ég er að æfa rosalega mikið, fimm til sjö sinnum í viku stundum tvisvar á dag, og alltaf á ferðinni. Og þetta var oft vandamál með svitabletti til dæmis ef það var mikið stress í gangi. Ég er algjörlega laus við þetta vandamál, svitna nánast ekkert undir höndunum. Jú, auðvitað á æfingum en þá er engin lykt og engir blettir.

**AÐALHEIÐUR ÝR ÓLAFSDÓTTIR**
SNYRTIFRÆÐINGUR OG KEPPANDI Í MODEL FITNESS




# Tónlistin sem meðferðarúrræði

**Tónlistin er æði áhrifarík. Í gegnum hana er jafnvel hægt að ná sambandi við fólk sem getur ekki tjáð sig.**

„Músíkþerapistar nota tónlist til þess að aðstoða fólk við að vinna úr ýmsum vandamálum,“ segir Soffía Fransiska Rafnsdóttir Hede músíkþerapisti. Hún segir til mörg form músíkþerapíu. „Í virkri músíkþerapíu spilar og semur skjólstæðingurinn sjálfur en í óvirkri byggist meðferðin á því að hlusta,“ útskýrir Soffía.

Hún segir tónlistina geta hjálpað öllum. „Hún er mikið notuð í starfi með börnum bæði sem sálfræðimeðferð eða þjálfunaraðferð. Hún er líka notuð sem hluti af endurhæfingu, í vinnu með öldruðum, geðfötluðum eða venjulegu fólki sem vill vinna úr sínum málum,“ segir Soffía en músíkþerapía er kennd í háskóla og því viðurkennd meðferð.



Soffía Fransiska Rafnsdóttir Hede músíkþerapisti segir músíkþerapíu hjálpa fólki til að vinna úr ýmsum vandamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Soffía segir Íslendinga almennt lítið vita um músíkþerapíu. Þó eru nokkrir starfandi músíkþerapistar á landinu. Meðal annars á geðdeild Landspítala og í Safamýrarskóla. Þá er Tónstofa Valgerðar eina stofan á landinu þar sem eingöngu starfa músíkþerapistar. „Fólk er hins vegar mjög opið fyrir þessu og finnst það spennandi. Enda er þetta form sem opnar möguleika fyrir þá sem geta ekki eða vilja ekki nýta sér önnur meðferðarform.

Tónlistin getur oft verið hvati til að ná sambandi við fólk sem jafnvel getur ekki tjáð sig,“ segir Soffía og áréttar að fólk þurfi alls ekki að kunna á hljóðfæri til að nýta sér músíkþerapíu.





Kela og kiðlingana bráðvantar hljómborð en hljómborð sveitarinnar varð fyrir vatnsskemmdum og er nú ekki til stórræðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kiðlingarnir geðgóðu

**Laglína úr „Berðu á himnanna dyr“ í anda Bob Dylan ómar úr klúbbnum Geysi. Innan dyra æfir hljómsveitin Keli og kiðlingarnir sem aldrei hefur komið fram opinberlega.**

Skilyrði fyrir félagsaðild að klúbbnum Geysi er að eiga að baki eða eiga við geðsjúkdóm að stríða. Klúbburinn starfar á jafningjagrundvelli og er vinnumiðaður. „Klúbburinn hefur gefið mér nýtt líf,“ segir Eygló Óladóttir bakraddasöngkona og Svava Sigurðardóttir, sem stendur vaktina með henni, segir að félagsskapurinn sé mikilvægur. Undir það tekur Árni Jóhannesson, sem leikur á rafmagnsgítar.

„Ég veiktist alvarlega fyrir mörgum árum en þá var ég í fullri vinnu sem skrifstofustjóri,“ segir Óðinn Einisson, sem spilar á kassagítar. „Ég hætti að tjá mig og tala en svo hóf ég að koma í klúbbinn árið 2000 og það breytti öllu fyrir mig. Starfsemin hér er búin að halda mér gangandi og nú á ég í engum erfiðleikum með að tjá mig. Ég veit ekki hvar ég væri ef hefði ekki klúbbinn,“ segir hann brosandi.

Hljómsveitin Keli og kiðlingarnir var stofnuð árið 2003. „Það var eiginlega Þorkell harmónikuleikari, oftar kallaður Keli, sem var hvatamaðurinn að stofnun bandsins,“ segir Benedikt Gestson gítarleikari. „Hann hefur oftar en ekki haldið okkur við æfingar en þær eru á hverjum þriðjudegi. Við spilum nú aðallega á skemmtunum innan klúbbsins og erum mjög fær í jóla- og þorralögum en erum að færa okkur upp á skaftið. Við erum flest sjálflærð á hljóðfærin en við erum svo lánsöm að hafa fengið hann Pétur Hjálmarsson sem er tónlistarkennari og spilar jafnframt á bassa í bandinu til þess að leiðbeina okkur en það gerir hann í sjálfboðavinnu. Hann hefur spilað með mörgum frægum hljómsveitum.“ Pétur hlær nú við því síðastnefnda og vill fáar gefa upp en nefnir þó „Galdrakarla“ og „Lísu“ með Magnúsi Eiríkssyni og fleirum, en er núna í „3b (Bitter Blues Band)“. „Ég ætlaði bara að vera með kiðlingunum einu sinni í mánuði en svo var þetta svo skemmtilegt að ég kem einu sinni í viku. Við spilum bara það sem hljómsveitarmeðlimir ráða við hverju sinni, en komum til móts við óskir hvers og eins eftir fremsta megni. Þess vegna er stundum byrjendabragur á þessu og hvort við komum okkur á framfæri er seinni tíma ákvörðun,“ segir bassaleikarinn og bætir við að tónlist veiti hugarró og sé styrkjandi fyrir alla. En Kela og kiðlingana er farið að dreyma um Kaliforníu, enda Eagles-lag komið á lagalistann. *-uhj*

# Heilsan í fyrirrúmi í Hafnarfirði

**Ráðstefna um heilsutengda ferðaþjónustu í Hafnarfirði verður haldin 2. apríl.**

Heilustengd ferðaþjónusta er sérstakt umfjöllunarefni ráðstefnu sem haldin verður í Flensborgarskóla næstkomandi laugardag.

Almenningsíþróttir innan stærstu íþróttafélaganna og tenging við ferðaþjónustuna, heilsuefling í skólum og íþróttaiðkun og aðstaða í Hafnarfirði er á meðal þess sem sjónum verður beint að á ráðstefnunni.

Ráðstefnan hefst klukkan átta um morguninn, en ráðstefnuslit eru klukkan 16. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.



Það kennir ýmissa grasa á ráðstefnu um heilsutengd málefni á laugardag. NORDICPHOTOS/GETTY









# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn
er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn



CITROEN C3 sx. Árgerð 2004, ekinn 90 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 950.000. tilboð 799.000 Rnr.250067.



VW Passat comfortline. Árgerð 2005, ekinn 70 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.790.000. tilboð 1.499.000 stg Rnr.101525.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

bilfang.is
S. 567 2000



VW Touran Trendline TDI Diesel (7 MANNA) 01/2007 ek 78 þ.km, Sjálfskiptur, álfelgur, 7 manna, ofl Flottur og sparneytinn fjölskyldubíll (eyðsla aðeins 6 L pr 100 km) verð 2590

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

SUZUKI



Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bilauppbod.is

### Þarftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

100 bilar.is bílasala




VW Touareg R5 dísel, árg. 2008, ek. 38þús.km, leður, krókur, 2xfelgurgangar, nýleg heilsársdekk, Gullfallegur umboðsbíll og vel búinn!! Ásett verð aðeins 7390þús.kr! bíllinn er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Isuzu DMax árg. 2010, ekinn 15þ. km. sjálfsk. díesel, prófíldráttarbeisli, heit klæðning í skúffu, filmur í rúðum. Verð 4.6m stgr. Uppl. í síma 892 0566 eða bygg@internet.is



Til sölu kawasaki 1500 vulcan árg. 2005 ek. 22þús. mílur hjól hlaðið aukahlutum verð 1350 þús. gsm 868 2352.



Til sölu wv póló árg. '99 1,4 beinsk ek. 136 þús. sk. 2012 grá sans, spoilerkitt, topplúga lítið stýri. verð 290 þús. gsm 868 2352.

Til sölu Toyota Corolla Hatcback XLI árg.'95, 5g, sk'11. Fallegur og góður. V. 250þ. Uppl. í s. 896 8568.

## 0-250 þús.

KIA Sportage'99 Ekinn 180Þ. Þarfnast lagfæringar. Verð 100þ. S 6957850

## 250-499 þús.

Renault meg sen árg98 Nýskoðaður beinsk ekin 146þ verð 390þ upl í síma 618-7209

## 500-999 þús.



Hyundai Getz '07,ek. 87þús. 1400cc, 5 dyra, bsk, nýsk. '12, nýleg heilsársdekk. Verð 900 þús. S. 696 8608.

## Bílar óskast

### Vantar bíl!

Óska eftir bíl fyrir allt að 350 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

### Bíll óskast á 25-250þús.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

### Japanskur fólksbíll óskast, t.d. Toyota, Nissan, Honda eða MMC.

Árg. 1998-2003. Vil helst bíl í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Get borgað 100-350 þúsund. Uppl. 772-5450.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól




### Kría Hjól

Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

## Kerrur



Brenderup 1205S Innanmál: 203x116x35cm - burðargeta 610kg - 13" dekk -verð kr. 180.000 m/VSK. Lyfta.is - 421 4037 Njarðarbraut 1 Reykjanesbæ.



Hestakerrur, sýngarkerrur á staðnum. Viðgerða og varahlutaþjónusta. Topplausnir ehf. Lyngás 8, Garðabæ, s:517 7718 www.topplausnir.is / www.kerrusalan.is

## Vinnuvélar




Uppgerð Deutz 6 syl disel vél, árg. '85. 177hp, 130KW 1/2500mín typ. F6L413 F. Tilboð óskast. S. 893 2550.

## Hjólbarðar

### !!!TIL SÖLU!!!

Ný alveg ónotuð Firestone Dekk til sölu P 215/75 R15 Sambærileg og eru undir Honda CRV Uppl: 772-6238 /Einar b

4 stk. 275/70 16" á 6 gata álf. á 30þ., 4 stk. 185/65 14" á Carina álf. á 25þ., 4 stk. 155R 13" á felgum á 15þ., 4 stk., 185/65 14" á Impreza felgum á 20þ., 2 stk. 195/75 16" á 15þ., S. 896 8568.

### Þarftu að láta hjólastilla bílinn?

Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

## Bílaþjónusta

**GÆÐABÓN Ármúla 17a**
**Opið mán - fös 8-18**
**S. 568 4310**
**KRINGLUBÓN ekið inn stóri-litli turn.**

**Opið mán - fös 9-18, lau 10-18**
**S. 534 2455**
**Það besta fyrir bílinn þinn**
**Alþrif, djúphreinsun, mössun, teflon, blettun, bryngljái og leðurhreinsun.**

VAKA



Flytjum vinnuvélar og bifreiðar af öllum gerðum. VAKA SÍMI: 5676700

MOTHERS Polishes•Waxes•Cleaners



MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

## Varahlutir




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

### VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

vísir
Meiri Vísir.

## Japanskar Vélar Varahlutasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is japvel@carparts.is

## Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

## Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Pípulagnir
Vantar þér pípara? Hringdu í Rivus ehf S.8563030 rivus@rivus.is FAGLEG ÞJÓNUSTA

### Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar
Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
Trjáklippingar
Garðsláttur
Beðahreinsun
Stubbatæting
Garðaúðun
Þökulagnir
Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Gardlist.is

Alhliða garðaþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Tökum að okkur alhliða garðavinnu og hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsum og fleira.
Vönduð vinnubrögð!
Hjörleifur S. 844 6547
Róbert S. 866 9767

### MINIGRAFA
tilvalinn í garðinn gröfum fyrir öllu. Staurabor - Fleygur Fast verð eða tímavinna. Uppl. í síma 771 9800.

### Trjáklippingar
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

Trjá- og runnaklippingar! Baldur Gunnlaugs. skrúðgarðameistari s.848-6972 eða groinn.is

### TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

## Bókhald
Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

**Evrur til sölu**
**3% yfir seðlagengi**
**uppl. í síma. 857 6711.**

## Málarar

### Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir
- Rafmagn - Múrverk
-Smíðavinna- Flísalagnir
-Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun
Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

fagmenn.is
5 52 53 54
Málarar - Múrarar
Rafvirkjar - Píparar
Smiðir - Hönnuðir
Parket/Flísalagnir
Húsaviðgerðir

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.**
**Uppl. í síma 899 2420.**

### Óli smiður
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, sími 698 9608.

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

## Nudd
GOOD MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS 659 62 69

### Nudd
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

### GOTT NUDD - KR. 4500
TILBOÐ 2 SAMAN. Skrúbb, pottur, nudd og veitingar kr. 9900. DETOX-ÚTHR. Heilsumat og veitingar kr. 5500. DETOX 2 SAMAN heilsumat og veitingar kr. 9900. JB Heilsulind. S. 823 8280

THE BEST!!!LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! !869 8602.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

SPEGILL SÁLARINNAR. Fáðu táknræna leiðsögn með aðstoð tarotspila. Melkorka í s.6150677.

### Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar. Hvað viltu vita á nýju ári.Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

## Rafvirkjun

### Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

### RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

## Trésmíði
Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 856 5555.

## Önnur þjónusta

**Skraddarinn á horninu er fluttur á Skúlagötu 26, 3. Hæð. (Lyfta)**
**Opið mán-fös frá 10-17.**
**S. 552 5540 og 861 4380.**



### Green-house
Fallegur danskur fatnaður. Eldri vörur seldar með afslætti. Opið í dag 13-19. Green-house Rauðagerði 26

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Kauptu blekhylki á Netinu fyrir 5.000 eða meira og þú færð fría heimsendingu eða ljósmyndapappír ef þú sækir!
Prentvörur
www.prentvorur.is

Ísskápar, þvottavélar, Eumenia með þurrkara, uppþvottavélar, þurrkarar, frystikista, stiga stýrissnjóþota, barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp, Tölvuflatskjár, Gaggenau ofn, Toyota Corolla XLI árg'95 S. 896 8568.

## Vélaleiga

# Til leigu
**Bjóðum til leigu vel útbúnar hjólagröfur með rototilt og ýmsum gerðum af skóflum**
KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is


www.frettabladid.is | 512 5000

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR AUSTUR-LAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 16 stöðum á Austurlandi og 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Fjöldi lausasölustaða á Austurlandi

Bónus, Egilsstöðum
N1 þjónustustöð, Egilsstöðum
Olís, Fellabæ
Samkaup Úrval, Egilsstöðum
Samkaup strax, Seyðisfirði
Grillskálinn Orka, Reyðarfirði
Krónan, Reyðarfirði
Olís, Reyðarfirði
Samkaup Strax, Eskifirði
Shellskáli, Eskifirði
Olís, Neskaupstað
Samkaup Úrval, Neskaupstað
Samkaup Strax, Fáskrúðsfirði
N1, Höfn
Nettó, Höfn
Olís, Höfn




Allt sem þú þarft...

## Fundir / Mannfanaður

### Ársfundur

Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands, boðar til ársfundar þriðjudaginn 12. apríl 2011 kl. 17.15 á Grand Hótel, Háteigi 4. hæð.

**Dagskrá:**
Skýrsla stjórnar.
Stjórnarkjör.
Önnur hefðbundin ársfundarmál.

Allir sjóðsfélagar eiga rétt á setu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti. Sjóðsfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórnin

## Útboð

HÚNAÞING VESTRA

### Útboð

**Skólaakstur í Húnaþingi vestra**

Sveitarstjórn Húnaþings vestra kt. 540598-2829, Hvammstangabraut 5, Hvammstanga, leitar hér með eftir tilboðum í akstur grunnskólabarna í Húnaþingi vestra. Boðinn er út samningur um skólaakstur fyrir skólaárin 2011/2012 til 2014/2015.
Útboðsgögn liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og eru afhent gegn 1000 kr. greiðslu.
Gögnin má einnig nálgast endurgjaldslaust á vefslóðinni
**http://hvammstangi.ismennt.is/skolaakstur.pdf**

Í úboðsgögnunum er skilgreint það aksturskerfi sem áætlað er að aka eftir á skólaárinu 2011-2012, ásamt búsetu nemenda og vegalengdum á hverri leið. Tilboð má gera í heildarakstur eða einstakar leiðir, eina eða fleiri.

Tilboðum ásamt sakavottorði þess sem tilboðið gerir skal skila á skrifstofu Húnaþings vestra eigi síðar en kl. 11:00, 12. apríl 2011 og verða tilboðin þá opnuð. Bjóðendum er heimilt að vera viðstaddir. Sveitarstjórn áskilur sér allt að 15 daga frest til að vinna úr tilboðunum. Einnig áskilur sveitarstjórn sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Húnaþingi vestra 25. mars 2011

Skólastjóri

## Tilkynningar

SELTJARNARNESBÆR

### Kjörskrá fyrir Seltjarnarnesbæ - Kjörfundur 9. apríl í Valhúsaskóla

Kjörskrá Seltjarnarnesbæjar vegna þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl 2011 liggur frammi, almenningi til sýnis, á bæjarskrifstofum Seltjarnarness Austurströnd 2, í þjónustuveri á 1. hæð frá 30. mars 2011, mánudaga til fimmtudaga kl. 8.45 - 16.00 og föstudaga 8.45 - 14.00.

Kjósendur eru hvattir til að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskránni. Athugasemdum við kjörskrá skal beina til bæjarstjórnar.

Kjörfundur á Seltjarnarnesi, þann 9. apríl 2011, er í Valhúsaskóla við Skólabraut, og hefst kl. 9.00 og lýkur kl. 22.00. Aðsetur kjörstjórnar á kjördag er í Valhúsaskóla.

**Munið eftir persónuskilríkum.**
Seltjarnarnesi 29. mars 2011.
Yfirkjörstjórn Seltjarnarness


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími 849 0698
www.bathmate.is



NÝJAR VÖRUR! Töskur, kjólar, skokkar og fl. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

Rósir 490 kr. stk.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ S. 568 9120



**BARA KRÚTTLEGIR**
Bjóstahaldarar kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.

## Til bygginga

Hjóla og veggjapallar




KVARNIR
Tunguhåls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

## HEILSA

### Heilsuvörur

Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fasteignir til leigu

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

### TIL LEIGU

**Borgartún 31 – Reykjavík.**



Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á mjög góðum stað við Borgartún 31 í Reykjavík. Um er að ræða ca. 250 fm. húsnæði á 3. hæð með eldhúsaðstöðu. Lyfta er í húsinu. Húsið er allt í mjög góðu ástandi bæði að innan sem utan. Nánari upplýsingar veita sölumenn Fjárfestingar í síma 562-4250 eða Hilmar í síma 896-8750.

**Skógarhlíð 12 – Reykjavík.**



Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlíð 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða 3. hæðina sem er skipt niður í ca. 80, 150 og 350 fm. einingar. Einnig er jarðhæðin, ca. 550 fm., til leigu sem hægt er að skipta niður.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

## Ýmislegt



Indjánagufa í Mosfellsbæ helgina 1.-3. apríl Tökum á móti 7-15 manna hópum. Uppl. á www.heilsukjarninn.is eða í s 820 0800

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið

Netleikir breyta krónum. í usd ? Námskeið
SparA@netland.is

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Útilegubúnaður




Vatnsheldar töskur og pokar 5 ára ábyrgð Hirzlan Smiðsbúð 6 Sími 564-5040 www.hirzlan.com

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu ca. 70 fm íb. á jarðh. í Hammrahv. í Grafv. leiga 85þ.mán. + hiti /raf dýr ekki leyfð og reyklaus íb. uppl. ís: 567 5322.

Noðurgata 17 Akureyri 100Fm 3 herb. kjallari, bað og garður.

25fm snotur stúdíó íbúð með eldhús aðstöðu og baðbergi í hjarta Hfj. Uppl. í s. 660 6082.

2 herb. til leigu á svæði 104. Verð 80 þús pr.mán. 2 room apartment for rent. Price 80 thous pr.month. contact number 698 3211.

### Húsnæði óskast

Herbergi óskast í grennd við Laugardalinn. Uppl. í s. 694 7179

### Sumarbústaðir

Góður sumarbústaður óskast til leigu um páskana Reglusemi og góðri umgengni heitið S. 659 9508.

### Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar-og lagerhúsnæði í Hafnarfirði til leigu. Ýmsar stærðir. S. 6601060, 8224200

### Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**CAFE OLIVER !**
Óska eftir kokkum. Mikil vinna og góð laun í boði fyrir réttan aðila. Áhugasamir sendi póst á arnar@cafeoliver.is

**Málarar**
Húsfélagið Þorláksgeisla 43 óskar eftir tilboði í málun og gluggum ofl. uppl. 897 0456 eða vordur@internet.is

**Nonnabiti**
Duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabitum. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20 ára. Uppl. í s. 899 1670 og á Nonnabitum.

Spjalldömur Rauða Torgið leitar samstarfs við spjalldömur, góðir tekjumöguleikar fyrir duglegar og skemmtilegar konur. Uppl. á RaudaTorgid.is og PurpleRabbit.eu


Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Þú...

## ... getur komið í viðskipti til okkar!

Suðurnesjakveðjur, Elsa, Jóna Björg, Magga og Ásdís Ýr




Dynamo Reykjavík

Suðurnesjamenn, velkomnir í viðskipti hjá okkur. Kynnið ykkur þá þjónustu sem við höfum að bjóða á **byr.is**.
Höfum opnað útibú að Hafnargötu 90, Reykjanesbæ.

Komdu í heimsókn og kannaðu hvað við getum gert fyrir þig.

Sími 575 4000 I byr@byr.is I www.byr.is

**BYR**
REYKJANESBÆR

# tímamót

timamot@frettabladid.is



48 **ELLE MACPHERSON** ofurfyrirsæta er 48 ára.

*„Mér finnst óþægilegt að einblína á útlitið, en finnst ég fallegust þegar ég er sátt við sjálfa mig, hugulsöm við aðra og les bækur fyrir börnin mín.“*

## Merkisatburðir

**1787** Jón Eiríksson konferensráð deyr með sviplegum hætti í Kaupmannahöfn, 59 ára.

**1881** Bjarndýr skotið á Látrum við Eyjafjörð.

**1947** Heklugos hefst eftir 102 ára hlé. Gosmökkurinn náði 30 kílómetra hæð og aska barst til Evrópu.

**1961** Lög um launajöfnuð kvenna og karla staðfest.

**1985** Maður frá Akureyri fellur í jökulsprungu í Kverkfjöllum og er bjargað eftir 32 tíma.

**2004** Írar banna fyrstir þjóða reykingar á almannafæri.

**ÞETTA GERÐIST** 29. MARS 1970

## Henný Hermanns fegurst í heimi



Henný Hermannsdóttir, 18 ára Reykjavíkurmær, var kjörin Miss Young International Beauty í keppni sem fram fór í Tókýó í Japan fyrir 41 ári. Henný hlaut 3.000 dali og fjölmargar gjafir í sigurlaun, auk fjölda tilboða.

Forsaga málsins var sú að Japaninn Charlie See hafði komið til Íslands í janúar sama ár og valið Henný úr stórum stúlknahópi til að koma fram fyrir Íslands hönd í fegurðar- og hæfnikeppninni, sem þá var hin fyrsta sem fór fram en alls kepptu stúlkur frá 42 löndum. Keppnin hafði staðið í tólf daga þegar perlum skrýdd kóróna var sett á höfuð Hennýar, en auk þess fékk hún tvo silfurbikara og til stóð að gera vaxmynd af Henný í eðlilegri stærð og íslenskum þjóðbúningi við hlið Brigitte Bardot á vaxmyndasafni Tókýó.

Í samtali við Vísi 1970 segist Henný hafa tárast en ekki gert sér minnstu vonir þegar hún komst í 15 manna úrslit, en í keppninni var hæfni þátttakenda reynd á ýmsum sviðum.

## AFMÆLI



**HERA BJÖRK ÞÓRHALLSDÓTTIR** söngkona er 39 ára.



**ÞÓRIR BALDURSSON** tónskáld er 67 ára.



**HALLDÓRA BJÖRNSDÓTTIR** leikkona er 45 ára.



**LAUFEY STEINGRÍMSDÓTTIR** matvælafræðingur er 64 ára.



**FRÓÐ UM KONUR** Erla Hulda Halldórsdóttir hefur um árabil fengist við rannsóknir á sögu kvenna og birt niðurstöður þeirra á íslenskum og erlendum vettvangi. Nýverið lagði hún fram doktorsritgerð sína, Nútímans konur, við Sagnfræði- og heimspekideild. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ERLA H. HALLDÓRSDÓTTIR SAGNFRÆÐINGUR: UM MENNTUN KVENNA Á 19. ÖLD

# Dásamlegar en takmarkaðar

„Menn óttuðust menntun kvenna á 19. öld því hún vakti konur af værum blundi og gerði þær meðvitaðri um að þær mættu og gætu meira. Því hefur hún verið kölluð „kynjapólitískt sprengiefni“ sem braut upp formgerðir samfélaga og breytti hugmyndum fólks um hlutverk og eðli kvenna,“ segir Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur sem í dag flytur síðasta fyrirlesturinn í fyrirlestraröð Minjasafns Reykjavíkur um konur í Reykjavík á 19. öld.

„Vitaskuld þótti hættulegt að konur færu að hugsa meira um sjálfar sig og til dæmis þótti varhugavert að sveitastúlkur menntuðu sig því þá urðu þær fínar með sig og fráhverfar sveitinni,“ upplýsir Erla og vísar til gríðarlegrar umræðu víða um lönd um menntun kvenna á þessum tíma, en margir karlmenn urðu strax öflugir talsmenn kvenréttinda þótt fljótlega kæmi fram sterkur andróður um að ekki mætti mennta konur í hverju sem væri.

„Menntun mundi gera þær að karlkonum, auk þess sem þær skorti einfaldlega hæfileika og næga rökhugsun til að geta tekist á við pólitík, flókinn reikning eða náttúruvísindi, eins dásamlegar og þær voru að öðru leyti, eins og hvað varðaði næmi og tilfinningagreind til að takast á við uppeldi barna,“ segir Erla um spennandi innihald fyrirlestur síns. Hún kallar hann Frökenerne Johnsen og uppfræðing kvenna, eftir systrunum Þóru og Ágústu Johnsen, dætrum Gríms Jónssonar, amtmanns á Möðruvöllum. Þóra stofnaði meðal fleira fólks Kvennaskólann í Reykjavík 1874 og Ágústa lítinn stúlknaskóla í Dillonshúsi 1851, en þar kenndi hún barnungum dætrum embættismanna frönsku, sögu og hannyrðir, ásamt því að standa fyrir salonkvöldum með nemendum sínum.

„Franska var heimsmál á þessum tíma, en á árunum 1850-70 vildu margir meina að Reykjavík væri hálfdönsk og hálffrönsk. Þá voru franskar skútur á veiðum meðfram allri suðurströndinni og þeim fylgdu herskip til verndar, sem lágu við Reykjavíkurhöfn sumar eftir sumar. Franskir yfirmenn og skipverjar áttu í miklum samskiptum við bæjarbúa og þá þótti gott að geta talað frönsku, auk þess sem herforingjarnir buðu á dansleiki í herskip sín. Einnig var lenska í þá tíð að allar heldri manna stúlkur lærðu frönsku til að verða dyggðum prýddari og geta staðið í samræðum við fólk sem skipti máli,“ segir Erla sem einnig fjallar um tilraunir heldri kvenna til að skóla hinar lægra settu með handavinnu- og sunnudagaskólum.

Fyrirlestur Erlu fer fram klukkan 17 á Landnámssýningunni, Aðalstræti 16. Allir eru velkomnir og ókeypis aðgangur.

**thordis@frettabladid.is**




✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Þórey Einarsdóttir**
kennari,
Mávahlíð 23, Reykjavík,

lést á Krabbameinslækningadeild Landspítalans föstudaginn 25. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Smári Þórarinsson**
**Örvar Þóreyjarson Smárason** **Birgitta Birgisdóttir**
**Vala Smáradóttir** **Illugi Torfason**
**Adda Smáradóttir**
**Alda Örvarsdóttir og Þórey Illugadóttir**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hreinn Óskarsson**
múrari, Mýrarvegi 113, Akureyri,

lést fimmtudaginn 24. mars. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 4. apríl kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Sigurjóna Kristinsdóttir**
**Margrét Kristín Hreinsdóttir** **Sigurður Valur Ingólfsson**
**Agnea Björg H. Sandvold** **Jon Christian Sandvold**
**Guðrún Hreindís Hreinsdóttir**
**Kristinn Hreinsson** **Kolbrún Jónsdóttir**
**og afabörn**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðbjartur Á. Kristinsson**
múrari, Dalseli 20,

sem andaðist 22. mars í Skógarbæ, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 30. mars kl. 13.00.

**Helga Pétursdóttir**
**Guðrún Guðbjartsdóttir** **Guðjón Þ. Sigfússon**
**Kristinn H. Guðbjartsson** **Laufey Ó. Hilmarsdóttir**
**Álfheiður J. Guðbjartsdóttir** **Olaf Sveinsson**
**og barnabörn**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Áskell V. Bjarnason**
skipasmiður, Ránargötu 18, Akureyri,

lést á heimili sínu mánudaginn 21. mars. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 1. apríl kl. 13.30.

**Þórhildur Margrét Ingólfsdóttir**
**Jakobína Elín Áskelsdóttir** **Rúnar Davíðsson**
**Bjarni Áskelsson** **Anna Rósa Magnúsdóttir**
**Ingólfur Áskelsson** **Helga Signý Hannesdóttir**
**Sæmundur Guðmundsson**
**og afabörn**



✝

*Okkar ástkæri*

**Eyþór Ágústsson**
fæddur í Flatey á Breiðafirði, búsettur í Stykkishólmi,

varð bráðkvaddur í Flatey þann 24. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Dagbjört Höskuldsdóttir**
**Óskar Eyþórsson** **Helga Sveinsdóttir**
**Ingveldur Eyþórsdóttir**
**Aðalsteinn Þorsteinsson** **Helga Finnbogadóttir**
**Höskuldur Þorsteinsson**
**og barnabörn.**

markhonnun.is

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*




## ÝSUBITAR
FERSKIR Í RASPI
**1.198 kr/kg**
áður 1.498 kr/kg

# FISKUR VIKUNNAR!




### ÝSUBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR
FERSKIR
**899 kr/kg**
áður 1.098 kr/kg




### ÞORSKBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR
FERSKIR
**999 kr/kg**
áður 1.298 kr/kg




### LAXABITAR
2 STK./PK.
**799 kr/pk.**
áður 898 kr/pk.




### HVÍTLAUKSBRAUÐ
175 G
**99 kr/stk.**
Tilboðsverð!




### FRANSKAR KARTÖFLUR
900 G RIFFLAÐAR
**296 kr/pk.**
áður 389 kr/pk.




### RÆKJUR - SALAT
500 G
**599 kr/pk.**
Frábært verð!




### RÆKJUR - ÚRVALS
500 G
**698 kr/pk.**
Frábært verð!




### RÆKJUR - SMÁ
500 G
**579 kr/pk.**
Frábært verð!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl
gildir meðan birgðir endast



†

*Okkar ástkæra sambýliskona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Ingibjörg Sverrisdóttir**

frá Dúki,

andaðist mánudaginn 21. mars. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju fimmtudaginn 31. mars kl. 14.00. Jarðsett verður í Reynistaðarkirkjugarði. Þeir sem vilja minnast hennar láti Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki njóta þess.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Einar Jakobsson.**



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Sigurlaug Svana Benjamínsdóttir**

lést í Düsseldorf þann 14. mars síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í Þýskalandi.

**Hjalti Sigurðsson, Guðrún Ólafsdóttir**
**Ísleifur Egill Hjaltason**
**Gyða Dröfn Hjaltadóttir**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Úrsula Magnússon**

Garðbraut 85, Garði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, mánudaginn 21. mars. Útför Úrsulu verður frá Útskálakirkju föstudaginn 1. apríl kl. 15.00.

**Friðrik Ívarsson** **Anna Dóra Garðarsdóttir**
**Guðjón Ívarsson** **Erla Elísdóttir**
**Magnea Ívarsdóttir** **Jón Rósmann Ólafsson**
**Óskar Ívarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Guðbjartur Kjartansson**

Furugrund 40, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 31. mars kl. 15.00.

**Bryndís Kjartansdóttir** **Karl Arason**
**Ágústa Kjartansdóttir** **Ólafur F. Ólafsson**
**Halldór V. Kjartansson**
**Svanhvít Kjartansdóttir** **Einar S. Sigurðsson**
**Bára Kjartansdóttir**
**og systkinabörn**



†

**Guðmundur Sveinsson**

frá Gröf í Þorskafirði

lést í Barmahlíð á Reykhólum fimmtudaginn 24. mars. Útförin verður frá Reykhólakirkju laugardaginn 2. apríl kl. 14.00. Blóm afþökkuð en þeir sem vilja minnast hans láti Dvalarheimilið Barmahlíð njóta þess.

**Halldóra Guðjónsdóttir**
**og fjölskylda.**

# Hollvinasamtök Óss stofnuð

Stofnfundur Hollvinasamtaka Barnaheimilisins Óss, Vinir og vinkonur Óss, verður haldinn laugardaginn 2. apríl næstkomandi. Ós er nú á þrítugasta og níunda aldursári og eini foreldrarekni leikskóli landsins.

„Foreldrar koma inn á ýmsum sviðum við rekstur leikskólans," útskýrir Harpa Rut Hilmarsdóttir, sem undirbýr stofnfund samtakanna. „Ós er ekki hluti af opinberu kerfi Reykjavíkurborgar en er styrktur af borginni eins og aðrir leikskólar. Foreldrar sjá um að greiða starfsfólki laun, sjá um þvotta á leikskólanum og allt viðhald. Ef matráðurinn veikist er auglýst eftir afleysingu meðal foreldra og það býður sig alltaf einhver fram. Hér taka allir þátt í öllu," segir Harpa og bætir því jafnframt við að Ós sé vegna þessa foreldrum kær.

„Við höfum lagt svo mikla vinnu í starfið og þegar það leit út fyrir að við yrðum að hætta rekstrinum urðum við að bregðast við. Tilgangur samtakanna er að koma á fót baklandi sem getur stutt við ýmsar nauðsynlegar aðgerðir sem bæta Barnaheimilið Ós. Samtökin eru líka stofnuð til að halda utan um samfélagið kringum Ós sem er mjög sérstakt og sterkt. Í þriðja lagi stofnum við samtökin til að halda utan um sögu þessa merka fyrirbæris sem Ós er og draumurinn er að gefa hana út í einhvers konar riti," segir Harpa.

Dagskrá fundarins á laugardaginn hefst klukkan 16 í bíósal Austurbæjarskóla. Þar mun Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafi og einn stofnenda Óss segja frá hugsjónastarfinu og gleðinni í kringum upphafið. Fjórir 18 ára fyrrverandi nemendur á Ósi flytja Óslagið, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flytur erindið „Í bárujárnshús við Bergþórugötu", Klara Rosatti og Diljá Þorbjargardóttir, fyrrverandi nemendur flytja lag á fiðlu og þverflautu, Björgvin Franz Gíslason, gamall Ósari, segir frá minningum sínum sem leikskólabarn á Ósi og Gunnar Ingi Halldórsson flytur fyrirlesturinn: Kæra vinkona pabbi.

Að lokinni dagskrá í Austurbæjarskóla verður haldið yfir á Bergþórugötuna þar sem boðið verður upp á veitingar.

Hollvinasamtökin Vinir og vinkonur Óss eru einnig á Facebook. **- rat**



**BARNAHEIMILIÐ ÓS** Hefur verið starfrækt af foreldrum hátt í fjörutíu ár.

# Dagskrá í Edinborgarhúsi

Alþjóðlegur barnabókadagur IBBY er laugardaginn 2. apríl. Af því tilefni verður dagskrá um barnabókmenntir í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þann dag. Að þessu sinni ber hún yfirskriftina Börn og umhverfi. Dagskráin er fjölbreytt enda ætluð sem skemmtun fyrir bæði börn og fullorðna. Þar verður fólki kennt að flokka rusl og verða erindi um útikennslu, útivist og umhverfisvitund. Bryndís Birgisdóttir heldur fyrirlestur um útikennslu og Atli Freyr Rúnarsson fjallar um útivist

Í Edinborgarsal verður dagskrá og afþreying fyrir börn, upplestur, bíómyndir tengdar barnabókum, úrval af bókum til að skoða og lesa og margt fleira.



**EDINBORGARHÚSIÐ** Börn og umhverfi er yfirskrift dagskrár í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardaginn.

Húsið er opið milli klukkan 14 og 17. Aðgangur er ókeypis og boðið verður upp á veitingar.



**SIGURÐUR PÁLSSON** Fjallar um verk sitt Utan gátta í hádegisfyrirlestri á Háskólatorgi.

# Sigurður talar um Utan gátta

Námsbraut í ritlist og Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands hafa á vormisseri, líkt og undanfarin tvö misseri, efnt til hádegisfyrirlestra undir yfirskriftinni Hvernig verður bók til?

Fimmtudaginn 31. mars er röðin komin að Sigurði Pálssyni rithöfundi að fjalla um leikrit sitt Utan gátta. Það naut fádæma vinsælda í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma og hlaut Grímuverðlaunin 2009 sem besta sýning ársins. Auk þess var Sigurður valinn leikskáld ársins.

Sigurður mun í fyrirlestrinum lýsa vinnulagi sínu frá hugmynd að fullfrágengnu verki og ræða um viðhorf sín til skáldskaparins.

Fyrirlesturinn verður haldinn á Háskólatorgi – HT105 – klukkan 12. **- fsb**



**TÓNLIST** Eyvindur Karlsson og félagar hans í Misery Loves Company leika á Café Rosenberg í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Misery á Rosenberg

Hljómsveitin Misery Loves Company leikur fyrir snökti á Café Rosenberg við Klapparstíg í kvöld klukkan 21. Þar flytja meðlimir sveitarinnar tóna úr eigin smiðju, auk tökulaga frá meisturum á borð við Tom Waits, Nick Cave, Leonard Cohen, Randy Newman, Bjartmar Guðlaugsson og fleiri. Aðgangur er ókeypis. **- fsb**



†

*Elskulegur sonur minn, bróðir og mágur,*

**Steindór Gunnarsson**

sem varð bráðkvaddur á Kanaríeyjum 19. mars, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 1. apríl klukkan 10.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Jakobs Jakobssonar hjá Knattspyrnufélagi Akureyrar. Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilegt íþróttafólk í KA.

**Guðrún Sigbjörnsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir** **Gunnar Kristinsson**
**Gunnar Gunnarsson**
**Guðbjörg Þorvaldsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Birna Matthildur Eiríksdóttir**

áður til heimilis að Lindasíðu 4, Akureyri,

andaðist þriðjudaginn 22. mars. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 31. mars kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Dvalarheimilið Hlíð njóta þess.

**Reynir Viðarsson** **Anna Margrét Björnsdóttir**
**Björk Viðarsdóttir** **Valdimar Freysson**
**Gígja Viðarsdóttir**
**Harpa Viðarsdóttir** **Þorvaldur Jónsson**
**Ruth Viðarsdóttir** **Teitur Birgisson**
**ömmu og langömmubörn.**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** dýpi, **6.** mannþyrping, **8.** sefa, **9.** andlit, **11.** tveir eins, **12.** snjáldur, **14.** aldin, **16.** átt, **17.** vel búin, **18.** ílát, **20.** mun, **21.** kk nafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fjötra, **3.** bogi, **4.** stjórnmál, **5.** mál, **7.** hver og einn, **10.** sjón, **13.** gogg, **15.** sæla, **16.** sjáðu, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dýpt, **6.** ös, **8.** róa, **9.** fés, **11.** ll, **12.** trýni, **14.** hnetu, **16.** sv, **17.** fín, **18.** ker, **20.** ku, **21.** orri.

**LÓÐRÉTT: 1.** höft, **3.** ýr, **4.** pólitík, **5.** tal, **7.** sérhver, **10.** sýn, **13.** nef, **15.** unun, **16.** sko, **19.** rr.






# Búum til börn

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Einu sinni setti enskur heimspekingur fram þá tilgátu að við fæðingu væri manneskjan óskrifað blað. Um helgina setti Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, fram þá tilgátu í samtali við fréttastofu RÚV að við fæðingu væri manneskjan óútfyllt ávísun. Þess vegna þyrfti að rannsaka hvort efnalitlar, einhleypar konur hömuðust við að punda út börnum og maka krókinn á velferðarkerfinu.

**KRISTÍN** baðst afsökunar í gær á því hvernig orð sín „komu út“, svona upp á íslenska mátann. Það er gott að sjá að sér þegar tilefni er til en að hinu er að gá að þótt illa ígrunduð ummæli séu sett í samhengi eru þau samt illa ígrunduð. Önnur ummæli í sömu frétt vöktu líka athygli mína, ekki síst vegna þess að þau voru í algjörri mótsögn við þau fyrri. Kristín undraðist það nefnilega að hér hefði ekki dregið úr fæðingum eftir hrun og þótti „sérkennilegt miðað við þessar erfiðu aðstæður að fólk skuli ekki fresta því að eignast börn“.

Sérkennilegt miðað við þessar aðstæður að fólk skuli ekki fresta því að eignast börn. Það er eins og barneignir séu komnar í flokk með jeppum, flatskjáum, utanlandsferðum og öðrum óþarfa lúxus sem við getum ekki leyft okkur þegar harðnar á dalnum. Afskaplega er þetta eitthvað köld og frjálshyggjuleg afstaða. Að fólk geti gjört svo vel og slegið lífinu á frest vegna þess að skuldastaða þess gagnvart eignastöðu er ekki jákvæð.

**ÞAÐ** er spurning hvort stjórnvöld ríði ekki á vaðið og gefi út einhvers konar efnahagslegan barneignastuðul, þannig að getnaðurinn geti farið fram með góðri samvisku. Þegar þarf að draga úr þeim gæti forsætisráðherra stappað í okkur stálinu með innblásnum þjóðhátíðarræðum: „Hluti þess nýja vanda, sem nú er við að fást, birtist okkur í greiðslum á fæðingarorlofi og barnabótum. Eina leiðin til að bregðast við er að draga úr barneignum. Í stað þess að eiga þitt eigið barn, með tilheyrandi rekstrarkostnaði, fáið þá systkinabörnin lánuð yfir eina helgi. Drýgja má enn betri nýtingu á barna-auði með tilflutningi yfir í aðrar fjölskyldur. Nú ríður á að sýna ráðdeild.“

**AUÐVITAÐ** eiga verðandi foreldrar að sýna ábyrgð og reyna að búa þannig um hnútana að börn þeirra þurfi ekki að líða skort og fái ást og umhyggju. Og ætli velflestir geri það ekki. Þess vegna hefði maður haldið að það væri fagnaðarefni að það fæðast ennþá börn á Íslandi. Það er kannski vísbending um að þegar allt kemur til alls er staðan ekki endilega jafn slæm og við erum gjörn á að telja okkur trú um.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott







# Freyðandi undanrenna

Leiklist ★

**Farsæll farsi**
Leikfélag Akureyrar

**Höfundar:** Philip LaZebnik og Kingsley Day. Þýðing og staðfærsla: Karl Ágúst Úlfsson. Leikarar: Edda Björg Eyjólfsdóttir og Jóhann G. Jóhannsson. Leikstjóri: María Sigurðardóttir

Farsæll farsi er bandarískur gamanleikur sem hefur verið íslenskaður og staðfærður af Karli Ágústi Úlfssyni. Þýðingin er góð en ekki eru hjónakornin mjög trúverðug sem Akureyringar í borgarferð fremur en aðrar persónur verksins eru miklir Íslendingar. Það er oft fremur hæpið að ætla að staðfæra leikrit og í þessu tilviki er það fremur hjákátlegt. Verkið sjálft er svo þunnt og innihaldslaust að það er skömminni skárra að ímynda sér að sjónvarpskonan Ellý og aðrar persónur séu Ameríkanar heldur en Íslendingar.

Verkið segir frá hjónunum Rebekku og Herberti, sem búa á Akureyri en eru komin suður til Reykjavíkur til að kynna afrakstur tíu ára vinnu Herberts, bókina Farsælt hjónaband, sem er sjálfshjálparbók ætluð hjónum sem vilja viðhalda hamingju í hjónabandi. Það sem áhorfendur sjá af hjónabandi Herberts og Rebekku, á hótelherbergi í Reykjavík eitt síðdegi, er þó ekki jafn fullkomið og bókartitillinn gefur til kynna.

Farsæll farsi er sem sagt hótelherbergjafarsi sem gengur út á framhjáhald, feluleik og misskilning á milli þeirra tíu persóna sem í verkinu eru. Hlutverkin eru öll leikin af leikurunum Eddu Björgu Eyjólfsdóttur og Jóhanni G. Jóhannssyni og þar liggja stærstu mistök leikstjórans. Það þarf yfirnáttúrulega hæfileika til að tveir leikarar haldi uppi þeirri spennu sem jafn innihaldslaust verk krefst. Áhorfandinn veit að leikararnir eru bara tveir og því myndast engin spenna þó annað hjóna ætli inn um forboðnar dyr þar sem þriðji aðili á að vera inni. Það er meira spennandi að vita hvort þeim tekst að skipta um gervi í tæka tíð.

Leikararnir stóðu sig með ágætum og hafa áður sýnt á sviði LA að þau eru velhæfir gamanleikarar sem og leikhússtjórinn María sem hefur margsýnt að hún á fína takta sem leikstjóri þó svo henni hafi brugðist bogalistin að þessu sinni. Sviðsmyndin er ósköp venjuleg.

Farsæll farsi er innantómt verk sem kannski hefði verið hægt að glæða lífi með fleiri leikurum, en það er ógjörningur að tveir leikarar nái að skapa þá spennu sem verkið krefst til að hægt sé að brosa að feluleikjamisskilningsbrellunum. Ekki veit ég hvað Leikfélagi Akureyrar gengur til með að bjóða bæjarbúum og öðrum sem leikhúsið sækja upp á aðra eins undanrennu. Ef það vantaði farsa þá eru til góðir farsar og það með boðskap. Nægir þar að nefna ítalska Nóbelsskáldið Dario Fo.

En við eigum líka til nóg af íslenskum leikritum sem eiga erindi við okkur. Það þarf ekki að sýna farsa til að fólk flykkist í leikhús og nægir að minna á gestasýningu Þjóðleikhússins á Íslandsklukkunni sem sýnd var hér fyrr í vetur fyrir fullu húsi. Í efnahagsþrengingum kallar fólk eftir góðri list, í leiklist jafnt og öðrum listgreinum og gott leikhús er eins og spegill sem við speglum okkur í. Spegill fortíðar, lífsins eins og því var og er lifað og bendir okkur á hvernig hægt er að lifa því. Í kreppuástandi þarf fólk á áttavita listarinnar og uppörvun að halda. Við skulum vona að næsta leikár Leikfélags Akureyrar verði metnaðarfyllra en það sem nú er að kveðja.

**Sigurbjörg Árnadóttir**

**Niðurstaða:** Innantómt verk og allt of mikið lagt á tvo ágæta leikara að reyna að ljá því líf.



## Kammerkór í Kristskirkju

**Kammerkór Reykjavíkur flytur Messu í g-dúr eftir Franz Schubert á tónleikum í Kristskirkju í kvöld klukkan 20. Á tónleikunum verða einnig flutt verk eftir Felix Mendelssohn og Franz Liszt.**

**Nokkur íslensk verk eru líka á efnisskránni í kvöld, meðal annars eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson og Sigurð Bragason, sem er jafnframt stjórnandi á tónleikunum. Þá verður frumflutt verk í nýrri útsetningu fyrir kammerkór og einsöng eftir Oliver Kentish.**

**Einsöngvarar úr röðum kórfélaga eru þau Bryndís Guðnadóttir, Elín Halldórsdóttir, Erla Gígja Garðarsdóttir, Gunnar Þorgilsson, Hrafn Arnórsson, Páll Tómas Viðarsson, Smári Vífilsson, Særún Harðardóttir og Vilborg Helgadóttir. Organisti er Bjarni Þ. Jónatansson.**



# Leikur kærustu Ofurmennisins

Leikkonan Amy Adams hefur hreppt hlutverk kærustu Súpermans í nýrri mynd um ofurhetjuna. Aðdáendur hafa beðið spenntir eftir að leikakonuvalið yrði opinberað enda hlutverk Lois Lane viðamikið í sögunni um Súperman. Adams þurfti að etja kappi við þekktar leikkonur á borð við Mila Kunis og Kristina Anapau í prufum fyrir hlutverkið en vandræðagemlingurinn Lindsay Lohan var líka orðuð við það á sínum tíma.

Reiknað er með því að myndin verði frumsýnd jólin 2012 og er það breski leikarinn Henry Cavill sem leikur ofurhetjuna en bæði Kevin Costner og Diane Lane eru á leikaralistanum.



**HIN NÝJA LOIS LANE** Leikkonan Amy Adams hefur fengið hlutverk sem kærasta Súpermans í nýjustu myndinni um kappann. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hentu eldri upptökunum



**GAVIN PECKNOLD**

Þjóðlagapopparanir í Fleet Foxes þurftu að taka upp sína nýjustu plötu, Helplessness Blues, tvisvar sinnum. Upphaflega átti platan að koma út í fyrra. Ekkert varð af því vegna þess að söngvarinn Gavin Pecknold og félagar voru óánægðir með útkomuna. „Mér fannst við þurfa að laga ýmislegt. Mig langaði að klára plötuna og gefa hana út en um leið og við lagfærðum tvö af lögunum opnuðust flóðgáttir,“ sagði Pecknold.

# Hljóðrituðu átta smelli

**Gömlu félagarnir Magnús og Jóhann skelltu sér í hljóðver á dögunum og tóku upp átta lög. Magnús segir að upptökurnar hafi gengið vel.**

„Þetta var mjög skemmtilegt,“ segir tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson.

Upptökum er lokið á átta lögum sem verða á safnplötu Magnúsar Þórs og Jóhanns Helgasonar sem verður gefin út í vor í tilefni af fjörutíu ára samstarfi þeirra.

Tvö laganna eru ný og hafa þau fengið vinnuheitið Vor og Lífið. Hin lögin eru gömul eftir þá kumpána sem aðrir söngvarar hafa gert vinsæl, þar á meðal Ég labbaði í bæinn sem Vilhjálmur Vilhjálmsson söng á eftirminnilegan hátt. Einnig tóku þeir upp Ég gef þér allt mitt líf sem Björgvin Halldórsson og Ragnhildur Gísladóttir gerðu vinsælt, Þú ert mér allt sem Ellen Kristjánsdóttir söng, Play Me sem Þórunn Antonía, dóttir Magnúsar flutti, Keflavíkurnætur sem Jóhann og Rúnar Júlíusson sungu og Seinna meir sem Eiríkur Hauksson og félagar í Start gerðu vinsælt.

„Við tókum skemmtilegan vinkil á þessi lög. Okkur tókst vel að taka þau upp og syngja,“ segir Magnús Þór. „Þetta lagðist allt saman mjög ljúft niður.“

Á safnplötunni verða fjörutíu lög, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. Auk fyrrnefndu laganna verða þar Ástin og lífið og Blue Jean Queen sem eru á meðal vinsælustu laga Magnúsar og Jóhanns. Útgáfutónleikar í tilefni plötunnar eru fyrirhugaðir í Austurbæ í byrjun maí. freyr@frettabladid.is



**Í HLJÓÐVERINU** Magnús og Jóhann ásamt hljóðfæraleikurunum Kristni Snæ Agnarssyni, Jóni Ólafssyni, Stefáni Magnússyni og Eiði Arnarssyni á meðan á upptökunum stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tónlist ★★★

**The Dandelion Seeds**

The Dandelion Seeds

## Fræjum sáð úr tímavél



Það er auðheyrt strax á fyrstu tónum þessarar plötu hvert meðlimir hljómsveitarinnar The Dandelion Seeds hafa leitað eftir innblæstri. Fyrsta lagið á þessari fjögurra laga plötu, Fuzz-Shine, byrjar á skærum fuzz-gítar sem gæti verið tekinn frá einhverju 60's bandinu og svo kemur þetta líka Doors-lega orgel inn eftir nokkra takta.

Fuzz-Shine, sem hefur fengið töluverða spilun á Rás 2, er besta lagið á plötunni en hin þrjú eru ekkert slor heldur. The Dandelion Seeds heitir eftir samnefndu lagi með ensku sýrurokksveitinni July sem starfaði á árunum 1968-69. Hún naut ekki mikillar hylli á meðan hún starfaði, en gerði nokkur lög sem hafa lifað. The Dandelion Seeds er fimm manna band skipað tveimur gítarleikurum, bassaleikara, trommuleikara og orgel- og sítarleikara, en tveir meðlimanna skipta með sér söngnum. Tónlistin sækir stíft í skynörvandi tónlist seinni hluta sjöunda áratugarins, hvort sem við tölum um söng, lagasmíðar eða hljóðheim og hönnun umslagsins vísar beint í þann tíma líka.

Þessi fyrsta plata The Dandelion Seeds er skemmtilegt innlegg í íslensku poppflóruna. Það verður gaman að sjá á hvert meðlimir sveitarinnar fara með tónlistina á næstu plötum. Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Fín frumsmíð frá efnilegri sveit með fyrirmyndirnar á hreinu.



**REBECCA BLACK** Lady Gaga er ánægð með árangur Rebeccu Black á Youtube.

# Lady Gaga hrósar Black

**Söngkonan Lady Gaga er ánægð með árangur ungstirnisins Rebeccu Black sem hefur slegið í gegn á Youtube með laginu Friday. „Mér finnst Rebecca Black vera snillingur og þeir sem segja henni að hún sé hallærisleg eru hálfvitar,“ sagði Gaga og átti þar við árangur hennar á Youtube. Myndbandið hefur verið skoðað yfir fimmtíu milljón sinnum á síðunni. Um hundrað þúsund manns hafa fyrirfram lýst yfir ánægju sinni með myndbandið á netinu en yfir átta hundruð þúsund eru á öndverðum meiði og telja það hallærislegt.**


ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 8 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:20 | VIP |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:40 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 | 10 |
| UNKNOWN | kl. 10:10 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 8 - 10.30 | 10 |
| MARS NEEDS MOMS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 5.45 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | 6 - 8:20 - 10:30 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6:10 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |

SKANNAÐU SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LIMITLESS SÝND Í LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 5.40 - 8 - 10.25 | 12 |
| SEASON OF THE WITCH | KL. 10.15 | 14 |
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LOVE AND OTHER DRUGS | KL. 8 – 10.30 | 7 |
| BIUTIFUL | KL. 6 – 9 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10 | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| BLACK SWAN | KL. 6 | 16 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5%

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.

EKKI TILBOÐ

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| NO STRINGS ATTACHED | 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ENS TAL | 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 6, 8 og 10 |

BAR & CAFÉ BÍÓ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ROKLAND | 17:40, 20:00, 22:20 |
| THE FIGHTER (14) | 17:40, 20:00, 22:20 |
| FOUR LIONS (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 22:10 |
| INSIDE JOB | 22:40 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 850 KR. MIÐINN




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLANDSMEISTARAR SNÆFELLS** heimsækja Stjörnuna í Garðabænum í kvöld í öðrum leik liðanna í undanúrslitum Iceland Express deildar karla. Stjarnan vann fyrsta leikinn í Hólminum og því verður Snæfell að svara í kvöld. Upp úr sauð í lok síðasta leiks og má búast við látum einnig í kvöld.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express deild karla*

KR-Keflavík 87-79

KR: Marcus Walker 33/5 fráköst, Pavel Ermolinskij 24/16 fráköst/8 stoðsendingar, Hreggviður Magnússon 12, Brynjar Þór Björnsson 7/6 fráköst, Fannar Ólafsson 5/6 fráköst, Skarphéðinn Freyr Ingason 4, Finnur Atli Magnússon 2/6 fráköst.

Keflavík: Thomas Sanders 28/9 fráköst/6 stoðsendingar, Andrija Ciric 16/5 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 11/10 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 10/9 fráköst/5 stoðsendingar, Halldór Örn Halldórsson 6, Magnús Þór Gunnarsson 6/5 fráköst/5 stoðsendingar, Jón Nordal Hafsteinsson 2.

### *N1-deild karla*

**HK-Akureyri 29-32**

Mörk HK (skot): Bjarki Már Elísson 7/1 (11/1), Atli Karl Backmann 4 (5), Daníel Berg Grétarsson 3 (5), Sigurjón Björnsson 3 (5), Ólafur Bjarki Ragnarsson 3 (7), Atli Ævar Ingólfsson 3 (6), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 3 (7), Bjarki Már Gunnarsson 2 (4), Ármann Davíð Sigurðsson 1 (1), Léo Snær Pétursson 0 (1).

Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsson 18 (29/38%), Valgeir Tómasson 2 (2 / 50%)

Hraðaupphlaupsmörk: 1 (Vilhelm Gauti)

Fiskuð víti: 1 (Vilhelm Gauti)

Utan vallar: 2 mínútur (Bjarki Már)

Mörk Akureyrar (skot): Oddur Gretarsson 9 (11), Guðmundur Hólmar Helgason 7 (13), Daníel Einarsson 5 (7), Bjarni Fritzson 5 (11), Heimir Örn Árnason 4 (5), Hörður Fannar Sigþórsson 1 (3), Halldór Logi Árnason 1 (3).

Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 15 (26/1, 37%), Stefán Guðnason 0 (2) .

Hraðaupphlaup: 8 (Oddur 6, Bjarni 2).

Fiskuð víti: 0

Utan vallar: 8 mínútur.

**Valur-Afturelding 28-26**

Mörk Vals: Sturla Ásgeirsson 8, Ernir Hrafn Arnarson 4, Valdimar Fannar Þórsson 4, Anton Rúnarsson 4, Orri Freyr Gíslason 2, Finnur Ingi Stefánsson 2, Hjálmar Þór Arnarson 2, Fannar Þorbjörnsson 2.

Mörk Aftureldingar: Hilmar Stefánsson 6, Bjarni Aron Þórðarson 4, Arnar Freyr Theodórsson 4, Hrafn Ingvarsson 3, Þrándur Gíslason 3, Sverrir Hermannsson 2, Ásgeir Jónsson 2, Jóhann Jóhannsson 1, Reynir Árnason 1.

**Selfoss-FH 30-30**

Mörk Selfoss: Ragnar Jóhannsson 10, Atli Kristinsson 6, Guðjón Finnur Drengsson 4, Einar Héðinsson 4, Anrius Zigelis 2, Helgi Héðinsson 2, Milan Ivancev 1, Atli Hjörvar Einarsson 1.

Mörk FH: Ólafur Andrés Guðmundsson 9, Ólafur Gústafsson 6, Ásbjörn Friðriksson 4, Baldvin Þorsteinsson 4, Örn Ingi Bjarkason 4, Ari Magnús Þorgeirsson 2, Atli Rúnar Steinþórsson 1.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akureyri** | **19** | **14** | **3** | **2** | **553-502** | **31** |
| FH | 19 | 12 | 2 | 5 | 557-501 | 26 |
| **Fram** | **19** | **11** | **1** | **7** | **602-556** | **23** |
| HK | 19 | 10 | 0 | 9 | 571-574 | 20 |
| **Haukar** | **19** | **8** | **4** | **7** | **497-501** | **20** |
| Valur | 19 | 8 | 0 | 11 | 501-525 | 16 |
| **Afturelding** | **19** | **4** | **0** | **15** | **484-540** | **8** |
| Selfoss | 19 | 2 | 4 | 13 | 541-601 | 8 |

# Við skömmuðumst okkar og settum því í gírinn

**Hreint ótrúleg umskipti urðu í fyrsta undanúrslitaleik KR og Keflavíkur í gær. Heimamenn unnu, 86-79, eftir að Keflavík byrjaði með látum.**

**KÖRFUBOLTI** „Þetta var mjög sveiflukenndur leikur og Keflavíkurliðið byrjaði þetta fáránlega sterkt. Við vorum 95% tilbúnir en þurfum að vera 100% gegn svona liði,“ sagði Pavel Ermolinskij eftir að KR vann fyrsta leikinn í rimmunni við Keflavík í undanúrslitum Íslandsmótsins.

Gestirnir frá Keflavík byrjuðu af gríðarlegum krafti og tóku KR-ingar leikhlé um leið og mótherjar þeirra kláruðu að skora tíu fyrstu stigin. Þeir bættu svo við fjórum stigum áður en KR komst á blað.

Verulega athyglisverð byrjun og stórum hluta áhorfenda leist ekki á blikuna þar sem Keflvíkingar voru fimmtán stigum yfir eftir fyrsta fjórðung, staðan 11-26 og hittnin í algjöru lágmarki hjá KR-ingum.

Þegar líða fór á annan fjórðunginn vaknaði KR úr rotinu og varnarleikurinn var magnaður. Liðið breytti stöðunni úr 19-31 yfir í 33-31 og komst í fyrsta sinn yfir í leiknum. Mögnuð endurkoma og ótrúleg umbreyting á leiknum. Stemningin var algjörlega á bandi KR, hitinn í leiknum orðinn mikill og ljóst að hágæða skemmtun var fram undan. Staðan 39-34 í hálfleik.

Mikið jafnræði var með liðunum eftir hlé en KR-ingar sýndu skynsemi og yfirvegun, héldu Keflvíkingum fyrir aftan sig allt til loka og fögnuðu á endanum átta stiga sigri.

„Þeir bara tóku okkur í kennslustund í byrjun. Við vorum mjög sterkir að bregðast við þessu, það hefðu ekki allir gert það,“ sagði Pavel eftir leik en hvað var það sem vakti KR-inga?

„Við skömmuðumst okkar bara. Það var skammarlegt að horfa upp á þetta. Við vorum mjög lélegir á báðum endum vallarins. Við skömmuðumst okkar og settum í gír. Um leið og við spilum eins og við eigum að gera er erfitt að eiga við okkur. Við erum ekki mikið að hugsa um andstæðinginn heldur hugsum bara um sjálfa okkur.“

Pavel skoraði 24 stig og tók 16 fráköst í leiknum. Stigahæstur KR-inga var Marcus Walker með 33 stig. „Ég fann mig vel í dag og leið vel bæði líkamlega og andlega. Við kláruðum þetta bara. Það er stutt milli stríða og þetta er fín keyrsla. Ef við getum haldið sama hugarfari og við vorum með í dag hef ég ekki áhyggjur,“ sagði Pavel en liðin mætast aftur í Keflavík annað kvöld.

„Við byrjuðum leikinn eins og við ætluðum en fylgdum því ekki eftir,“ sagði Guðjón Skúlason, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn í gær. „Við vorum ekki nægilega klárir til að halda þessu forskoti og þess vegna endar þetta svona. Varnarlega vorum við ekki að framkvæma það sem við ætluðum að gera og ég á miklu meira inni hjá mínum sóknarmönnum. Ég held að menn viti alveg hvað það er sem þarf að laga og við erum í þessu til að klára það. Við förum yfir þetta og mætum ferskir á miðvikudaginn.“

**elvargeir@frettabladid.is**



**MAGNAÐUR** Pavel Ermolinskij átti enn einu sinni stórleik fyrir KR gegn Keflavík í gær. Með hann í slíku stuði tapar KR sjaldnast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GLEÐI** Akureyringar fagna sínum fyrsta titli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sögulegur áfangi:

# Akureyringar deildarmeistarar

**HANDBOLTI** Akureyri vann í gær HK, 32-29, í hreint mögnuðum leik í Digranesinu, en með sigrinum tryggðu norðanmenn sér deildarmeistaratitilinn. Akureyringar voru með tíu marka forskot í hálfleik og allt leit út fyrir að HK-ingar yrðu niðurlægðir á sínum eigin heimavelli.

Heimamenn komu virkilega sterkir til leiks í síðari hálfleik og náðu að minnka muninn í aðeins eitt mark, en lengra komust þeir ekki og Akureyringar unnu sinn fyrsta titill í sögu félagsins.

„Þetta er frábært fyrir félagið,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, mjög svo ánægður eftir sigurinn í gær.

„Ég er gríðarlega stoltur af þessum drengjum. Í byrjun þurfti ég að kynnast þeim aðeins en þeir eru búnir að sýna mér hversu megnugir þeir eru. Fyrri hálfleikurinn hjá okkur er líklega með því betra sem ég hef séð frá liðinu, en það gekk allt upp og við misnotuðum varla færi. HK-ingar komu síðan sterkir til baka varnarlega í síðari hálfleik og Björn Ingi fer að verja vel, en við slökuðum allt of mikið á. Við sýndum samt ákveðinn karakter að klára dæmið og það er það sem skiptir máli. Fyrir svona lið eins og okkur er alveg gríðarlega mikilvægt að hafa heimavallarréttinn í úrslitakeppninni, en við eigum alveg hreint stórkostlega áhorfendur sem eiga eftir að hjálpa okkur mikið,“ sagði Atli.

„Þetta var virkilega súrsætur leikur, en við mættum ekki til leiks fyrir en í hálfleik,“ sagði Kristinn Guðmundsson, annar þjálfara HK, eftir tapið í gær. **- sáp**




Alfreð Finnbogason lék á als oddi er íslenska U-21 árs liðið lagði England:

# Erum alltaf að endurskrifa söguna

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 árs liðið minnti enn og aftur hraustlega á sig í gær þegar það gerði sér lítið fyrir og fór til Englands og lagði heimamenn, 1-2. Englendingar voru sterkari framan af en svo komu strákarnir til baka og unnu sanngjarnan sigur.

Nathan Delfouneso kom Englendingum yfir eftir 13 mínútna leik en Arnór Smárason jafnaði metin skömmu fyrir hlé eftir frábæra sendingu Alfreðs Finnbogasonar, sem fór mikinn. Hólmar Örn Eyjólfsson skoraði síðan glæsilegt skallamark í síðari hálfleik eftir hornspyrnu. Það mark dugði til sigurs.

„Það er frábær stemning enda ekki á hverjum degi sem maður vinnur England,“ sagði Alfreð léttur við Fréttablaðið eftir leikinn. „Ef við lítum á seinni hálfleikinn þá eru þeir ekkert að skapa en við alltaf líklegri. Það leið öllum vel á vellinum og mikið sjálfstraust. Það sýndi sig. Þetta var afar sanngjarn sigur að mínu mati.“

Alfreð átti margar frábærar sendingar í leiknum og var illviðráðanlegur allan leikinn. Besti maður vallarins. „Ég fann mig mjög vel. Þetta er sama staða og ég spila með Lokeren og þarna líður mér vel. Ég var mikið í boltanum og fann félagana vel. Ég er virkilega sáttur við minn leik og liðsins,“ sagði Alfreð.

„Það er sérstakt að leggja England og þetta hlýtur að fara í sögubækurnar. Við erum alltaf að endurskrifa söguna og þetta er mikið og gott veganesti fyrir EM í sumar. Það vantar 5-6 menn og við sem erum að koma inn erum að gefa þjálfaranum skemmtilegan hausverk.“ **- hbg**



**FÖGNUÐUR** Alfreð og félagar fagna hér sigurmarki Hólmars í leiknum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES




# DANSAÐU ÞIG Í FORM

## 6 vikna Zumba námskeið að hefjast

4. & 5. apríl í Sporthúsinu & 11. apríl í Mosfellsbæ (Krikaskóla)

**Í Sporthúsinu**
**4. & 5. apríl**

mán + mið kl: 19.40
kennari: Berglind Petersen

mán + mið kl: 20.40
kennari: Berglind Petersen

NÝTT! þri + fim kl: 6.00
kennari: Bára Hilmarsdóttir

þri + fim kl: 16.30
Kennari: Bára Hilmarsdóttir

þri + fim kl: 18.30
kennari: Bára Hilmarsdóttir

**verð 13.900 kr.**

ATH! ótakmarkaður aðgangur að allri aðstöðu og öllum hóptímum í Sporthúsinu fylgir námskeiðagjaldi

**Í Mosfellsbæ (Krikaskóla)**
**11. apríl**

Zumba
mán + mið kl: 18.00
kennari: Berglind Petersen

Zumba
mán + mið kl: 19.10
kennari: Bára Hilmarsdóttir

**verð 11.900 kr.**

ZUMBA er sjóðheit líkamsrækt sem hefur farið sigurför um heiminn og er nú loksins komin til Íslands. Zumba er samblanda af fitness og dansi þar sem notast er við suður-ameríska tónlist, salsa, merengue, reggaeton, cumbia og fleiri dönsum.

**Skráning á öll námskeið er hafin í síma: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is**

# Fit . Pilates
## í Sporthúsinu

**Fit Pilates eru vandaðar styrktar- og jafnvægisæfingar sem styrkja, kvið, bak, rass og læri. Fit Pilates eykur liðleika og gefur lengri og fallegri vöðva.**

**6 vikna námskeið hefjast 4. & 5. apríl**
**ATH! lækkað námskeiðagjald**

**Fit Pilates - 4. apríl**
mán + mið + fös kl: 16.30
Kennari: Hildur Sigurðar
Verð: 17.900 kr.

**Fit Pilates Power (frh.) - 4. apríl**
mán + mið + fös kl: 17.30
Kennarar: Hildur Sigurðar & Rakel Guðbjörns
verð: 17.900 kr.

**Fit Pilates kvöld - 5. apríl**
þri + fim kl: 19.30
Kennari: Rakel Guðbjörns.
verð: 15.900 kr.






Fyrirspurnir og skráning í s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is
Nánari upplýsingar á www.sporthusid.is

**SPORTHÚSIÐ**
heilsurækt fyrir alla
DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050

> **Will Smith**

„Það má gráta, það er engin skömm að því.“

***Will Smith leikur óvinsæla ofurhetju sem leitar til kynningarfulltrúa til að laga ímynd sína og vinna traust almennings á ný í spennumyndinni Hancock sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SVAVAR HÁVARÐSSON **LEIT VIÐ Á BRYGGJUNNI**

## *Fátækir hafa eitt atkvæði eins og þeir ríku*

Það er frekar sjaldgæft að framleiddar séu afburðagóðar þáttaraðir fyrir sjónvarp. Ein þeirra er án efa Boardwalk Empire, saga kostulegra manna í óvenjulegu umhverfi bannáranna í Bandaríkjunum í kringum 1920. Gæðin koma engum á óvart og fingraför leikstjórans Martins Scorsese og Terence Winter, höfundar The Sopranos, eru greinileg. Sögusviðið er borgin Atlantic City, sem lengi vel var svo gott sem undanskilin bandarískum lögum. Söguhetjan er Enoch „Nucky“ Thompson, sem snillingurinn Steve Buscemi hefur lýst sem hlutverki lífs síns. Þekktari karakterar bandarísks þjóðlífs á millistríðsárunum; Al Capone, Lucky Luciano og Arnold Rothstein, gefa handritshöfundum einstakt tækifæri til að segja áhugaverða sögu.

En hver var þessi náungi sem sagan hverfist um? Fyrirmyndin Enoch Lewis Johnson vann sig á undrastuttum tíma frá því að vera lögreglufulltrúi til þess að vera einn valdamesti maður



landsins. Einhverjir vilja kalla hann stjórnmálamann en flestir glæpamann sem notaði pólitísk áhrif til að að reka áfram veldi sitt. Og þó að sögupersónan sé kostuleg virðist sem heldur sé dregið úr en hitt.

Nucky klæddi sig ávallt óaðfinnanlega og hvern dag var nýskorin rauð nellika í boðungnum. Bleikir eðalsteinar skrýddu dýra hringi á fingrum hans og farartækið var púðurblár Rolls Royce. „Fátækir hafa eitt atkvæði eins og þeir ríku,“ er haft eftir Nucky, sem gjarnan var viðstaddur jarðarfarir ef ætt hins látna var mannmörg. Syrgjendur fengu gjarnan far heim með Nucky og nokkra dollara fyrir útgjöldum.

Fylgdarkonur komu og fóru en Nucky þoldi ekki kvenhylli tónlistarmannanna sem fylltu klúbbana hans. „Varir fegurðardísa smakkast eins og saxófónn,“ kvartaði mógúllinn. Þrátt fyrir manngæskuna stýrði hann með krepptum hnefa og er á lista yfir 100 nafntoguðustu glæpamenn sem ríkið New Jersey hefur alið af sér.

### SJÓNVARPIÐ

**16.15 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)
**16.35 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (8:12) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Skordýrin í Sólarlaut** (41:43)
**18.23 Skúli skelfir** (34:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (19:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Skólahreysti** (2:6) Í Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
**20.40 Að duga eða drepast** (21:31) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á stórmótum.
**21.25 Návígi**
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Njósnadeildin** (3:8) (Spooks VIII) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Notting Hill**
**10.00 Back to the Future III**
**12.00 Mr. Bean**
**14.00 Notting Hill**
**16.00 Back to the Future III**
**18.00 Mr. Bean**
**20.00 Hancock**
**22.00 The Kite Runner**
**00.05 Casino Royale**
**02.25 Johnny Was**
**04.00 The Kite Runner**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Flipping Out** (2:9)
**11.00 The New Adventures of Old Christine** (10:22)
**11.25 Wonder Years** (4:17)
**11.50 Tim Gunn's Guide to Style** (8:8)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 America's Got Talent** (23:26)
**14.20 America's Got Talent** (24:26)
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Ben 10**
**15.53 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (2:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (3:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (19:23)
**20.10 Modern Family** (18:24)
**20.35 How I Met Your Mother** (1:24) Í gamanþáttunum How I Met Your Mother kynnumst við enn betur vinunum fimm.
**21.00 Bones** (1:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones.
**21.45 Burn Notice** (15:16) .
**22.30 Daily Show: Global Edition**
**22.55 Pretty Little Liars** (18:22)
**23.40 Hawthorne** (10:10)
**00.25 Ghost Whisperer** (2:22)
**01.10 Gladiator**
**02.50 Bones** (1:23)
**03.35 Two and a Half Men** (3:24)
**04.00 Tim Gunn's Guide to Style** (8:8)
**04.45 The New Adventures of Old Christine** (10:22)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 KR - Keflavík**
**16.45 KR - Keflavík** Útsending frá leik KR og Keflavíkur í undanúrslitum í úrslitakeppni Iceland Express deildar karla í körfuknattleik.
**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**19.00 Stjarnan - Snæfell** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og Snæfells í undanúrslitum Iceland Express deildarinnar í körfuknattleik.
**21.00 Þýski handboltinn: Füchse Berlin - Gummersbach** Útsending frá leik Füchse Berlin og Gummersbach í þýska handboltanum.
**22.30 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**23.20 Stjarnan - Snæfell** Útsending frá leik Stjörnunnar og Snæfells í undanúrslitum Iceland Express deildar karla í körfuknattleik.
**01.05 Þýski handboltinn: Füchse Berlin - Gummersbach** Útsending frá leik Füchse Berlin og Gummersbach í þýska handboltanum.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.35 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**19.00 Blackpool - Wigan** Útsending frá leik Blackpool og Wigan i ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Man. City - Chelsea** Útsending frá leik Man. City og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.00 Everton - Liverpool** Útsending frá leik Everton og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**07.20 Spjallið með Sölva** (6:16)
**08.00 Dr. Phil** (143:181)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Dr. Phil** (144:181)
**18.10 Got To Dance** (12:15)
**19.00 Being Erica** (7:13)
**19.45 Whose Line Is It Anyway?** (32:39) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**20.10 Matarklúbburinn - NÝTT** (1:7) Hrefna Rósa Sætran snýr aftur í nýrri þáttaröð af Matarklúbbnum. Í næstu þáttum mun fólk af erlendum uppruna en búsett á Íslandi kynna matargerðarhefðir sínar.
**20.35 Innlit: útlit** (4:10)
**21.05 Dyngjan** (7:12) Konur kryfja málin til mergjar í Dyngjunni, glænýjum sjónvarpsþætti undir stjórn kjarnakvennanna Nadiu Katrínar Banine og Bjarkar Eiðsdóttur.
**21.55 The Good Wife** (10:23)
**22.45 Makalaus** (4:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós og fjalla um Lilju Sigurðardóttir sem er einhleyp stúlka í Reykjavík og stendur á tímamótum.
**23.15 Jay Leno** (221:260)
**00.00 CSI** (11:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
**00.25 Pepsi MAX tónlist**
**00.50 The Good Wife** (10:23)
**01.35 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁR*GOLF*

**08.10 Arnold Palmer Invitational** (1:4)
**11.10 Golfing World** (50:240)
**16.00 Ryder Cup Official Film 2002**
**18.00 Golfing World** (52:240)
**18.50 PGA Tour - Highlights** (12:45)
**19.45 World Golf Championship 2011 - Dagur 4** (4:4)
**23.30 Golfing World** (52:240)
**00.00 Golfing World** (52:240)
**00.20 ESPN America**
**00.50 Arnold Palmer Invitational** (2:4)
**06.00 ESPN America**

### EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Gossip Girl** (7:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Jamie Oliver's Food Revolution** (1:6) Í þessari Emmy-verðlaunaþáttaröð ferðast sjónvarpskokkurinn geðþekki til Bandaríkjanna í þeim ásetningi að berjast gegn offitu, hjartasjúkdómum og sykursýki sem er sívaxandi vandamál.
**22.40 The Event** (13:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök. Ásamt kærustu sinni lendir hann á flótta og áður en þau vita af eru þau orðin flækt í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.
**23.25 Nikita** (4:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum. Njósnakvendið Nikita flýr þjónustuna og hyggur á hefndir.
**00.10 Saving Grace** (4:14)
**00.55 Gossip Girl** (7:22)
**01.40 The Doctors**
**02.20 Sjáðu**
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Yngvi Örn og Jafet. Beina brautin torsóttari en við var búist
**21.00 Græðlingur** Vitið þið að mold er ekki bara mold?
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór heitir úr þingsal.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00

### Bones



Félagarnir Brennan og Booth snúa nú aftur í þessum gamansömu og rómantísku spennuþáttum. Tekinn verður upp þráðurinn þar sem frá var horfið í lok síðustu þáttaraðar þegar þau héldu hvort í sína áttina en eru nú kölluð aftur til starfa til að rannsaka morð á ungum dreng.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hagleikur **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Fimm fjórðu **23.08** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**09.45** Deal or No Deal **10.20** EastEnders **10.50** Top Gear **11.40** Keeping Up Appearances **12.10** ,Allo ,Allo! **12.40** Fawlty Towers **13.10** Dalziel and Pascoe **14.00** Dalziel and Pascoe **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** ,Allo ,Allo! **17.00** Fawlty Towers **17.30** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** The Office **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Live at the Apollo **23.00** EastEnders

### DR 1

**12.00** Herlufsholm **12.30** Ulandsamatøren **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Lille Nørd **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Kender du typen **18.30** Snydt igen **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Maria Wern: Fremmed fugl **20.45** Maria Wern: Fremmed fugl **21.30** OBS **21.35** Gintberg på kanten **22.05** Ja, vi elsker

### NRK 1

**12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** NRK nyheter **14.10** Nummer 1 **14.50** Tradisjonshandverk **15.00** NRK nyheter **15.10** Vår aktive hjerne **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Magasin **18.15** Kjærlighetshagen **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Brennpunkt **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Ari og Per **22.15** Bakrommet: Fotballmagasin **22.45** Skavlan **23.45** Svisj gull

### SVT 1

**10.35** Det söta livet **11.05** Stjärnsmäll i frukostklubben **12.40** Flight of the Conchords **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Notes From the Underbelly **14.30** Så ska det låta **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Huset fullt av hundar **19.00** Veckans brott **20.00** Dox **21.20** Två kockar i samma soppa **22.10** Gynekologen i Askim **23.10** Rapport


Ný

RISASYRPA

er komin í Eymundsson




Tilboð gildir til og með 31.03.11

512 Blaðsíður

Þyrstir þig í framandi upplifanir í Asíu?

Byrjaðu þá að lesa!

TILBOÐ!
2.290 kr.
~~2.690~~ kr.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872





60+ Styrkjum stoðkerfið

Frábært heilsunámskeið fyrir fólk á öllum aldri sem vill auka lífsgæði sín í góðum félagsskap.

- 2 fastir tímar (þri/fim. kl. 13-14)
- 1-2 styrktartímar í tækjasal undir leiðsögn þjálfara
- Einstaklingsmiðaðar æfingar
- Mikill stuðningur og fræðsla
- Eftirfylgni og umhyggja

Hefst 5. apríl

Skráning 444-5090

NORDICASPA
Hilton Reykjavík Nordica - Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090 - www.nordicaspa.is

## MORGUNMATURINN



*„Ég borða alltaf skyrdrykk og Kelloggs Special K á morgnana. Var reyndar að lesa að það er svo mikill sykur í því, það má því segja að ég sykri mig upp fyrir daginn.“*

Elmar Johnson, læknanemi og fyrirsæta

# María Birta í einkaflugmannsnám

„Áramótaheitið mitt var að gera eitthvað nýtt í hverri viku. Í þessari viku ákvað ég að læra flugmanninn en í þeirri síðustu litaði ég hárið á mér bleikt,“ segir María Birta Bjarnadóttir, leikkona og verslunareigandi.

María Birta stefnir á að skella sér í einkaflugmannsnám strax í haust en hana hefur lengi dreymt um að fljúga um loftin blá. „Mamma mín er flugfreyja og amma var flugfreyja. Mig langaði ekkert í það starf heldur dreymdi mig um að stýra vélinni,“ segir María Birta en hún er svo sannarlega með mörg járn í eldinum enda að undirbúa sig undir aðalhlutverkið í myndinni Svartur á leik ásamt því að reka tvær verslanir í miðbænum.

María Birta hefur ákveðið að sameina báðar búðir sínar, Altari og skóverslunina Maníu, í húsnæði þeirrar síðarnefndu „Vinkona mín kom með þessa hugmynd fyrir nokkrum dögum en ég var ekki alveg viss enda erfitt að loka einhverju sem þér þykir orðið svona vænt um. En það er auðveldara og hagstæðara að reka eina búð en tvær. Nú er ég byrjuð að pakka Altari ofan í kassa og ætla að fara að ráðast í breytingar á Maníu eftir nokkra daga,“ segir María Birta en Altari lokaði í gær.

„Ég var með köfun, að læra að spila á gítar og fara í einkaflugmanninn á lista yfir hluti sem ég vildi gera á þessu ári. Ég læri köfun í sumar, keypti mér gítar fyrir stuttu og búin að taka ákvörðun um flugnám. Þetta er því allt að smella.“ - áp



**VERSLUNAREIGANDI, KAFARI, LEIKKONA OG FLUGMAÐUR** María Birta Bjarnadóttir er með mörg járn í eldinum en hún ætlar að láta drauminn rætast og fara í flugmannsnám. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þorsteinn Joð fann útrásarmatarstellið

„Ég hafði uppi á þeim sem hafði keypt allt dótið þegar það kom til landsins haustið 1968 og svo hringdi í mig dóttir eins úr stjórninni sem átti eina fjórtán diska, bolla og grunna diska úr stellinu. Úr því varð svo líka viðtal sem styrkir mjög lokakafla myndarinnar,“ segir Þorsteinn J. Vilhjálmsson kvikmyndagerðarmaður.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur Þorsteinn unnið að gerð heimildarmyndar um fyrsta útrásarævintýri Íslands, veitingastaðinn Iceland Food Center, sem var opnaður í London árið 1965 og átti að sigra breska bragðlauka. Þorsteinn var kominn með öll púsl sínar hendur fyrir utan matarstell veitingastaðarins sem virtust hafa gufað upp eftir að hafa verið sent með Goðafossi til Íslands árið 1968. En nú er stellið sem sagt komið í leitirnar og heimildarmyndin nánast tilbúin til sýningar, hún verður frumsýnd um páskana á Stöð 2.

Myndin er að mestu leyti byggð á gögnum sem Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur fann í skjalasafni Ríkisins, reikningar, myndir og bréf. „En myndin er líka samanburður á tveimur gerólíkum heimum, Reykjavík 1965 og svo London 1965, og hvað þessi hættulega blanda af mikilmennskubrjálæði og minnimáttarkennd getur leikið okkur hart.“ - fgg



**STELLIÐ KOM Í LEITIRNAR** Þorsteinn Joð fann síðasta púslið í heimildarmynd sína um veitingastaðinn Iceland Food Center, fyrsta útrásarævintýri Íslendinga.



**HRIKALEGUR** Baldur Borgþórsson þykir ákaflega vinalegur í útliti en hefur eflaust hrætt marga með frammistöðu sinni sem lífvörður í sjónvarpsþáttunum Pressu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BALDUR BORGÞÓRSSON: ÁKVAÐ AÐ HORFA EKKI Á SJÁLFAN MIG Í PRESSU

# Í tryllingsgírnum í sjö tíma

„Ég verð bara hugsi og reyni að vera alvarlegur og þá lít ég svolítið hrikalega út,“ segir Baldur Borgþórsson, einkaþjálfari hjá World Class.

Frammistaða Baldurs í sjónvarpsþáttaröðinni Pressu hefur vakið töluverða athygli en hann leikur einkalífvörð Gísla Arnar Garðarssonar í þáttunum (þeim sem vilja horfa á einhverja af endursýningum Pressu er bent á að lesa ekki lengra). Á sunnudagskvöld framdi persóna Baldurs sjálfsmorð í fremur óhugnanlegu atriði inni í sturtuklefa líkamsræktarstöðvar eftir heljarinnar eltingarleik við lögregluna og Láru blaðakonu. Baldur viðurkennir að það hafi verið svolítið maus að taka upp þetta atriði. „Ég var svolítið búinn á því, maður varð að setja sig í tryllingsgírinn og vera í honum í kannski sjö klukkustundir. Sem er mjög orkufrekt og þetta var því erfiðara en nokkur æfing sem ég hef tekið þátt í.“

Baldur hefur ekki áður reynt fyrir sér á leiklistarsviðinu og er eiginlega handviss um að Óskar Jónasson, leikstjóri þáttanna, eigi sökina á því að hann hafi endað fyrir framan tökuvélarnar. „Hann er að æfa hérna í World Class og hefur eflaust heyrt í mér þegar ég er að æfa, það er svolítil fyrirferð í mér þegar ég tek á því,“ segir Baldur, sem fór þó í prufur og hreppti því hlutverkið eftir hinum hefðbundnu leiðum sjónvarps- og kvikmyndabransans. Og þegar kom í ljós að hlutverkið væri hans hvatti eiginkonan hann til stíga út fyrir þægindahringinn og prófa eitthvað nýtt.

Baldur segir það hafa verið frábæra upplifun að taka þátt í þessu verkefni „Þetta gekk allt alveg rosalega vel og mér leið eins og ég hefði aldrei gert neitt annað. Leikarar, tökufólk og bara allir létu manni líða þannig.“ Baldur viðurkennir hins vegar að hann hafi ekki séð tvo fyrstu þættina þar sem hann kemur töluvert við sögu. „Við frúin ákváðum bara að hafa þetta þannig, að við myndum ekki horfa á þá. Ég ætla því bara að byrja að horfa á sunnudaginn næsta.“

freyrgigja@frettabladid.is







# Úr þungarokki í þjóðlagapopp

„Ég er miklu mýkri en leðurjakkinn gefur til kynna,“ segir Kristján B. Heiðarsson, trommari og forsprakki þungarokkssveitarinnar Changer.

Kristján, sem starfar sem leikskólakennari, hefur gefið út stuttskífuna From This Day Forward þar sem hann spilar og syngur þjóðlagaskotin popplög sem eru órafjarri þeirri tónlist sem hann hefur hingað til flutt. „Það hafa margir verið að benda mér á að þeir hafi ekki átt von á svona fjölbreytni frá mér. Það er gaman að koma á óvart,“ segir Kristján og viðurkennir að ekki séu allir jafnsáttir við tónlistarsmekk sinn. „Ég hef lent í mörgum rifrildum við félaga mína um það sem ég hlusta á sem telst ekki gjaldgengt í metalheiminum. En ég er bara á því að góð tónlist er góð tónlist, alveg sama hvaða stefnu hún tilheyrir. Ég hlusta bara á það sem mér sýnist og það kemur engum öðrum við,“ segir hann léttur.

Lögin þrjú sem eru á stuttskífunni voru tilbúin fyrir tveimur árum. „Eins og kannski heyrist í textunum snýst þetta um stúlku. Þessi lög eru ákveðið uppgjör við nokkurra ára tímabili í mínu lífi og þess vegna vildi ég koma þessu frá mér áður en ég færi gera meira,“ segir Kristján, sem er að undirbúa stóra sólóplötu sem verður öll sungin á íslensku.



**ÚR ÞUNGAROKKI Í POPPIÐ** Kristján B. Heiðarsson fetar nýjar slóðir á nýrri stuttskífu sem nefnist From This Day Forward. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds sér um hljómborðsleik og forritun á stuttskífunni, auk þess að eiga heiðurinn af upptökum og hljóðblöndun. Til að byrja með verður From This Day Forward eingöngu fáanleg í gegnum tónlistarveituna Gogoyoko.com. -fb

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

SPILUM SAMAN



# 15% afmælis-afsláttur af öllum lyfjum

Í tilefni af 15 ára afmæli Lyfju veitum við **15% afslátt** af hlut sjúklings í lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölu-lyfjum dagana **28. og 29. mars.**

## Náttúruleg slökun

**15% afmælis afsláttur**




Krampar, sinadráttur, svefnleysi og hormónaójafnvægi?
Betri slökun á meðan þú sefur.

*Tilboðið gildir til 11. apríl.*

## Heelen

**15% afmælis afsláttur**



Verkjar þig í fæturna?
Heelen hefur að bjóða einfaldar lausnir við erfiðum vandamálum.
Ekki þjást að óþörfu.

*Tilboðið gildir til 11. apríl.*

## VEGA vítamín

**15% afmælis afsláttur**




VEGA vítamín eru þekkt fyrir gæði og hafa hlotið fjölda viðurkenninga. Þau eru gæðavottuð samkvæmt GMP-stöðlum enda án rotvarnarefna, litarefna og bragðefna.

*Tilboðið gildir til 11. apríl.*

## AstaZan

**15% afmælis afsláttur**

Lifestream AstaZan er eitt eftirsóttasta andoxunarefnið í dag. Sjúkraþjálfarar og íþróttafólk í fremstu röð mæla með því fyrir aukin liðleika og styrk, gott gegn harðsperrum og vöðvabólgu. Inniheldur lútein sem er vörn fyrir augu. Með AstaZan styrkist húðin og verður þéttari mýkri og fallega brún í sól.




*Tilboðið gildir til 11. apríl.*

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 54198 03/11

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kominn með hlutverk

Leiðin á toppinn í Hollywood er oft býsna grýtt og margir gefast upp á miðri leið. Leikarinn **Darri Ingólfsson** er ekki einn þeirra því hann heldur ótrauður áfram að eltast við drauminn. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu landaði hann hlutverki í Samsung-auglýsingu og samkvæmt kvikmyndavefsíðunni imdb.com hefur Darri verið ráðinn í lítið aukahlutverk í kvikmyndinni Joshua Tree, 1951: A Portrait of James Dean. Darri mun leika prestinn James DeWeerd sem var stórleikaranum James Dean innan handar á erfiðum tímum en eins og nafnið gefur til kynna fjallar hún einmitt um bandaríska leikarann sem dó langt fyrir aldur fram.



**- fgg**

### Pollagallaferð

**Einar Bárðarson**, skipstjóri á útvarpsstöðinni Kananum, hefur breytt um lífsstíl. Átakið hefur fengið talsverða athygli og var meðal annars á milli tannanna á þeim Audda og Sveppa á Stöð 2 á föstudag. Hluti af breyttum lífsstíl Einars er einkaþjálfun hjá handboltasnillingnum Loga Geirssyni. Ein af áskorunum Einars í gegnum Fésbókarsíðu Kanans er að hann hjóli í vinnuna í dag fái síðan nógu mörg „like". Sumum þætti slíkt lítið mál. Fyrir þá sem ekki vita býr Einar í Njarðvík en Kaninn er til húsa í Skeifunni. Þar á milli eru 45 kílómetrar. Ekki er útlit fyrir gott veður en spáin hljóðar upp á slyddu og stöku skúrir.



**- jab**

### Mest lesið vísir

1. Fálkaorða til sölu á 170 þúsund
2. Ekki svaravert segir borgarstjóri
3. Skemmdarverk unnin á húsnæði Landsbankans
4. Útilokar ekki skattahækkanir
5. Maður á íslenskum hesti fann týndan dreng





